

# ÚTTEKT Á STARFSEMI

*Kvennaskólinn í Reykjavík*

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið  
20. febrúar 2014

**ATTENTUS**  
mannauður & ráðgjöf

*Árný Elíasdóttir, Ásta Þorleifsdóttir  
og Sveinborg Hafliðadóttir*



## Úttekt á starfsemi Kvennaskólans í Reykjavík 2014

Úttekt þessi er unnin á vegum Attentus - mannaður og ráðgjöf, fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum, starfsfólki og nemendum ásamt fulltrúum skólanefndar og foreldraráðs fyrir aðstoðina við gagnaöflun og samstarf á meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík, 20. febrúar 2014

Árný Elíasdóttir, Ásta Þorleifsdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir

## Efnisyfirlit

<b>SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM .....</b>	<b>5</b>
<b>1. INNGANGUR .....</b>	<b>8</b>
1.1. Gagnaöflun.....	8
<b>2. SKÓLINN OG UMHVERFI HANS .....</b>	<b>9</b>
2.1. Nemendur .....	9
2.1.1. Aðsókn og inntaka nemenda.....	10
2.1.2. Brottfall nemenda .....	11
2.1.3. Árlegur kennslutími, forfallakennsla og kennslustundir sem nemendur hafa orðið af vegna forfalla kennara .....	11
2.2. Mannauður .....	12
2.2.1. Starfsaldur, starfsmannavelta og starfsmannasamtöl .....	12
2.2.2. Menntun kennara og móttaka nýrra starfsmanna .....	13
2.2.3. Sí- og endurmenntun .....	14
2.2.4. Starfsánægja .....	14
2.3. Áherslur og stefna skólans.....	15
2.3.1. Þróunarverkefni skólans í tengslum við innleiðingu laga um framhaldsskóla frá árinu 2008 .....	16
2.3.1. Stefna og viðbragðsáætlun í eineltismálum .....	20
2.3.2. Jafnréttisstefna .....	21
2.3.3. Forvarnar- og lýðheilsustefna.....	21
2.3.4. Heilsueflandi framhaldsskóli .....	22
2.3.5. Umhverfisstefna .....	23
2.3.6. Sérstakar áherslur sem sveitarfélagið hefur lagt.....	24
2.4. Húsnæði og aðbúnaður.....	24
2.4.1. Eftirlit úttektaraðila .....	25
2.4.2. Öryggisfulltrúi skólans .....	25
2.5. Lög og reglugerðir.....	26
2.6. Áhrif hagræðingaradgerða í kjölfar efnahagshrunsins .....	26
2.7. Námsbrautir .....	26
2.7.1. Félagsvísindabraut .....	26
2.7.2. Náttúruvísindabraut.....	27
2.7.3. Hugvísindabraut.....	27
2.7.4. Brautabréf .....	27
2.8. Mat úttektaraðila .....	28
<b>3. SKÓLANÁMSKRÁ .....</b>	<b>31</b>
3.1. Endurskoðun skólanámskrár .....	31
3.1.1. Grunnþættir menntunar .....	32
3.2. Tengsl skólastiga .....	32

3.3. Námsmat.....	33
3.3.1. Árangur og einkunnir .....	35
3.4. Mat úttektaraðila .....	36
<b>4. STJÓRNUN OG REKSTUR .....</b>	<b>37</b>
4.1. Stjórnskipulag og skipurit .....	38
4.1.1. Skólaráð.....	39
4.1.2. Skólanefnd.....	39
4.2. Ákvarðanatataka .....	41
4.3. Nemendafélag.....	41
4.4. Mat úttektaraðila .....	42
<b>5. NÁM OG KENNSLA.....</b>	<b>44</b>
5.1. Fjölbreytni.....	44
5.2. Kennsluhættir .....	44
5.2.1. Jafnréttiskennsla.....	46
5.3. Lýðræði .....	46
5.4. Þróunarverkefni .....	47
5.5. Mat úttektaraðila .....	47
<b>6. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI.....</b>	<b>49</b>
6.1. Líðan og velferð nemenda .....	49
6.2. Einelti og agamál.....	51
6.3. Félags- og tómstundastarf .....	53
6.4. Jafnrétti meðal nemenda .....	53
6.5. Náms- og starfsráðgjöf .....	54
6.6. Forvarnatými og áfallaráð .....	55
6.7. Mat úttektaraðila .....	55
<b>7. INNRA MAT .....</b>	<b>57</b>
7.1. Fyrirkomulag og framkvæmd .....	57
7.2. Þátttaka starfsmanna, nemenda og foreldra í innra mati.....	58
7.3. Mat á frammistöðu kennara .....	58
7.4. Umbætur og eftirfylgni á grundvelli sjálfsmats .....	58
7.5. Mat úttektaraðila .....	59
<b>8. FORELDRASAMSTARF OG YTRI TENGSL.....</b>	<b>60</b>
8.1. Foreldraráð .....	60
8.2. Samstarf við grenndarsamfélag .....	61
8.3. Lýðræði og þátttaka .....	61
8.4. Upplýsingaflæði.....	61
8.5. Mat úttektaraðila .....	62
<b>9. NEMENDUR MEÐ SÉRÞARFIR .....</b>	<b>63</b>

9.1. Almenn stöðþjónusta.....	63
9.3. Mat úttektaraðila .....	64
<b>10. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA .....</b>	<b>65</b>
10.1. Styrkleikar og veikleikar .....	65
10.3. Tillögur að aðgerðum til úrbóta.....	65
10.3.1. Skólinn.....	65
10.3.2. Skólanefnd.....	66
10.3.3. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.....	66
<b>HEIMILDIR.....</b>	<b>68</b>
<b>VIÐAUKAR.....</b>	<b>70</b>
Viðauki I – Umsagnir kennara um samstarf vegna kennslu.....	70
Viðauki II – Niðurstöður Framhaldsskólapúlsins 2013.....	72
Viðauki III - Svör kennara um hvort og hvernig námsmatsaðferðir hafi breyst við innleiðingu á lögum um framhaldsskóla frá árinu 2008.....	73
Viðauki IV – Tillaga að uppröðun í skólanámskrá Kvennaskólans .....	75

## SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

---

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Kvennaskólans í Reykjavík á grundvelli 42. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og samkvæmt þriggja ára áætlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úttektir á framhaldsskólastigi. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og að veita almennt upplýsingar um starfsemi hans. Lagt var mat á stjórnun og rekstur, skólanámskrá, þróunarverkefni, nám og kennslu, innra mat, skólabrag og samskipti, samstarf við foreldra, sérþarfir nemenda, kannað hvort innra mat skólans mætir ákvæðum aðalnámskrár og þörfum skólans o.fl. Ennfremur var starfsemi skólans metin út frá aðalnámskrá 2011.

Kvennaskólinn í Reykjavík (Kvennó) var stofnaður árið 1874 og er einn allra elsti skóli landsins. Sérstaða skólans er að sameina kosti bekkja- og áfangakerfis. Framtíðarsýn og stefna skólans er að hann þróist áfram í takt við strauma og stefnur í menntamálum ungs fólks á hverjum tíma ásamt því að byggja á grunnþáttum menntunar sbr. aðalnámskrá 2011. Skólinn leggur m.a. áherslu á að veita nemendum sem besta menntun, sinna öllum nemendum vel, auka samfélagslega meðvitund nemenda, metnað og ábyrgð í námi ásamt persónulegum og hlýlegum samskiptum.

Skólinn hefur unnið að innleiðingu laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 frá útgáfuári þeirra. Helsta breytingin á skólastarfinu er stytting námstíma með ákveðnum sveigjanleika, nýjar námsbrautir og endurskoðun kennsluhátta og námsmats. Skólinn er kominn vel á veg með nýja skólanámskrá skv. aðalnámskrá. Margir hafa komið að vinnunni, mest þó kennarar, en virkja má nemendur, aðra starfsmenn, foreldraráð og skólanefnd betur.

Skólinn hefur náð settum markmiðum um styttingu meðal námstíma í þrjú og 1/3 ár, kennsluhættir og námsmat er fjölbreyttara og prófadagar færri. Taka ber tillit til þess að meirihluti nemendahóps skólans lauk grunnskóla með framúrskarandi árangri. Áætlaður sparnaður með tilkomu nýja kerfisins er 8%. Eftir breytinguna hafa hlutfallslega færri nemendur staðist próf en áður sem gæti skýrst af því að lágmarkseinkunn í hverri námsgrein var hækkuð úr fjórum í fimm haustið 2011 auk þess sem almenn braut var stofnuð við skólann. Þá hefur brottfall einnig aukist. Misjafnar skoðanir komu fram meðal viðmælenda um nýtt skipulag og námsbrautir skólans. Oft var nefnt að námið væri nú markvissara og skipulagðara en áður en einnig nefndu margir viðmælendur að mikið álag væri á nemendum og skóladagur þeirra langur.

Skipurit skólans, starfslýsingar og ábyrgðarskipting stjórnenda liggja fyrir. Ekki er unnt að meta hvort skipuritið hentar vel stærð hans og verkefnum skólans þar sem breytingar á því voru gerðar haustið 2013. Í yfirstjórn skólans eru tvær konur en hlutfall

kynja í allri stjórnun endurspeglar hlutfall karla og kvenna við skólann. Hluti starfsmanna telur skiptingu ábyrgðar milli skólameistara, aðstoðarskólameistara og námsstjóra ekki nægilega skýra. Skólanefnd er samráðsaðili skólameistara um ýmis mál en ætti að koma enn frekar að stefnumótun hans. Skólaráð fundar reglulega og kemur m.a. að málefnum einstakra nemenda, félagslífi nemenda og húsnæðismálum. Fundargerðir ráðsins eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Kennarar hafa almennt góðan aðgang að stjórnendum og faglegt frelsi þeirra er mikið. Þeir hafa allir full réttindi til kennslu í framhaldsskóla. Við skólann starfa tveir náms- og starfsráðgjafar og ráðgjöf er vel sinnt. Þjónusta þeirra hefur verið skert þá einna helst er snýr að forvörnum en starfshlutfall þeirra hefur ekki aukist samhliða fjölda nemenda. Skólinn hefur ekki formlegt ferli fyrir móttöku nýrra kennara en sinnir henni þó með ýmsum hætti. Formleg sí -og endurmenntunarstefna og -áætlun er ekki til staðar og framboð á endurmenntun kennara virðist ekki alltaf nægilegt en fer einna helst eftir virkni fagfélaga. Skv. starfsmannastefnu skólans skulu starfsmannasamtöl fara fram a.m.k. á þriggja ára fresti. Starfsmenn hafa ekki farið í formlegt starfsmannasamtal síðan skólaárið 2006 – 2007.

Húsnæði og aðbúnaður skólans uppfyllir ekki þarfir hans, þó mikil bót hafi orðið með viðbótar húsnæði. Svo virðist sem hagræðingaradgerðir í kjölfar efnahagshruns hafi að miklu leyti komið niður á valáföngum nemenda, kaupum á tækjabúnaði og rekstrarvörum, aðbúnaði og viðhaldi.

Námsframboð er fjölbreytt og virðist koma að mestu leyti til móts við þarfir nemendahópsins. Notaðar eru í auknum mæli fjölbreyttar kennsluáðferðir en ekki hefur að fullu verið útfærð stefna um kennsluhætti út frá aðalnámskrá 2011. Skólinn nýtir upplýsingatækni í starfi sínu en auka mætti þann þátt enn meira. Samræmdar kennsluáætlanir eru til fyrir alla áfanga og aðgengilegar á vef skólans. Byggð hafa verið upp margvísleg úrræði fyrir nemendur með sérþarfir og virðist þörfum þeirra vel sinnt. Einstaklingsbundnar námsáætlanir eru einungis nýttar þegar talin er þörf á. Stefna skólans er að nemendur vinni 18-24 klst í námi sínu fyrir hverja einingu og eru nemendur hvattir til að vinna vel í kennslustundum í skólanum til að spara tíma í heimanámi, en það virðist misjafnt á milli greina og kennara. Námsmat er fjölbreytt og ákvarða einstakir kennarar fyrirkomulag þess, en ekki liggur fyrir formleg stefna um námsmat. Kennslukannanir hafa ekki verið lagðar fyrir reglulega. Skólinn hefur síðustu ár unnið að þróunarverkefnum, t.d. innleiðingu laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og almennrar brautar við skólann.

Góður starfsandi er innan skólans og samskipti góð. Ánægja starfsmanna og ánægja með stjórnun skólans mælist á styrkleikabili (yfir 4,2) skv. niðurstöðum könnunnarinnar *Stofnun ársins* 2013. Mismunandi virðist hvernig tekið er á agamálum. Skólinn hefur sett

sér stefnu og viðbragðsáætlun í eineltismálum ásamt því að kanna einelti sérstaklega. Nemendafélag skólans heldur úti fjölbreyttri starfsemi. Stjórn þess er kosin til eins árs í senn og fulltrúar þess eru virkir í skólaráði og skólanefnd. Innra mat skólans uppfyllir að hluta viðmið laga og aðalnámskrár um innra mat. Flestir þættir skólasamfélagsins eru metnir og er skipulag og framkvæmd í höndum stjórnenda. Foreldraráð skólans virðist lítið virkt en gott samstarf ríkja milli foreldra og stjórnenda. Samstarf skólans við grenndarsamfélagið er mjög fjölbreytt.

Helstu styrkleikar skólans eru jákvæður skólabragur, umhyggja, vel menntaðir, faglega sjálfstæðir kennarar, sterkir nemendur, það að sameina kosti bekkjakerfis og áfangakerfis, fagleg vinnubrögð við útfærslu aðalnámskrár, ánægja með og traust til stjórnenda, stolt nemenda, starfsmanna og stjórnenda með skólann. Helstu veikleikar hans eru dreift húsnæði og skortur á fjármagni sem kemur m.a. niður á aðbúnaði og viðhaldi á húsnæði og skorti á fagstofum og möguleikum á valgreinum. Þá virðist sem langur skóladaður geti skapað álag hjá sumum nemendum og dregið úr virkni í félagsstarfi skólans.

Helstu tillögur til úrbóta eru að skólinn vinni áfram að útfærslu kennsluhátta og námsmats, hugað verði betur að markvissri endurmenntun starfsmanna, allir starfsmenn fari í starfsmannasamtal, leitast verði við að jafna hlut kynjanna í starfsmannahópnum, upplýst verði betur um ábyrgðaskiptingu stjórnenda, verkferla betur kynntir, efla þarf innra mat og meta áhrif fjölgunar nemenda á þjónustu náms- og starfsráðgjafa o.fl. Skólanefnd komi enn frekar að stefnumótun skólans. Mennta- og menningarmálaráðuneytið er hvatt til þess að meta hallarekstur skólans, hvort tekið sé tillit til húsnæðismála hans í fjárheimildum og grípa til viðeigandi aðgerða. Einnig að endurskoða hlutverk foreldraráðs í framhaldsskólum þar sem víða virðist erfitt að uppfylla skyldur skv. lögum.



## 1. INNGANGUR

---

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Kvennaskólans í Reykjavík. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemina. Ennfremur er markmið úttektarinnar að leggja mat á starfsemi skólans út frá kennslu skv. aðalnámskrá 2011. Í úttektinni er lagt mat á eftirfarandi þætti:

- Skólann og umhverfi hans.
- Skólanámskrá.
- Stjórnun og rekstur.
- Nám og kennslu.
- Skólabrag og samskipti.
- Innra mat.
- Samstarf við foreldra og ytri tengsl.
- Sérþarfir nemenda.
- Þróunarverkefni skólans í tengslum við innleiðingu laga um framhaldsskóla frá 2008 s.s. er varðar tímabundinn kostnað, hagræðingu, brottfall, grunnþætti menntunar, nýtingu skólaárs, námsmatsaðferðir, námshraða og námsframvindu á háskólastigi.

Í skýrslu þessari er í upphafi sagt frá gagnaöflun og aðferðum við úttektina. Síðan er gerð grein fyrir starfsemi skólans og niðurstöðum úttektarinnar. Þá er lýst styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum hans. Að lokum eru tillögur til úrbóta og viðaukar.

### 1.1. Gagnaöflun

Úttektin byggir á gögnum tengdum starfsemi skólans, viðtölum og skólaheimsóknum. Meðal þeirra gagna sem lögð eru til grundvallar úttektinni eru lög um framhaldsskóla, aðalnámskrá framhaldsskóla, skólanámskrá, áfangalýsingar, kennsluáætlanir, tölur um skólasókn, heimasíða skólans auk annarra gagna (sjá heimildaskrá). Gögn skólans voru til fyrirmyndar. Fundað var með skólameistara, aðstoðarskólameistara (hér eftir vísað í sem stjórnendur skólans), námsstjóra, fyrrverandi brautarstjórum, forstöðumanni bókasafns, náms- og starfsráðgjöfum, fulltrúum skólanefndar, fagstjórum, tveimur rýnihópum kennara, rýnihópi annarra starfsmanna, fulltrúum í foreldraráði og rýnihópi nemenda.

Úttektaraðilar völdu fulltrúa í rýnihópi kennara í samvinnu og samráði við formann kennarafélags skólans og trúnaðarmann kennara. Fulltrúar nemenda voru valdir í samráði við formann nemendafélagsins. Alls var rætt við 65 manns. Markmiðið með viðtölum og fundum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila til skólastarfsins og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins beinist að.

## 2. SKÓLINN OG UMHVERFI HANS

Kvennaskólinn í Reykjavík var stofnaður árið 1874 af Þóru og Páli Melsteð og er einn allra elsti skóli landsins. Upphaflega var skólahaldið á heimili þeirra hjóna við Austurvöll. Fjórum árum eftir stofnun létu hjónin rífa húsið og byggja annað stærra fyrir skólahaldið á eigin kostnað. Árið 1909 flutti skólinn í núverandi húsnæði hans að Fríkirkjuvegi 9. Fram til ársins 1977 var skólinn eingöngu fyrir stúlkur en frá þeim tíma hefur piltum fjölgað ár frá ári og eru nú um 38% nemenda. Skólinn varð framhaldsskóli árið 1979 og útskrifaði fyrst stúdenta árið 1982. Nú er skólinn í þremur byggingum að Fríkirkjuvegi 9, Fríkirkjuvegi 1 og Þingholtsstræti 37.<sup>1</sup>

Sérstaða skólans er að sameina kosti bekkja- og áfangakerfis. Skólinn býður nemendum upp á hefðbundið bóknám til stúdentsprófs ásamt almennri braut sem nefnist Brautabré. Nemendum gefst kostur á að ljúka námi á 3, 3,5 eða 4 árum. Kennsla byggir á bekkjakerfi en val nemenda eykst á seinni hluta námsins. Eitt helsta markmið Kvennaskólans í Reykjavík er að *veita nemendum haldgóða og vandada menntun og búa þá sem best undir frekara nám.*<sup>2</sup> Nemendur eru 654 og starfsmenn 67 í 56,93 stöðugildum, þar af 53 kennarar í 45,2 stöðugildum.<sup>3</sup>

### 2.1. Nemendur

Nemendur á haustönn 2013 voru 654. Skólinn hóf fyrir ári að útskrifa nemendur um áramót sem hefur áhrif á nemendafjölda á haust- og vorönn, að sögn stjórnenda. Kynjahlutfall nemenda var 63% konur og 37% karlar. Árið 2013 var yngsti nemandinn fæddur 1998 en sá elsti 1993. Meðalstærð námshópa má sjá í töflu 1. Tafla 2 sýnir fjölda nemenda við skólann árin 2010-2014. Nemendafjölda eftir námsbrautum á skólaárinu 2012 - 2013 má sjá í töflu 3.<sup>4</sup>

Tafla 1. Meðalstærð námshópa á skólaárinu 2012 - 2013

Námshópur	Haustönn 2012	Vorönn 2013
Félagsvísindabraut	25	24
Náttúruvísindabraut	24	23
Hugvísindabraut	24	22
Brautabré	18	17

1 Drög að skólanámskrá

2 Drög að skólanámskrá

3 Gögn frá skólameistara

4 Gögn frá skólameistara

Tafla 2. Fjöldi nemenda á árunum 2010-2014

Skólaár/annir	Samtals
Skólaárið 2010-2011	
• Haust	600
• Vor	592
Skólaárið 2011-2012	
• Haust	650
• Vor	643
Skólaárið 2012-2013	
• Haust	652
• Vor	603
Skólaárið 2013-2014	
• Haust	654
• Vor	621

Tafla 3. Kynjaskipting nemenda eftir námsbrautum á haustönn 2013

Námsbraut	Fjöldi	Hlutfall nemenda	Fjöldi drengja	Fjöldi stúlkna	Hlutfall drengja*	Hlutfall stúlkna*
Félagsvísindabraut	254	39%	86	168	36%	41%
Náttúruvísindabraut	313	48%	136	177	56%	43%
Hugvísindabraut	72	11%	9	63	4%	15%
Brautabré	15	2%	9	6	4%	1%

\* Ath. leiðrétt hefur verið fyrir kynjahlutfalli meðal nemenda skólans.

### 2.1.1. Aðsókn og inntaka nemenda

Umsóknum um skólavist hefur fjölgað um 230 frá fyrra skólaári, eða um 45%. Í töflu 4 má sjá inntöku og aðsókn í Kvennó.<sup>5</sup> Tafla 5 sýnir dreifingu nemenda eftir búsetu á vor- og haustönn 2013 en þeir koma alls staðar að af landinu.

Tafla 4. Inntaka og aðsókn í Kvennaskólann í Reykjavík.

Skólaár	Fjöldi umsókna	Fjöldi samþykktra umsókna	Hlutfall samþykktra umsókna
Skólaárið 2008	510	164	32%
Skólaárið 2009	636	161	25%
Skólaárið 2010	560	152	27%
Skólaárið 2011	512	220	43%
Skólaárið 2012	742	267	36%

Tafla 5. Dreifing nemenda eftir búsetu vor- og haustönn 2013.

Vorönn 2013		Haustönn 2013		Búseta
Fjöldi	%	Fjöldi	%	Nafn sveitarfélags
360	59,7	385	58,9	Reykjavík
66	10,9	70	10,7	Kópavogur
60	10,0	55	8,4	Seltjarnarnes
16	2,7	13	2,0	Garðabær/ Álftanes
39	6,5	48	7,3	Hafnarfjörður
25	4,1	28	4,3	Mosfellsbær
4	0,7	5	0,8	Reykjanesbær
3	0,5	5	0,8	Grindavík
4	0,7	4	0,6	Sandgerði
1	0,2	3	0,5	Vogar

<sup>5</sup> Sjálfsmatsskýrslur skólans 2008-2012

0	0	2	0,3	Akranes
2	0,3	4	0,6	Borgarnes
2	0,3	2	0,3	Stykkishólmur
0	0	1	0,2	Ólafsvík
1	0,2	1	0,2	Bolungarvík
2	0,3	2	0,3	Ísafjörður/Flateyri
2	0,3	3	0,3	Patreksfjörður
1	0,2	3	0,5	Hvammstangi
0	0	1	0,2	Blönduós
1	0,2	2	0,3	Siglufjörður/Ólafsfjörður
1	0,2	0	0	Húsavík
2	0,3	1	0,2	Reyðarfjörður
2	0,3	2	0,3	Selfoss
2	0,3	1	0,2	Hvolsvöllur
0	0	1	0,2	Hella
1	0,2	1	0,2	Flúðir
1	0,2	7	1,1	Hveragerði
1	0,2	0	0	Ölfus
4	0,7	3	0,5	Selfoss
0	0	1	0,2	Danmörk
603	100	654	100	

### 2.1.2. Brottfall nemenda

Að sögn stjórnenda hefur skólinn sett sér viðmið um að hafa brottfall sem allra lægst (2% eða minna). Aukið brottfall tengist nemendum á brautabré og að nemendur hafi einnig í auknum mæli fært sig milli skóla. Mikið sé gert til að sporna gegn brottfalli, t.a.m. hittast stjórnendur, náms- og starfsráðgjafar og umsjónarkennarar vikulega til þess að ræða úrræði fyrir nemendur sem eru að flosna upp úr námi. Fagstjórar bentu einnig á að lágmarkseinkunn hafi verið hækkuð við breytingu námstíma í þrjú ár og það geti einnig hafa aukið á brottfall nemenda, þá fylgi aukið álag styttingu námstíma sem ekki henti öllum. Tafla 6 sýnir brottfallshlutfall nemenda.<sup>6</sup>

Tafla 6. Brottfall nemenda

Skólaár	Fjöldi nemenda sem hurfu frá námi	Fjöldi nemenda sem fóru í aðra skóla	Brottfallshlutfall
2008 – 2009	14	6	2,5%
2009 – 2010	13	3	2,2%
2010 – 2011	12	4	2,0%
2011 – 2012	17*	10**	2,0%
2012 – 2013	26*	15	4%

\*ath. þar af voru 2 (2011-2012) og 3 (2012 – 2013) af brautabré sem svára til 10% brottfalls árið 2011 – 2012 en 16% brottfalls árið 2012 - 2013 á þeirri braut.

\*\*Tveir þeirra fóru til skiptinemadvalar erlendis

### 2.1.3. Árlegur kennslutími, forfallakennsla og kennslustundir sem nemendur hafa orðið af vegna forfalla kennara

Árlegur kennslutími skólaárið 2012-2013 voru alls 20.595 klukkustundir. Almenn stefna um forfallakennslu er á þann veg að nemendum er ekki veitt forfallakennsla vegna veikinda

<sup>6</sup> Sjálfsmatsskýrsla skólans árin 2008 - 2013

kennara nema um sé að ræða lengri forföll. Kennslustundir, sem nemendur hafa orðið af vegna forfalla kennara skólaárið 2012-2013 voru 398 klukkustundir eða 1,9% af heildar kennslustundum annar.<sup>7</sup>

## 2.2. Mannauður

Við skólann starfa 53 kennarar þar með talið 12 fagstjórar. Af þeim voru tveir í leyfi á haustönn, veikindaleyfi og barnsburðarleyfi. Einn kennari er í árs námsorlofi. Auk þess starfa við skólann námstjóri, skólameistari og aðstoðarskólameistari. Til yfirstjórnar skólans teljast skólameistari og aðstoðarskólameistari, báðar konur. Auk þeirra starfa við stjórnun skólans fjármála- og skrifstofustjóri, námstjóri og faktor, alls fjórar konur og einn karl. Ennfremur sinna þrjár kennarar stöðu verkefnastjóra í 5,6% starfshlutfalli hver; félagsmálafulltrúi, forvarnafulltrúi og verkefnisstjóri erlendra samskipta. Þá eru ótaldir 2 námsráðgjafar og 2 bókaverðir í hlutastörfum, umsjónarmaður og 3 starfsmenn mötuneytis. Starfsmenn eru 67 í 56,95 stöðugildum, þar af eru 25% karlar og 75% konur. Stöðugildi kennara við kennslu er 45,2, á haustönn 2013.<sup>8</sup>

Skólinn hefur starfsmannastefnu og er hún aðgengileg í drögum að skólanámskrá. Þar kemur fram að stefnan sé *viljayfirlýsing stjórnenda skólans til þess að gera Kvennaskólann í Reykjavík að góðum vinnustað þar sem gott og skapandi starf er unnið af áhugasömu, samstilltu, vel menntuðu og ábyrgðarfullu fólki í anda jafnréttis*. Í stefnunni er fjallað um ráðningar, móttöku nýrra starfsmanna, þróun í starfi/símenntun, starfsmannasamtöl, starfslok o.fl.<sup>9</sup>

### 2.2.1. Starfsaldur, starfsmannavelta og starfsmannasamtöl

Í starfsmannastefnu skólans segir: *Starfsmaður á rétt á starfsmannasamtali að minnsta kosti þriðja hvert ár*.<sup>10</sup> Skv. skólameistara hafa starfsmannasamtöl ekki farið fram síðan skólaárið 2006 – 2007 en þau séu fyrirhuguð á vorönn 2014. Þessu eru kennarar í rýnihópum, fagstjórar og aðrir starfsmenn skólans sammála en benda á að aðgengi að stjórnendum sé einstaklega gott. Þeir segja þó að mikilvægt sé að formleg starfsmannasamtöl fari fram reglulega og ekki sjaldnar en þriðja hvert ár.

Starfsmannaveltu skólans og ráðningar árin 2010-2013 má sjá í töflu 7 og í töflu 8 má sjá starfsaldur starfsfólks og kennara við skólann.<sup>11</sup> Skv. skólameistara hefur starfsmannavelta verið lítil og hafi margir starfsmenn unnið við skólann í áratugi.

7 Gögn frá skólameistara

8 Gögn frá skólameistara

9 Drög að skólanámskrá

10 Drög að skólanámskrá

11 Gögn frá skólameistara

Tafla 7. Yfirlit yfir starfsmannaveltu skólans árin 2010-2013

Ár	Hætta v.aldurs	Segja upp	Hætta v.tímabundinnar ráðningar	Sagt upp	Nýráðnir	Leyfi
2010	0	2	3	0	0	3
2011	1	1	1	0	7	0
2012	2	1	3	0	6	5
2013	0	0	0	0	8	3

Tafla 8. Meðalstarfsaldur starfsfólks skólans.

Starfsmenn	Meðal starfsaldur	Starfsaldur flestra
Allir starfsmenn	13,2 ár	0,5 og 2,5 ár
Kennarar	12,4 ár	0,5 ár

## 2.2.2. Menntun kennara og móttaka nýrra starfsmanna

*Leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari má aðeins veita þeim sem lokið hefur: 1). meistaraprófi frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga nr. 63/2006, á fræðasviði sem ráðherra viðurkennir til kennslu á framhaldsskólastigi; eða 2).öðru námi sem jafngildir meistaraprófi skv. 1. tölul. og ráðherra viðurkennir til kennslu á framhaldsskólastigi; eða 3).meistararéttindum í iðngrein sem nýtist til kennslu á framhaldsskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, auk 60 eininga náms í kennslu- og uppeldisfræði; eða 4).fullgildu lokaprófi í listgrein, tæknigrein eða verkgrein sem nýtist til kennslu á framhaldsskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, enda komi slík sérhæfing fram í leyfisbréfi. Skal menntun a.m.k. vera 270–300 námseiningar, þar af að lágmarki 60 námseiningar í kennslu og uppeldisfræði.<sup>12</sup>*

Allir kennarar skólans hafa full réttindi til kennslu í framhaldsskóla. Tafla 9 sýnir menntun kennara. Skólinn hefur útbúið skjal, hagnýtar upplýsingar fyrir nýja kennara, þar sem m.a. eru upplýsingar um heimasíðu skólans, húsnæði, vinnuaðstöðu, fundi, fjarvistir o.fl.<sup>13</sup> Samkvæmt stofnanasamningi skólans og Kennarasambands Íslands er veitt eitt launaþrep fyrir nýliða í kennslu (byrjandi) og sá kennari sem veitir nýliða leiðsögn hlýtur einnig eitt launaþrep vegna aukins álags.<sup>14</sup> Þessu eru kennarar í rýnihópi, fagstjórar, náms- og starfsráðgjafar sammála en segja þó að móttaka nýrra kennara sé á höndum hverrar deildar, mismunandi sé hvernig því sé háttað og er formleg handleiðsla algengari í stærri deildum skólans. Fram kom í rýnihópi kennara að hluti þeirra taldi að það hefði gagnast þeim við upphaf starfs ef hefði verið til handbók fyrir nýliða enda sé mikið um óskrifadar reglur í starfsemi skólans sem nauðsynlegt sé að festa á blað, s.s. varðandi prófsýningar, sjúkrapróf, námsmatsferli o.fl.

<sup>12</sup> Lög nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, 5. gr.

<sup>13</sup> Upplýsingar fyrir nýja kennara

<sup>14</sup> Stofnunar­samningur Kvennaskólans í Reykjavík og Kennarasambands Íslands

Tafla 9. Menntun kennara vorið 2014.

Menntun	Fjöldi
Minna en BA / BS / B.ed	0
BA / BS / B.ed auk kennslu réttinda	12
Viðbótarnám án MS	9
MA / M.sc / M. Ed	28
Doktorspróf	2

### 2.2.3. Sí- og endurmenntun

Skólinn hefur ekki sett sér sí- og/eða endurmenntunaráætlun.<sup>15</sup> Fagstjórar, náms- og starfsráðgjafar og kennarar í rýnihópum sögðu að sí- og endurmenntun færi að mestu leyti í gegnum fagfélög. Skólinn hefur sótt um styrki til endurmenntunar sem endurgreiðir kostnað vegna fyrirlesara sem fengnir eru til þess að flytja starfsþróunartengda fyrirlestra. Ennfremur hafi skólinn farið í fræðsluferðir erlendis. Að þeirra sögn hefur skólinn ekki getað sótt fé eða stýrt vali kennara varðandi sí- og endurmenntun nema með því að styðja við þá kennara sem sækja um starfsleyfi vegna menntunar. Að sögn kennara í rýnihópum er ætlast til þess að þeir sinni sí- og endurmenntun sjálfir og vel sé tekið í slíkar fyrirspurnir meðal stjórnenda. Þessu voru fagstjórar og fyrrverandi brautarstjórar sammála. Það sem hamli þeim í að sækja sér endurmenntun sé fyrst og fremst kennsla þar sem flest námskeið og fyrirlestrar séu haldnir á vinnutíma. Því þurfi ýmist að fella niður kennslu eða finna kennara til að leysa viðkomandi af. Kennarar í rýnihópum benda þó einnig á að ákveðin sí- og endurmenntun fari fram á kennarafundum, vinnufundum, kynningum á nýjungum ásamt því að skólinn standi fyrir einum til tveimur fyrirlestrum á hverju skólaári. Flest námskeið ætluð kennurum á vegum fagfélaga sem njóta til þess stuðnings hins opinbera fara hins vegar fram utan kennslutíma, mest á sumrin.

Kennarar hafa nýtt sér námsleyfi sem felur í sér sí- og endurmenntun og sögðu flestir að kostur væri ef hægt væri að breyta fyrirkomulagi þeirra þannig að kennari geti oftast en einu sinni farið í námsleyfi. Fram kom meðal kennara í rýnihópum að mörg þeirra námskeiða og fyrirlestra sem stæði þeim til boða væru of kostnaðarsöm, sem dragi úr þátttöku þeirra.

### 2.2.4. Starfsánægja

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar *Stofnun ársins* 2012 var meðaltal þáttarins ánægja og stolt hjá starfsmönnum skólans 4,51 og starfsandi 4,40, á fimm punkta kvarða, sem er á svonefndu styrkleikabili <4,2.<sup>16</sup> Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar *Stofnun ársins* 2013 var meðaltal þáttarins ánægja og stolt 4,38 og starfsandi 4,40.<sup>17</sup> Í viðtölum og rýnihópum allra starfsmanna kom fram að starfsandi í skólanum sé sérstaklega góður og hann

<sup>15</sup> Gagnalisti

<sup>16</sup> Stofnun ársins 2013

<sup>17</sup> Stofnun ársins 2012

einkennist m.a. af miklum metnaði, umhyggju og persónulegum samskiptum. Stjórnendur sögðu að starfsánægja hafi aukist til muna þegar skólinn tók í notkun húsnæðið að Fríkirkjuvegi 1. Að sögn fyrrverandi brautarstjóra eru forsendur mikillar starfsánægju meðal starfsmanna mikill metnaður, starfsfólk sé ráðið á faglegum forsendum, stjórnun sé opin fyrir hugmyndum, mikið traust sé til stjórnenda, hár starfsaldur kennara og lýðræðislegt ferli við stjórnun.

### 2.3. Áherslur og stefna skólans

Framtíðarsýn og stefna Kvennaskólans í Reykjavík eru að *skólinn þróist áfram í takt við strauma og stefnur í menntamálum ungs fólks á hverjum tíma. Stefnt er að því að námið og starfsemi skólans almennt byggi á grunnþáttunum sex; þ.e. skapandi starfi, menntun til sjálfbærni, læsi í víðum skilningi, heilbrigði og velferð, jafnrétti og lýðræði og mannréttindum og verður áfram unnið að því að þessir þættir verði eðlilegur hluti skólastarfsins alls. Áhersla er lögð á eftirfarandi:*<sup>18</sup>

- *að veita nemendum sem besta menntun í námsumhverfi þar sem þeim líður vel og læra að bera ábyrgð á námi sínu.*
- *að sinna öllum nemendum vel, jafnt þeim sem skara fram úr og vilja ná langt í námi sínu og þeim sem standa höllum fæti og þarfnast meiri aðstoðar og utanumhalds.*
- *samfélagslega meðvitund nemenda með það að markmiði að útskrifa nemendur sem gera samfélagið betra.*
- *metnað og ábyrgð í námi, persónuleg og hlýleg samskipti, gildi tjáningar og þá samskiptahæfni sem nauðsynleg er í samskiptum ólíkra einstaklinga í ólíkum aðstæðum.*

Að sögn stjórnenda tóku allir starfsmenn þátt í mótun stefnu í gegnum þverfaglegt hópastarf. Nemendur komu einnig að mótun hennar auk þess sem rætt var við fyrrverandi nemendur. Skólanefnd og foreldraráð komu ekki að mótun stefnunnar en vinnan við hana var kynnt fyrir skólanefnd. Í rýnihópum kom það viðhorf fram að ákvörðun um breytingu á námstíma úr fjórum í þrjú ár hafi ekki verið nægilega rædd. Að sögn skólameistara var stytting námsins rædd í vinnuhópum á fundi í janúar 2009 og var niðurstaða þess fundar að skólinn yrði skipulagður sem þriggja ára skóli með sveigjanleika fyrir þá sem þyrftu lengri tíma. Á kennarafundi í maí 2009 fór fram atkvæðagreiðsla þar sem samþykkt var að námið yrði skipulagt sem þriggja ára nám með sveigjanleika upp í 3,5 eða 4 ár. Kennarar í rýnihópum sögðust hafa verið með í ráðum um útfærslur og vinnu í kjölfar ákvörðunar um breytingu á námstíma. Vinnubrögð hafi verið fagleg og skipulögð sem hafi gert það að verkum að nám skólans sé nú betur upp byggt kennslufræðilega séð og miðað út frá

<sup>18</sup> Drög að skólanámskrá



vinnustundum nemenda en ekki kennara. Þessu eru fyrrverandi brautarstjórar sammála. Fagstjórar sögðu að allir kennarar hafi komið að mótun áherslna og stefnu skólans. Það hafi falið í sér mikla vinnu, m.a. í þverfaglegu hópstarfi, en hafi jafnframt verið mjög gefandi. Að sögn annarra starfsmanna höfðu þeir enga aðkomu að stefnumótun skólans.

### 2.3.1. Þróunarverkefni skólans í tengslum við innleiðingu laga um framhaldsskóla frá árinu 2008

Kvennaskólinn í Reykjavík sótti um styrk í þróunarsjóð framhaldsskóla í mars 2008 vegna aðlögunar skólanámskrár að nýjum lögum um framhaldsskóla. Umsókn um styrk var samþykkt og samningur um verkefnið undirritaður í desember 2008. Miðað var við verklok í júní 2009. Verkefnið fól m.a. í sér skipulagningu námsbrauta, gerð nýrra áfangalýsinga með tengingu við nýtt einingakerfi o.fl. Í mars 2009 sótti skólinn um styrk í þróunarsjóð framhaldsskóla vegna áframhaldandi vinnu í tengslum við innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla. Í umsókninni voru settir fram sex verkþættir.

Í október sama ár undirritaði mennta- og menningarmálaráðuneytið samning við skólann um þróunarverkefni sem bar nafnið *Gerð áfangalýsinga og sniðmáta ásamt þrepavinnu*. Þá hafði verkþáttum verið breytt og fækkað í þrjá: Að gera sniðmát fyrir allar kennslugreinar skólans, að gera nýjar áfangalýsingar í samræmi við sniðmát fyrir alla áfanga í kjarna á brautum skóla og fyrir valáfanga sem í boði verða á 1. og 2. ári. Skólanum var einnig gert að skila skýrslu um verkefnið í júní 2010. Í desember 2009 óskar mennta- og menningarmálaráðuneytið eftir skýrslu um framgang og stöðu þróunarverkefnisins ásamt því að tilkynnt var um úttekt óháðra aðila vegna þess. Úttekt á stöðu og árangri þróunarverkefnisins var framkvæmd af Hitt og þetta ehf. og var niðurstöðum skilað í skýrslu til ráðuneytisins í maí 2010. Þar kemur fram að árangur verkefnisins sé eftirfarandi:<sup>19</sup>

*Þróunarvinnan er í fullum gangi í Kvennaskólanum. Staðfest var í viðtölum að ný hugmyndafræði og vinnan sem fór í að tileinka sér hana ruddi brautina fyrir nýrri hugsun og hindraði að stuðst væri við gamalt verklag nema að litlu leyti. Samvinna kennara hefur styrkst með verkefninu og fagvitund aukist. Kennarar hafa meira svigrúm varðandi mótun kennslu og námsefnis en áður. Stefna skólans varðandi stúdentspróf hefur verið mörkuð.*

Frá árinu 2010 hefur vinnu skólans vegna innleiðingarinnar verið haldið áfram. Í skýrslu um þróunarstarf skólans 2010-2011<sup>20</sup> kemur fram að skólinn hafi fengið styrk úr þróunarsjóði framhaldsskólanna til áframhaldandi vinnu, m.a. við gerð áfangalýsinga, vinnu við grunnþætti, tilraunakennslu o.fl. Í skýrslunni er lagt mat á verkefnið og mat á árangri nemenda. Þar segir að fyrsti árgangur í nýju kerfi hafi hafið nám haustið 2009. Þar er einnig

<sup>19</sup> Úttekt á þróunarverkefni Kvennaskólans í Reykjavík 2008 - 2010

<sup>20</sup> Skýrsla um þróunarstarf Kvennaskólans veturinn 2010 - 2011

að finna niðurstöður rannsóknarverkefnis nemenda í fjórða bekk skólans á viðhorfum nemenda í nýja kerfinu sem benda til að nemendur í nýja kerfinu séu frekar ánægðir með það og telja það veita góðan undirbúning fyrir framhaldsnám. Misjafnar skoðanir komu fram meðal nemenda í rýnihópi um nýtt kerfi skólans. Kennarar voru beðnir um að leggja mat á starf í fyrsta og öðrum bekk veturinn 2010-2011. Þar kom m.a. fram að:

- *Yfirleitt eru kennarar ánægðir með það hvernig til tókst í nýju kerfi og flestir tala einnig um að nemendur hafi verið virkari og meiri áhersla á það hvað þeir voru að gera en minni á þátt kennarans.*
- *Í flestum tilfellum hefur áherslan færst frá yfirferð kennarans og yfir á þátttöku nemandans og þessi áherslumunur virðist koma fram í heldur betra námsgengi nemenda þrátt fyrir að þeir séu undir meira álagi en áður.*

Einnig benda kennarar á ýmislegt sem betur má fara, s.s. mismunandi grunn nemenda í stærðfræði, samþætta þurfi betur kenningar og rannsóknaaðferðir í félagsfræði og að tímarammi sé knappur fyrir kennslu tungumála, þá sérstaklega vegna kennslu þriðja máls. Skv. skýrslunni eru áhrif verkefnisins á skólustarfið m.a. gjörbreyting á námskrá, námsskipulagi og verklagi skólans ásamt því að áætlað er að meðalnámstími styttest um 16%. Einnig að *í heildina má því segja að vinnan við nýja námskrá hafi haft jákvæð áhrif á skólustarfið þótt auðvitað hafi ýmsir hnökrar verið á framkvæmdinni í fyrstu.*

Í skýrslu um þróunarstarf skólans 2011-2012<sup>21</sup> kemur fram að skólinn hafi fengið styrk úr þróunarsjóði framhaldsskólanna til áframhaldandi vinnu, m.a. við tilraunakennslu, kynningu á þróunarstarfinu, endurskoðun brauta og áfanga o.fl. Í niðurstöðum og samantekt skýrslunnar kemur fram að mikil vinna hafi farið fram á skólaárinu og helstu tímamótin hafi verið útskrift fyrsta nemendahópsins sem stundaði nám í nýju kerfi. Þá séu enn mörg verkefni í vinnslu, m.a. endurskoðun skólanámskrár, skoðun kennsluhátta og námsmats, mat á þróunarvinnu og nýju kerfi o.fl. en unnið verði að þessum þáttum og fleirum skólaárið 2012-2013. Jafnframt er nefnt að sum þessara atriða séu þess eðlis að vinnu við þau ljúki ekki á ákveðnum tímapunkti heldur séu í stöðugri skoðun.

Að sögn stjórnenda hafa þeir haldið margar kynningar á ferlinu fyrir aðra skóla. Þróunarverkefnið hafi verið mikið lærdómsferli sem þurfi að vera í stöðugri þróun. Stjórnendur sögðu að þeir hafi fengið góðan stuðning vegna verkefnisins og þá sérstaklega í upphafi. Skortur sé þó á samfelli eftir að ákveðnum þáttum hafi verið úthýst, s.s. innritun sem úthýst var til Námsmatsstofnunar. Helsta markmið skólans á vorönn 2014 í tengslum við þróunarverkefnið er endurskoðun skólanámskrár sem er á lokastigi að sögn stjórnenda.

Stjórnendur sögðu að vinnsla þróunarverkefnisins hafi almennt gengið vel, hvatningu hafi skort í upphafi hjá hluta nemenda og kennara en hafi aukist er á leið, helst

21 Skýrsla um þróunarstarf Kvennaskólans veturinn 2011 - 2012

hafi verið kvartað yfir löngum skóladegi nemenda og hluti nemenda hafi ekki verið meðvitaður um breytingu skólans á námslengd þegar þeir hófu nám við skólann. Áhrif kjarasamninga á vinnslu verkefnisins hafi ekki verið til fyrirstöðu en sérstakur samningur var gerður, með vilja ráðuneytisins, milli skólans og Kennarasambands Íslands um kennsluafslátt vegna yfirfærslu í nýtt kerfi. Einnig hafi fastir fundir nýst vel svo þróunarstyrkur nýttist betur fyrir vikið. Þá hafi skólinn sett sér tímaáætlun og komið á stöðu þróunarstjóra, í 50-75% starfshlutfalli, sem stýrði verkefninu. Stjórnendur sögðu að nú væri verið að vinna að tveggja ára framhaldsskólaprófi, þannig færu nemendur ekki tómhentir ef þeir hyrfu frá námi eftir tvö ár.

Í skýrslu náms- og starfsráðgjafa fyrir skólaárið 2012-2013 kemur fram að í mörgum tilfellum hafi nemendur leitað til ráðgjafa til að fá aðstoð vegna ýmissa hindrana og óvissu sem tengist þróunarstarfi skólans. Í því samhengi sé brýnt að opinberar reglur skólans séu skýrar og þeim fylgt þannig að jafnræði nemenda sé ekki dregið í efa. Ennfremur sé þörf á að skýra hvernig framvindu í námsgrein er háttað þegar tilskyldum námsárangri í undanfara hafi ekki verið náð. Nýtt nám reynist mörgum nemendum erfitt, einkum í ensku, íslensku og stærðfræði þar sem *bratt er farið í námsefnið og undirbúningur úr grunnskóla virðist ekki vera í samræmi við kröfur skólans. Þynging á námsefni í grunnáföngum á 1. ári kann að hafa leitt til samskiptaerfiðleika nemenda og kennara, einkum þegar haft er í huga að aukinn fjöldi nýnema virðist ekki hafa þá undirstöðu úr grunnskóla sem skólinn gerir ráð fyrir og kennarar reikna með.*<sup>22</sup>

Kennarar í rýnihópum sögðu að með nýjum námsbrautum væri námið betur skipulagt, markvissara og í meira mæli hugsað út frá vinnu nemenda í stað vinnu kennara sem væri jákvæð þróun. Nemendur virtust í auknu mæli vera að leggja sig fram í námi og að vinna kennara við útfærslu nýrra námsbrauta hafi falið í sér mikla starfsþróun. Nemendur í rýnihópi segja að álag í námi sé mjög mikið og skóladagur sé langur. Þetta hafi haft mikil áhrif á félagslíf skólans en aðsókn nemenda á viðburði og skemmtanir sé dræm. Sama viðhorf um álag á nemendur og langan skóladag kom fram í flestum viðtölum og rýnihópum, ekki hvað síst hjá kennurum.

Fram kom á fundi með fagstjórum að þörf væri á að skoða hvernig sé hægt að koma betur til móts við nemendur og minnka álag, s.s. með því að kenna tveimur bekkjum saman eða að nemendum sé ekki skylt að sækja alla tíma. Einnig kom fram ábending um að hugsanlega væri skólinn ekki að uppfylla inntökukröfur meðal háskóla í breyttu kerfi, á það m.a. við um kennslu í tungumálum. Áfanga hafi þurft að skera af, þá sérstaklega 600 og 700 áfanga og því sé þörf á samræðu milli skólans og háskólanna. Fjallað er um breytingu á námsmati í kjölfar innleiðingar laga um framhaldsskóla frá 2008 í kafla 3.4.

<sup>22</sup> Skýrsla náms- og starfsráðgjafa fyrir skólaárið 2012 – 2013

### 2.3.1.2. Nýting skólaárs

Skipting skóladaga fyrir og eftir gildistöku nýju námskrárinnar er mismunandi, sjá nánar töflu 10. <sup>23</sup>Þó prófdögum hafi fækkað hafi þeir dagar sem sparast ekki allir skilað sér í auknum fjölda kennsludaga, að sögn skólameistara. Ástæðan er sú að öðrum dögum fjölgar, aðallega vegna þess að nú er útskrifað tvisvar á ári en var einu sinni áður. Að sögn stjórnenda vinna nemendur símatsverkefni inni í prófatíma.

**Tafla 10. Nýting skólaárs**

	Kennsludagar	Prófdagar	Aðrir dagar	Nemendadagar
Eldri námskrá	145	20	10	175
Ný námskrá	151	17	12	180

### 2.3.1.3. Árangur nemenda

Hlutfall nemenda í nýja kerfinu (2009 til 2012) og gamla (2007 og 2008) sem standast próf, standast endurtektarpróf, standast ekki próf og hætta í skólanum má sjá í Töflu 11.<sup>24</sup> Stjórnendur segja að lágmarkseinkunn hafi verið hækkuð úr fjórum í fimm haustið 2011 og þar með hafi hlutfall þeirra sem ekki standast próf hækkað. Þessu eru kennarar í rýnihópum sammála. Ennfremur segja stjórnendur að endurtektarpróf séu haldin í öllum áföngum, að undanskildu vali, til þess að fleiri nemendur sem ekki standast próf geti fylgt sínum bekk.

**Tafla 11. Hlutfall nemenda í 1. bekk sem standast/standast ekki próf eða hætta í námi greint eftir árum.**

Hefja nám	Stóðust próf	Stóðust eftir endurtektarpróf	Stóðust ekki próf	Hættu námi
2007	81%	13%	4%	2%
2008	84%	9%	3%	4%
2009	78%	15%	3%	4%
2010*	83%	8%	5%	4%
2011**	66%	24%	5%	5%
2012**	65%	21%	7%	7%

\*tölur fyrir árið 2010 og 2011 eru aðeins að hluta sambærilegar þar sem 45% hverfiskvóti var tekinn upp og því ekki að öllu sambærilegur hópur á bak við tölur.

\*\*Hóparnir sem teknir voru inn haustin 2011 og 2012 voru mun stærri en áður og því ekki heldur að öllu sambærilegir við fyrri nemendahópa. Einnig hækkaði lágmarkseinkunnin úr 4 í 5 í hverri grein haustið 2011.

Námshraði nemenda sem hófu nám í nýju kerfi haustið 2009 var 3,23 ár og 3,16 ár meðal þeirra sem hófu nám haustið 2010, sjá nánar um námshraða í töflu 12.<sup>25</sup> Að sögn stjórnenda hafa þeir náð settum markmiðum um styttingu meðalnámstíma í þrjú og 1/3 ár, en skólinn hefur fjórum sinnum útskrifað nemendur sem hafa lokið námi skv. nýju kerfi. Eðlilegur námshraði sé 60 einingar á skólaári en með 10% auka álagi náí nemendur að stytta

<sup>23</sup> Gögn frá skólameistara

<sup>24</sup> Gögn frá skólameistara

<sup>25</sup> Gögn frá skólameistara

námstímamann niður í þrjú ár í stað fjögurra. Þrátt fyrir breytingu á námstíma hefur skólinn lagt áherslu á að halda bekkjarkerfi, meðal annars m.t.t. áherslna nemenda sem velja bekkjarkerfið, að sögn stjórnenda.

**Tafla 12. Námshraði nemenda.**

Námshraði	Hófu nám haust 2009	Hófu nám haust 2010
3 ár	63%	73%
3,5 ár	28%	20%
4 ár	8%	7%**
4,5 ár	1%	0%**

\*\*Ath. tölur um námshraðann 4 ár og 4,5 ár þeirra sem hófu nám við skólann haustið 2010 byggja á áætlun þar sem útskrift hefur ekki farið fram.

### 2.3.1.4. Kostnaður við innleiðingu

Skólinn fékk þróunarstyrki í verkefnið frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, alls 50.000.000 kr., sjá nánar töflu 13. Þar er ekki tekið tillit til ýmiss óskilgreinds kostnaðar sem hefur fallið á skólann vegna verkefnisins, s.s. vegna ferða, funda, pappírnotkunar, prentunar, ljósritunar, endurskoðunar skólanámskrár o.fl. Samkvæmt gögnum frá skólameistara er verð á ársnemenda 10,5% hærra í nýju kerfi en í því gamla og að sparnaður við styttingu náms væri 16,7%. Sparnaður í heildina yrði því 8% með nýju kerfi.<sup>26</sup>

**Tafla 13. Þróunarstyrkir frá MMRN vegna innleiðingar nýrra laga um framhaldsskóla í Kvennaskólanum í Reykjavík.**

Ár	Styrkur	Þróunarstjóri	Önnur laun	Áfangalýsingar	Kynningar- bæklingur	Annað	Alls
2008-09	5.000.000	2.388.000	264.000	2.037.000	348.600	261.581	5.299.181
2009-10	10.000.000	5.395.000	4.562.000	3.075.000	348.000		13.380.000
2010-11	14.000.000	5.659.000	3.380.000	1.113.000		648.000	10.800.000
2011-12	14.000.000	8.897.000		1.712.000	438.000	882.000	11.929.000
2012-13	7.000.000	4.100.000	3.300.000	91.000		339.000	7.830.000
Heild út júlí 2013	<b>50.000.000</b>	<b>26.439.000</b>	<b>11.506.000</b>	<b>8.028.000</b>	<b>1.134.600</b>	<b>2.130.581</b>	49.238.181

### 2.3.1. Stefna og viðbragðsáætlun í eineltismálum

Skólinn hefur eineltisstefnu og -áætlun og er hún í drögum að skólanámskrá. Þar segir:

*Einelti er ekki liðið í Kvennaskólanum, hvorki meðal starfsfólks né nemenda. Starfsmannastefna skólans miðar að því að tryggja starfsmönnum hans góð starfsskilyrði og aðstæður til að dafna í starfi. Einnig er það yfirlýst stefna skólans að nemendum sé skapað gott námsumhverfi sem felst meðal annars í því að nemendur og starfsmenn sýni kurteisi og tillitssemi. Einelti kemur öllum við og árangur byggist á því að allir taki ábyrgð.*

Viðbragðsáætlun eineltis er í drögum að skólanámskrá. Þar er viðbragðsáætlun sett fram annars vegar út frá nemendum og hins vegar starfsfólki. Sjá nánar um einelti í kafla 6.2.

<sup>26</sup> Gögn frá Skólameistara

### 2.3.2. Jafnréttisstefna

*Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skulu setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína.<sup>27</sup>*

Skólinn hefur jafnréttisstefnu og er hún aðgengileg í drögum að skólanámskrá. Þar segir:<sup>28</sup>

*Með jafnréttisstefnu Kvennaskólans í Reykjavík vilja stjórnendur stuðla að jafnrétti á öllum sviðum og leggja áherslu á mikilvægi þess að allir starfsmenn fái notið hæfileika sinna til fulls. Halda skal sem jöfnustu hlutfalli kynjanna í öllu starfi innan skólans. Í stefnumótun og ákvarðanatöku á öllum sviðum skólans skal unnið með kynjasamþættingu í huga. Hvers kyns mismunun sem byggð er á aldri, búsetu, fötlun, kyni, kynhneigð, lífsskoduunum, menningu, stétt, trúarbrögðum eða þjóðerni er óheimil, í hvaða formi sem hún kann að birtast og skal vinna markvisst gegn slíkri mismunun. Kynbundið ofbeldi eða áreitni er ekki lidið. Jafnréttisstefnu Kvennaskólans í Reykjavík er fylgt með jafnréttisáætlun.*

Við skólann starfar jafnréttisnefnd sem hefur það hlutverk að fylgjast með stöðu jafnréttismála ásamt því að móta stefnu og áætlanir skólans í jafnréttismálum. Hana skulu skipa eigi færri en þrjár einstaklingar og sá sem leiðir nefndina er jafnréttisfulltrúi.<sup>29</sup> Skólinn hefur í samræmi við lög nr. 10/2008 sett sér jafnréttisáætlun og framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir skólaárið 2013-2014. Áætlunin var unnin af jafnréttisnefnd skólans. Í henni er greint frá að hún verði endurskoðuð í maí 2014. Meðal verkefna fyrir skólaárið 2013-2014 er að auka vitund starfsmanna um hvað hafi áhrif á launakjör þeirra, tryggja að áætlun um einelti/kynferðislega áreitni sé virk, jafnréttiskennsla fyrir nemendur og kennara o.fl.<sup>30</sup> Hlutfall kynja í hópi starfsmanna er 25% karlar og 75% konur og hlutfall kynja í stjórnun er 20% karlar og 80% konur. Sjá kafla 6.4 um jafnrétti meðal nemenda.

Almennt sögðu starfsmenn að jafnréttis væri gætt í skólanum meðal starfsfólks og að þeir teldu að ekki væri munur á aðstöðu eða kjörum starfsmanna eftir kyni. Að sögn stjórnenda eru konur í meirihluta bæði meðal starfsmanna og nemenda en skólinn hafi ekki farið í neinar aðgerðir til þess að fjölga karlmönnum. Við ráðningar sé ekki sérstaklega horft til kyns umsækjanda heldur fremur menntunar, reynslu og meðmæla. Samkvæmt jafnréttisfulltrúa skólans er það stefna skólans að í auglýstum stöðum við skólann séu karlar hvattir sérstaklega til að sækja um.

### 2.3.3. Forvarnar- og lýðheilsustefna

Skólinn tekur þátt í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli*, sjá nánar í kafla 2.3.4 og samhliða á sér stað stefnumótun sem er ætlað að hafa áhrif á allar daglegar venjur og starf í

<sup>27</sup> Lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 13.gr.

<sup>28</sup> Drög að skólanámskrá

<sup>29</sup> Drög að skólanámskrá

<sup>30</sup> Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun

skólanum. Stefnan tekur til fjögurra þátta; næringar, hreyfingar, geðræktar og heilbrigðs lífsstíls. Fyrir hvern þátt eru skilgreind markmið og leiðir að þeim markmiðum.<sup>31</sup>

Við skólann er starfandi forvarnarteymi og fer forvarnarfulltrúi fyrir starfi þess. Hlutverk teymisins er að skipuleggja og hafa eftirlit með forvarnarstarfi skólans ásamt því að veita ráðgjöf í tengslum við forvarnir. Í forvarnarteyminu sitja, auk forvarnarfulltrúa, fulltrúi/fulltrúar frá nemendum, kennurum, stjórnendum og forráðamönnum nemenda. Í forvarnarstefnu kemur fram að markmið skólans sé:<sup>32</sup>

- að efla alhliða forvarnir og heilsuvernd
- að styrkja sjálfsmynd og efla heilbrigðan lífsstíl nemenda
- að rækta virðingu í samskiptum
- að vinna gegn neyslu áfengis, tóbaks og annarra vímuefna
- að vinna gegn óhóflegri tölvu- og símanotkun

Skólinn hefur jafnframt sett sér aðgerðaáætlun um forvarnir fyrir skólaárið 2013-2014. Skólinn hefur öryggisstefnu og er hún í drögum að skólanámskrá. Í stefnunni eru sett fram markmið og leiðir að þeim. Það kemur fram að markmið hennar séu<sup>33</sup>:

- að tryggja öllum starfsmönnum og nemendum gott starfsumhverfi sem fullnægir ströngustu kröfum um öryggi, hollustu og vinnuvernd
- að öryggistrúnaðarmaður skólans sé til leiðbeiningar í þeim efnum
- að starfsmenn/nemendur beri sjálfir ábyrgð á að fylgja þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra um aðgætni í starfi/námi og leggi þannig fram mikilvægan skerf til aukins starfsöryggis

Í könnun Rannsóknar og greiningar 2013 kemur fram í samanburði milli framhaldsskóla að hlutfall nemenda í Kvennó sem reykja sígarettur daglega er 4,1%, en á landsvísi er það 7,6%. Hlutfall nemenda Kvennó sem hafa orðið ölvaðir s.l. 30 daga er um 48%. 19 skólar eru þar með lægra hlutfall en Kvennó og 10 hærra. Neysla hass meðal nemenda er undir landsmeðaltali, en 3% nemenda segjast hafa neytt hass einu sinni eða oft um ævina. Neysla marijúana er yfir landsmeðaltali en um 24% nemenda sögðust hafa notað marijúana einu sinni eða oft um ævina. 19 skólar eru þar með lægra hlutfall en Kvennó og 10 hærra.<sup>34</sup>

#### 2.3.4. Heilsueflandi framhaldsskóli

Skólinn tekur þátt í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli* sem byggt er á þeirri stefnu að nálgast forvarnir út frá jákvæðu og víðu samhengi og stuðla þannig að auknum árangri og meiri vellíðan í skólasamfélaginu.<sup>35</sup> Lýðheilsustöð heldur utan um verkefnið sem 31 framhaldsskóli tekur þátt í, en verkefnið var þróað í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið, velferðarráðuneytið og Samband íslenskra framhaldsskólanema

31 Drög að skólanámskrá

32 Drög að skólanámskrá

33 Drög að skólanámskrá

34 Sjálfsmatsskýrsla skólans 2012 - 2013

35 Heilsueflandi framhaldsskóli

(SÍF) undir formerkjum HOFF samstarfsins. Megináherslur þess eru á fjögur þemu; *næringu*, *hreyfingu*, *gedrækt* og *lífsstíl* en miðað er við að eitt viðfangsefni sé tekið fyrir á hverju skólaári. Hafi skólinn uppfyllt lágmarkskröfur öðlast hann bronsviðurkenningu en silfur- og gullviðurkenning er í boði fyrir skóla sem uppfylla kröfur umfram lágmarkskröfur.<sup>36</sup>

Kvennaskólinn í Reykjavík hóf þátttöku í verkefninu skólaárið 2011-2012 og er stefnt að því að vinna með eitt þema hvert skólaár. Í íþróttum er nemendum veitt fjölbreytt fræðsla í tengslum við heilsu, s.s. mataræði, vímuefni o.fl. Í skólanum er rekið mötuneyti fyrir nemendur og starfsfólk. Mötuneyti nemenda er í Uppsölum en kennara í aðalbyggingu. Í drögum að skólanámskrá segir að lögð sé áhersla á gildi *Heilsueflandi framhaldsskóla* í rekstri mötuneytisins. Skipaður hefur verið stýrihópur vegna verkefnisins þar sem m.a. fulltrúi kennara og kokkur skólans sitja. Skólaárið 2013-2014 leggur skólinn áherslu á hreyfingu, en í þeim efnum hefur skólinn tekið þátt í verkefninu *Hjólum í skólann* og *Lífshlaupinu*. Ennfremur er stefnt á hreyfingatengda atburði á vegum skólans á skólaárinu.<sup>37</sup> Í sjálfsmatsskýrslu skólans 2012-2013 segir frá viðhorfskönnun sem lögð var fyrir nemendur og kemur þar m.a. fram að helstu kostir mötuneytisins séu góður og fjölbreyttur matur en að helst þyrfti að lækka matarverð og stækka mataraðstöðu.<sup>38</sup> Þetta viðhorf staðfestist í rýnihópi nemenda.

Matreiðslumeistari skólans segir að vel hafi gengið í verkefninu en skólinn hafi sett sér það markmið að vera í svokölluðu silfurþrepi verkefnisins en uppfylli að hluta kröfur gullþreps. Gos og sælgæti hafi verið fjarlæggt og ekki sé sykur í mat, starfsmenn mötuneytis lagi matinn að mestu leyti sjálfir og unnin matvara sé aldrei oftár í boði en einu sinni til tvisvar í mánuði og sætabrauð aðeins selt eftir hádegismat. Fram kom meðal starfsmanna mötuneytis að það hefði komið þeim mikið á óvart hve fljótir nemendur voru að aðlagast breyttu fyrirkomulagi. Skólinn hafi áður selt mikið magn af gosi en selji nú álíka magn af safa. Þá kom fram að lítil ásókn væri í mötuneytið fyrir hádegi vegna staðsetningar þess.

### 2.3.5. Umhverfisstefna

Skólinn hefur umhverfisstefnu sem tekur til allrar starfsemi hans. Skv. henni er *áhersla lögð á skapandi lausnir og að efla jákvætt viðhorf innan skólasamfélagsins til umhverfismála*. Helstu umhverfismarkmið skólans eru eftirfarandi:

- *flokka allt rusl*
- *viðhalda grænfanum*
- *skapa sér gott orðspor á sviði umhverfismála*
- *vinna að skapandi lausnum í umhverfismálum*
- *hvetja nemendur og starfsmenn til þess að nota umhverfisvænar samgöngur*
- *minnka pappírsmarkmið*

<sup>36</sup> Heilsueflandi framhaldsskóli

<sup>37</sup> Drög að skólanámskrá

<sup>38</sup> Sjálfsmatsskýrsla 2012 - 2013



- *útskrifa nemendur sem bera virðingu fyrir umhverfi sínu og eru meðvitadír um umhverfismál*
- *meta árangur í umhverfismálum innan skólans, kynna það sem vel er gert og lagfæra það sem betur má fara*
- *hafa sérstakan dag tileinkaðan umhverfismálum a.m.k. einu sinni á ári.*

Stjórnendur segja að við skólann sé kenndur umhverfisáfangi á félags- og hugvísindabraut en allir nemendur á þeim brautum sitja áfangann á þriðja ári. Einnig sé kenndur valáfangi í umhverfisfræði sem nefnist umhverfisráð en hann sitji um tíu nemendurog ráðist einingar fyrir hann af framlagi hvers nemanda. Nemendur og kennari áfangans séu í samstarfi við sambærilegan hóp úr Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Í sjálfbærnihóp sitja kennarar greina og úthýsa sjálfbærniverkefnum m.a. til nemenda, skoðuð hafi verið innkaup og soun út frá umhverfissjónarmiðum og stefnt sé að því að skólinn setji sér samgöngustefnu.

### 2.3.6. Sérstakar áherslur sem sveitarfélagið hefur lagt

Kvennaskólinn í Reykjavík er ríkisrekinn skóli en er að sögn stjórnenda í ágætu samstarfi við Reykjavíkurborg, en það sé einna helst við þjónustumiðstöð varðandi forvarnir og félagsleg úrræði. Sveitarfélagið tilnefnir ennfremur tvo fulltrúa í skólanefnd. Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs var gefin út 2013. Leiðarljós hennar er *að börnum og ungmennum í borginni líði vel, þeim fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf*.<sup>39</sup>

## 2.4. Húsnæði og aðbúnaður

Húsnæði skólans er á þremur stöðum, aðalbyggingu að Fríkirkjuvegi 9, Miðbæjarskólanum að Fríkirkjuvegi 1 og Uppsölum að Þingholtstræti 37. Skólinn er í 5031 fm2 húsnæði.<sup>40</sup> Að sögn stjórnenda hefur vinnuaðstaða starfsmanna breyst mikið til batnaðar eftir að skólinn tók í notkun húsnæðið að Fríkirkjuvegi 1. Þörf sé þó á endurbótum á því húsnæði og má þar nefna aldurstengt viðhald og aðgerðir til að bæta hljóðvist. Ennfremur sé hitakostnaður hússins hár. Þá sé brýnt að hitalögn verði lögð í gangstíga milli húsa skólans vegna hálfu. Þessu eru kennarar í rýnihópum og fyrrverandi brautarstjórar sammála. Einnig komu fram óskir meðal kennara í rýnihópum um að bæta hreinlætisaðstöðu. Fram kom meðal hluta nemenda í rýnihópi og fulltrúa í skólanefnd að íþróttasalur skólans væri of lítill fyrir þá kennslu sem þar fer fram.

Bókasafn er á neðstu hæð í aðalbyggingu. Þar eru um 9000 bækur, myndbönd, snældur og geisladiskar ásamt 50 tímaritum í áskrift. Á safninu eru fartölvuset sem eru aðgengileg kennurum til kennslu og nemendum. Vinnuaðstaða er fyrir 50 nemendur,

<sup>39</sup> Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2013

<sup>40</sup> Gögn frá skólameistara

borðtölvur og lesstofa. Einnig hafa nemendur aðgang að tölvum og vinnuaðstöðu í öðrum byggingum skólans.<sup>41</sup>

Viðhorfskönnun var lögð fyrir nemendur í apríl 2013 sem hluti af sjálfsmati skólans fyrir skólaárið 2012-2013. Könnunin var send nemendum rafrænt og var svarhlutfall 28,4%. Helstu niðurstöður voru m.a. að kynning á bókasafni hafi nýst um 53% svarenda vel, að nemendur leiti helst til bókasafnsfræðinga til þess að fá lánaðar fartölvur, að nemendum finnist helst vanta betri tölvuaðgang, hópvinnuaðstöðu og fleiri lesbása, o.fl. Stjórnendur segja að skólabókasafnið sé í þröngu húsnæði og nemendur hafi óskað eftir fleiri tölvum og betri les- og hópvinnuaðstöðu. Nemendur sögðu að tölvur á bókasafni væru orðnar gamlar og lélegar. Fram kom meðal fyrrverandi brautarstjóra að staðsetning bókasafnins í aðalbyggingu skólans dragi úr aðsókn nemenda þar sem fleiri nemendur og kennarar hafi vinnuaðstöðu og/eða sæki tíma í húsnæði skólans að Fríkirkjuvegi 1. Fram kom meðal starfsmanna bókasafns og nemenda að truflun sé á bókasafni vegna síma þar sem vinnuaðstaða nemenda inn á bókasafni sé ekki aðskilin frá afgreiðslu þess.

#### 2.4.1. Eftirlit úttektaraðila

Reglubundið eftirlit fór fram af hálfu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar í desember 2013. Í skýrslu heilbrigðisfulltrúa kemur fram að gerðar eru kröfur um innra eftirlit í mötuneyti nemenda ásamt því að gerð er krafa um bætta umgengni og þrif. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins tók út brunavarnir skólans að Fríkirkjuvegi 1 í september 2011, Fríkirkjuvegi 9 og Þingholtsstræti 37 í nóvember 2010. Fram kemur í skýrslu slökkviliðsins að brunavarnir í ofangreindum húseignum séu í ólagi. Skýrslur frá Vinnueftirlitinu bárust ekki úttektaraðilum.<sup>42</sup> Síðasta úttekt Vinnueftirlitsins fór fram árið 2004. Að sögn skólameistara er reynt að bregðast við athugasemdum eins fljótt og auðið er. Haft er samband við Fasteignir ríkissjóðs um framkvæmdir vegna brunavarna og reynt að fá lagfæringar á því sem er athugavert.

#### 2.4.2. Öryggisfulltrúi skólans

Við skólann er starfandi öryggisfulltrúi. Hlutverk hans er gerð rýmingaráætlunar og framkvæmd brunaæfinga. Einnig hefur hann umsjón með öðrum öryggisatriðum í samstarfi við stjórnendur skólans og umsjónarmann húsnæðis. Við skólann er ekki starfrækt öryggisnefnd.<sup>43</sup> Skólinn hefur sett sér stefnu um öryggismál, sjá nánar kafla 2.3.3.

<sup>41</sup> Gögn frá skólameistara

<sup>42</sup> Skýrslur eftirlitsaðila

<sup>43</sup> Gögn frá skólameistara

## 2.5. Lög og reglugerðir

Miklar breytingar hafa orðið á skólastarfi Kvennaskólans í Reykjavík í kjölfar setningar laga um framhaldsskóla frá árinu 2008, sjá nánar í kafla 2.3.1. Helstu breytingar eru nýjar námsbrautir með sveigjanlegum námstíma, eða þrjú til fjögur ár í stað fjögurra. Vinnan hefur að sögn stjórnenda leitt til breytinga á kostnaði en hver nemandi kostar skólann að meðaltali meira meðan á námi stendur en áður, en á móti kemur að hann stundar nám við skólann skemur eða að meðaltali í tæplega 3,3 ár í stað 4. Þróunarvinnnan var greidd með styrkjum.

## 2.6. Áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins

Í kjölfar efnahagshrunsins hefur að sögn stjórnenda verið reynt að hagræða og spara í allri starfsemi skólans til að mæta niðurskurði í framlögum. Nemendum í bekkjum hefur verið fjölgað, reynt hefur verið að fylla í laus pláss þegar nemendur hafa hætt námi ásamt því að valhópum hefur fækkað og nemendum fjölgað í hverjum hópi. Litlir hópar hafa verið felldir niður og nemendum beint í annað val. Endurnýjun á tækjum og búnaði, kaupum á rekstrarvörum og almennu viðhaldi hefur verið haldið í lágmarki. Stjórnendur hafa, að eigin sögn, í ríkara mæli boðið út flest er tengist rekstri til þess að lækka kostnað. Ennfremur hafa stöðugildi á skrifstofu, náms- og starfsráðgjafa og verkefnastjóra verið skert, s.s. umsjón með sjálfsmati. Þetta staðfesta kennarar í rýnihópum og fagstjórar. Stofnanasamningar við stéttarfélag starfsmanna hafa einnig, að sögn stjórnenda, verið frystir. Hallarekstur er á skólanum; yfir 20 milljónir fyrir árið 2012 og er rúmlega 19 milljónir fyrir árið 2013, en unnið er að uppgjöri skólans fyrir árið 2013.

## 2.7. Námsbrautir

Við skólann eru fjórar námsbrautir; þrjár bóknámsbrautir og ein almenn braut. Bóknámsbrautirnar eru skilgreindar út frá þriggja ára námstíma. Nemendur geta lengt námstíma um eina til tvær annir. Hér á eftir verður fjallað nánar um hverja og eina braut eins og hún kemur fyrir í drögum að skólanámskrá og á heimasíðu skólans.<sup>4445</sup>

### 2.7.1. Félagsvísindabraut

Á félagsvísindabraut er lögð áhersla á almenna þekkingu í félagsvísindum auk þess sem nemendur sérhæfa sig í tveimur sérgreinum félagsvísinda. Lokamarkmið eru m.a. að nemendur hafi góða almenna þekkingu á sviði samfélagsgreina, geti tekið þátt í rökræðum um samfélagsleg efni, séu búnir undir frekara nám, einkum í félags- og hugvísindum o.fl.

<sup>44</sup> Drög að skólanámskrá

<sup>45</sup> Heimasíða skólans

Einingafjöldi brautarinnar er 200 en kjarninn skiptist á eftirfarandi hátt: 39 ein á 1. þrepi, 73 ein á 2. þrepi og 45 ein á 3. þrepi. Að minnsta kosti 15 einingar í vali verða að vera á 3. þrepi.

### 2.7.2. Náttúruvísindabraut

Á náttúruvísindabraut er lögð áhersla á þekkingu í stærðfræði og náttúruvísindum. Lokamarkmið eru m.a. að nemendur hafi góða almenna þekkingu á sviði stærðfræði, náttúru- og raunvísinda, geti nýtt kunnáttu sína í náttúru- og raunvísindum í mögulegri framtíðarþróun, séu færir um að beita vísindalegri hugsun og aðferðum við greiningu viðfangsefna, öflun upplýsinga, mælingar, mat, úrvinnslu, túlkun o.fl. Einingafjöldi brautarinnar er 200 en kjarninn skiptist á eftirfarandi hátt: 39 ein á 1. þrepi, 73 ein á 2. þrepi og 45 ein á 3. þrepi. Að minnsta kosti 15 einingar í vali verða að vera á 3. þrepi.

### 2.7.3. Hugvísindabraut

Á hugvísindabraut er hægt að sérhæfa sig í tungumálum, meðal annars 3. og 4. máli eða sleppa 4. máli og leggja þess í stað áherslu á menningarlæsi og umfjöllun um listir. Lokamarkmið eru m.a. að nemendur hafi góða almenna þekkingu á sviði hugvísinda, hafi náð tilskilinni færni í þeim erlendu tungumálum sem þeir hafa lagt stund á, séu vel undirbúnir fyrir frekara nám í hugvísindum og á öðrum sviðum fræða og lista o.fl. Nemendur á brautinni geta valið um 4. mál eða menningarlæsislínu. Einingafjöldi brautarinnar er 200 en kjarninn skiptist á 4. máls línu í 54 ein á 1. þrepi, 68 ein á 2. þrepi og 35 ein á 3. þrepi og á menningarlæsislínu í 39 ein á 1. þrepi, 73 ein á 2. þrepi og 45 ein á 3. þrepi. Að minnsta kosti 15 einingar í vali verða að vera á 3. þrepi.

### 2.7.4. Brautabré

Kvennaskólinn í Reykjavík starfrækir almenna braut í tilraunaskyni. Brautin er hugsuð fyrir nemendur sem vilja halda áfram framhaldsskólanámi en hafa ekki staðist inntökuskilyrði bóknámsbrauta í einni eða tveimur greinum. Áhersla er m.a. á kennslu kjarnagreina (íslensku, ensku og stærðfræði) og grunnþætti sjónlista í samvinnu við Myndlistaskólann í Reykjavík. Námsbrautin er þróunarverkefni sem skipulagt er til eins árs í senn. Gert er ráð fyrir einstaklingsmiðuðu námi og að nemendur skili 20-30 ein á önn á þrepi sem hæfir hverjum og einum. Eftir árið er staða hvers nemanda metin og ráðgjöf veitt um áframhaldandi nám.

## 2.8. Mat úttektaraðila

- Kvennaskólinn í Reykjavík hefur þá sérstöðu að sameina kosti bekkja- og áfangakerfis. Skólinn býður nemendum upp á hefðbundið bóknám til stúdentsprófs ásamt almennri braut, Brautabrá. Skólinn hefur einn fátta framhaldsskóla unnið að innleiðingu laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 frá útgáfuári þeirra. Almenn er gert ráð fyrir að nemendur ljúki námi á þremur árum en hafi þann möguleika að ljúka því á 3,5 eða fjórum árum. Skólinn hefur náð settum markmiðum um styttingu meðalnámstíma í þrjú og 1/3 ár og meirihluti þeirra sem hóf nám við skólann 2009 (63%) og 2010 (73%) lauk námi á þremur árum.
- Nemendum hefur í heild fjölgað en með tilkomu húsnæðis að Fríkirkjuvegi 1 hefur skólinn getað tekið inn fleiri nemendur. Umsóknnum um skólavist hefur fjölgað um 57% frá fyrra skólaári (2012-2013). Þess ber að geta að með auknum fjölda umsókna er skólanum kleift að velja nemendur á grundvelli einkunna í skólann sem endurspeglast í góðum árangri.
- Almenn hefur brottfall nemenda verið um 2% en hefur aukist í tæp 4% á síðustu árum. Að mati úttektaraðila geta nokkrar ástæður skýrt þessa aukningu: 1. Skólinn starfrækir nú almenna braut í tilraunaskyni sem getur haft áhrif. 2. Lágmarkseinkunn í hverri grein hefur verið hækkað úr fjórum í fimm. 3. Stytting námstímans virðist valda því að sumir nemendur flytja sig milli skóla vegna aukins álags. Til samanburðar má nefna að Hagstofa Íslands skoðaði brottfall úr framhaldsskólum 2002-2003 og var það þá 19,3% miðað við öll kennsluform.<sup>46</sup> Í úttekt á Menntaskólanum við Hamrahlíð árið 2011<sup>47</sup>, kom fram að brottfall þar var árin 2008-2011 á bilinu 3,6%-5,3%. Brottfall í Menntaskólanum að Laugarvatni var að meðaltali 7% skólaárin 2009- 2012.<sup>48</sup> Ólíkar skilgreiningar eru til á brottfalli og ætla má að þeir nemendur sem fara frá einum skóla í annan séu í einhverjum tilfellum taldir til brottfallsnemenda.
- Starfsmenn skólans eru 67 í 56,95 stöðugildum. Starfsmannavelta er lítil og meðalaldur allra starfsmanna við skólann er 13,2 ár. Þættirnir ánægja og stolt og starfsandi mældust á styrkleikabili (4,2 eða yfir) í könnuninni *Stofnun ársins* 2013. Þetta viðhorf endurspegladist á fundum og í rýnihópum. Allir viðmælendur sögðust stoltir af starfi sínu við skólann.
- Kynjahlutfall meðal nemenda er 63% konur og 37% karlar. Í yfirstjórn skólans eru eingöngu konur, en í allri stjórnun skólans er hlutfall kynja 20% karlar og 80% konur

<sup>46</sup> Hagiðindi ágúst 2004

<sup>47</sup> Úttekt á Menntaskólanum við Hamrahlíð

<sup>48</sup> Úttekt á Menntaskólanum að Laugarvatni

sem endurspeglar hlutfall karla og kvenna við skólann (sjá nánar í kafla 4.4). Námsval nemenda er kynjaskipt, þá helst á náttúru- og hugvísindabraut þegar leiðrétt hefur verið fyrir kynjahlutfalli í nemendahópnum. Skólinn virðist því ekki uppfylla jafnréttisstefnu sína.

- Í starfsmannastefnu skólans segir að starfsmaður eigi rétt á starfsmannasamtali a.m.k. einu sinni á þriggja ára fresti. Í sameiginlegri framkvæmdaáætlun fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og KÍ vegna framhaldsskóla kemur fram að „ráðuneytið muni ganga eftir að stofnanir hafi virka starfsmannastefnu þar sem fram komi að þær uppfylli lágmarkskröfur um árleg starfsmannasamtöl þar sem starfslýsingar og starfsþróunaráætlanir starfsmanna eru yfirfarnar“<sup>49</sup>. Telja má eðlilegt að framvegis verði árleg starfsmannasamtöl í skólanum.
- Kennarar skólans hafa allir full réttindi til kennslu í framhaldsskóla og meirihluti þeirra hefur lokið meistaranámi.
- Skólinn hefur ekki formlegt ferli fyrir móttöku nýrra kennara og er hún mismunandi eftir deildum. Mikilvægt er að útbúið verði formlegt ferli fyrir móttöku nýliða og það samræmt milli deilda.
- Formleg sí- og endurmenntunarstefna og áætlun er ekki til staðar en vel tekið í beiðni þar að lútandi. Kennarar sækja sjálfir sí- og endurmenntun og þá einna helst í gegnum fagfélög. Framboð á endurmenntun kennara fer eftir virkni fagfélaga. Það sem hamlar endurmenntun einna helst er að námskeið og fyrirlestrar eru á vinnutíma og oft á tíðum kostnaðarsöm. Mikilvægt er að huga vel að markvissri endurmenntun allra starfsmanna með skipulögðum hætti út frá þörfum skólans og starfsfólks hans og nýta rafræna miðla eftir aðstæðum. Starfsmenn eru hvattir enn frekar til að nýta sjóði stéttarfélaganna til sí- og endurmenntunar.
- Stefna og framtíðarsýn skólans eru að skólinn þróist áfram í takt við strauma og stefnur í menntamálum ungs fólks á hverjum tíma ásamt því að byggja á grunnþáttunum sex sem koma fram í aðalnámskrá framhaldsskóla 2011. Flestir starfsmenn skólans áttu aðkomu að mótun stefnu og áherslna skólans. Hugna þarf betur að þáttöku annarra starfsmanna en kennara í slíkri vinnu.
- Skólinn hefur frá árinu 2008 unnið þróunarverkefni í tengslum við innleiðingu laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Verkefnið hefur hlotið styrki úr þróunarsjóði framhaldsskóla. Mikil vinna hefur farið fram innan skólans með þáttöku margra og hefur hún skilað starfsfólki og nemendum margvíslegum ávinningi. Enn eru þó einhver verkefni í vinnslu eins og að útfæra frekar kennsluhætti og námsmat.

<sup>49</sup> Sameiginleg framkvæmdaáætlun fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Kennarasambands Íslands vegna framhaldsskóla.

- Ein helsta breytingin á skólastarfinu er stytting námstíma og nýjar námsbrautir. Breytingin fól einnig í sér endurskoðun á námsmati (sjá nánar kafla 5.2), betri nýtingu á skólaári og að lækka kostnað á ársnemanda. Prófdögum hefur fækkað um þrjá en kennsludögum, nemendadögum og öðrum dögum fjölgað um þrettán. Kostnaður á ársnemanda hefur aukist um 10,5% en sparnaður við styttingu náms er áætlaður 16,7%. Áætlaður sparnaður með tilkomu nýja kerfisins er því 8%.
- Ekki er orðið tímabært að meta árangur nemenda í háskólanámi þar sem fyrstu nemendur í nýja kerfinu voru útskrifaðir 2012. Mismunandi viðhorf komu fram meðal viðmælenda um breytingu á námi, einna helst var nefnt markvissara og betur skipulagt nám en einnig aukið álag á nemendur. Einnig kom fram að með styttingu náms hafi orðið að minnka kennslu í ákveðnum greinum sérstaklega í 3ja tungumáli.
- Skólinn hefur eineltisstefnu, jafnréttisstefnu, forvarnarstefnu, umhverfisstefnu og öryggisstefnu. Einnig vinnur skólinn að stefnu í heilsumálum í tengslum við þátttöku hans í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli.
- Húsnæði og aðbúnaður skólans uppfyllir ekki þarfir hans. Húsnæðismál og aðbúnaður eru þeir þættir sem helst brenna á öllum starfsmönnum og kennurum skólans.
- Reglulegt eftirlit slökkviliðs og heilbrigðiseftirlits hefur farið fram. Síðasta úttekt vinnueftirlitsins fór fram árið 2004. Skólinn hefur brugðist við athugasemdum og ábendingum eftir bestu getu.
- Svo virðist sem hagræðingaraðgerðir í kjölfar efnahagshruns hafi að miklu leyti komið niður á fjölda valáfanga, endurnýjun á tækjum og aðbúnaði, kaupum á rekstrarvörum, fækkun stöðugilda og almennu viðhaldi. Einnig hafa stjórnendur þurft að taka á sig aukin verkefni með tilheyrandi álagi og því ljóst að einhver brýn verkefni geta orðið útundan.
- Í skólanum eru fjórar námsbrautir, félagsvísindabraut, náttúruvísindabraut, hugvísindabraut og almenn braut sem nefnist Brautabrá.

### 3. SKÓLANÁMSKRÁ

---

*Sérhver framhaldsskóli skal gefa út skólanámskrá. Skólanámskrá skiptist í tvo hluta, almennan hluta og námsbrautarlýsingar. Í almennum hluta skólanámskrár skal gerð grein fyrir starfsemi skólans, helstu áherslum og stefnumörkun, stjórnskipan, námsframboði og skipulagi náms, kennsluháttum, námsmati, stuðningi, ráðgjöf og þjónustu við nemendur, réttindum og skyldum nemenda, foreldrasamstarfi og samstarfi við utanaðkomandi aðila, sjálfsmati og gæðamálum og öðru sem skóli kys að kveða á um í skólanámskrá. Jafnframt skal skóli gera grein fyrir því hvernig hann uppfyllir skilyrði samkvæmt almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og markmið laga þessara og reglna sem settar eru með stöð í þeim. Um setningu námsbrautarlýsinga í skólanámskrá skal farið að ákvæðum 23. gr. Skólanámskrá skal staðfest af skólanefnd að fenginni umsögn skólafundar, sbr. 5. gr. Skólanefnd fylgist með framkvæmd skólanámskrár.<sup>50</sup>*

Ný skólanámskrá Kvennaskólans í Reykjavík verður að sögn stjórnenda tilbúin í febrúar 2014. Drög að henni eru aðgengileg á heimasíðu skólans undir ýmsum flokkum, sjá tillögu að uppröðun í skólanámskrá Kvennaskólans í viðhengi IV. Kennarar og stjórnendur segja útfærslu á kennsluháttum og námsmati ekki lokið. Margir kennarar hafi þó gert námsmat og kennslu fjölbreyttari. Brautarlýsingar á náttúru-, félags- og hugvísindabrautum liggja fyrir en mennta- og menningarmálaráðuneytið á eftir að samþykkja þær. Eftir er að ganga frá lýsingu á brautabréf/almenntri braut og verið er að vinna að framhaldsskólaprófi.

#### 3.1. Endurskoðun skólanámskrár

Í upphafi skólaársins 2009-2010 ákvað ráðuneytið að fresta gildistöku framhaldsskólalaga til haustsins 2015 í stað 2011 vegna slæms efnahagsástands í íslensku samfélagi. Við það kom hik á marga skóla. Kvennaskólinn hélt hins vegar áfram vinnu við gerð nýrrar aðalnámskrár samhliða vinnu við nýja stefnumótun og endurskipulagningu námsins (sjá kafla 2.3.1). Að sögn stjórnenda hafa kennarar, stjórnendur og nemendur komið að mótun námskrárinnar, m.a. með vinnu í þverfaglegum hópum kennara og rýnihópum, bæði nemenda í skólanum og fyrrverandi nemenda. Hugmyndafræði lykilþátta hafi verið skoðuð í faghópum svo og hæfniviðmið og þrepalýsingar og búið sé að skilgreina marga þætti. Kennarar hafi m.a. nýtt fasta fundi vel til vinnunnar, kennarahópurinn í heild verið faglegur og jákvæður gagnvart því að taka þátt í þróunarverkefnum og stjórnendur skólans hafa unnið vel saman. Blandaðir hópar hafi tekið ákvarðanir um hvað átti að vera í kjarna og fengist hafi lýðræðisleg niðurstaða. Góð umræða við að skoða alla áfanga út frá þrepum hefði skilað sér vel. Aðrir starfsmenn, foreldrar og skólanefnd hafa lítið sem ekkert komið að þessari vinnu og skólanámskráin ekki verið kynnt í skólanefnd.

---

<sup>50</sup> Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla, 22.gr.



Þróunarstjóri stýrði ferlinu við aðlögun stefnu og skólanámskrár að nýrri aðalnámskrá og var í 50-75% starfi meðan á þróuninni stóð. Að sögn margra viðmælenda skipti það miklu máli. Stjórnendur segja skólann hafa fengið góðan stuðning frá ráðuneytinu, sérstaklega í upphafi, en að meiri samfellu hafi vantað eftir að ákveðnum þáttum var úthýst. Kjarasamningar kennara hafi ekki verið hindrun við framþróun á skólanámskrá Kvennaskólans en allir kennarar fengu greitt fyrir vinnu sína, m.a. af þróunarstyrkjum, og gerður var sérstakur samningur með vilja ráðuneytis við Kennarasamband Íslands um kennsluafslátt vegna yfirfærslu í nýtt kerfi.

Kennarar segja að tímaramminn hafi verið þröngur og þeir hafi ekki áttað sig á hve mikil vinnan var, meiri en sumir höfðu gert ráð fyrir miðað við greiðslu. Kennarar og stjórnendur sögðu reynslu sína vera þá að vel hefði tekist til, námið væri markvissara og skipulagðara. Hins vegar væri mikið álag á nemendum, sérstaklega væri vinnudagur langur. Enn sé þörf á frekari umræðu og vinnu um kennsluhætti og námsmat svo og hvernig meta skuli árangur af nýju kerfi.

Núverandi nemendur hafa lítið komið að vinnu við skólanámskrá. Skiptar skoðanir voruá kerfinu meðal þeirra nemenda sem rætt var við. Sumir sögðu það henta sér mjög vel að geta tekið námið á þremur árum og álagið væri ekki of mikið. Aðrir sögðu álagið of mikið sem kæmi m.a. niður á tómstundastarfi og félagsstarfi í skólanum.

### 3.1.1. Grunnþættir menntunar

Skólinn hefur sett niður skriflega hvernig unnið skuli með grunn- og lykilhæfni á bóknámsbrautum skólans og eru þar grunnþættir menntunar fléttadír inn í námið. Fyrir hverja bóknámsbraut er útlistað hvar og hvernig sé unnið sé með lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, læsi, tjáningu og samskipti á íslensku og á erlendum tungumálum, heilbrigði, menntun til sjálfbærni, skapandi hugsun og hagnýtingu þekkingar, námshæfni og læsi, tjáningu og samskipti um tölur og upplýsingar.<sup>51</sup> Að sögn stjórnenda og kennara er reynt að flétta grunnþættina inn í námið eins og kveðið er á um í námskrá.

## 3.2. Tengsl skólastiga

*Fyrsta hæfniþrep framhaldsskólans skarast á við unglíngastig grunnskólans á þann hátt að lýsing á fyrsta hæfniþrepi framhaldsskólans er jafnframt lýsing á þeirri hæfni sem stefnt er að við lok grunnskóla.<sup>52</sup>*

Að sögn stjórnenda og kennara hefur skólinn lítil tengsl við grunnskóla nema það sem snýr að kynningum á skólanum.

<sup>51</sup> Gögn frá skólameistara

<sup>52</sup> Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011:48

*Fjórða þrepið felur í sér nám sem ýmist fer fram innan eða á vegum framhaldsskóla eða háskóla. Námslok á fjórða þrepi einkennast ýmist af aukinni sérhæfingu og/eða útvíkkun sérhæfingar í tengslum við stjórnun, leiðsögn, þróun eða nýsköpun<sup>53</sup>.*

Tengsl eru við háskólana (HÍ, HR og LHÍ). Einnig hefur skólinn átt í samstarfi við Myndlistaskólann í Reykjavík um nám á brautabré og kennslu á sjónlistabraut Myndlistaskólans. Gerður hefur verið samningur milli skólanna vegna útskriftar nemenda úr sjónlistadeild Myndlistaskólans. Hann kveður á um að Kvennaskólinn ábyrgist og votti að nám í almennum greinum til stúdentsprófs sé fullnægjandi. Fyrstu stúdentarnir af sjónlistabrautinni útskrifuðust í maí 2013. Skólinn á samstarf við Fjölbrautaskólann við Ármúla um umhverfismál. Skólinn hefur einnig átt í samskiptum við skóla erlendis.

### 3.3. Námsmat

*Almennt námsmat í framhaldsskóla er í höndum kennara, undir umsjón skólameistara. Matið byggist á markmiðum skólastarfs sem kveðið er á um í aðalnámskrá og skólanámskrá. Nemandi á rétt til að fá útskýringar á mati er liggur að baki lokaeinkunn í námsáfangi innan fimm virkra daga frá birtingu einkunnar.<sup>54</sup>*

Í stefnu skólans segir:

*Samband árangurs og erfiðis í náminu er undirstrikað og nemendum gert ljóst að stöðug og góð vinna yfir veturinn reynist jafnan farsælust. Leitast er við að gera raunsæjar kröfur og veita nemendum uppbyggilega endurgjöf. Gott dæmi um vandaðan undirbúning undir framhaldsnám er áfanginn lokaverkefni, þ.e. stór heimildaritgerð eða rannsóknarverkefni.*

Almenn lokamarkmið skólans eru að nemendur:

- séu undirbúnir fyrir virka þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi
- búi yfir félagslegri og borgaralegri hæfni
- sýni frumkvæði og ábyrgð og hafi sjálfstraust
- búi yfir siðferðisvitund, víðsýni og umburðarlyndi
- hafi öðlast gagnrýna og skapandi hugsun
- geti beitt þeim vísindalegu vinnubrögðum sem kennd eru í framhaldsskóla
- geti notað þekkingu sína og færni til að vinna að margvíslegum verkefnum
- séu færir um að leita lausna í samvinnu við aðra
- hafi gott vald á upplýsingatækni
- hafi gott vald á tjáningu bæði í ræðu og riti
- kunni að njóta menningarlegra verðmæta
- hafi öðlast vitund og ábyrgð gagnvart umhverfi sínu
- séu vel undirbúnir fyrir frekara nám

<sup>53</sup> Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011:49

<sup>54</sup> Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla 30.gr.

Í skólanámskrá segir:

*Mikilvægt er að námsmat sé með fjölbreyttum hætti og endurspegli markmið námsins. Í upphafi hvernar annar skulu nemendum kynntar kennsluáætlanir, námsmarkmið og tilhögun námsmats hvers áfanga. Námsmat er í höndum kennara. Nemendur eiga rétt á að fá útskýringar á mati sem liggur að baki lokaeinkunn í námsáfanga innan fimm virkra daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemendur, sem ekki hafa náð lágmarkseinkunn, þá eigi una mati kennarans geta þeir snúið sér til skólameistara og óskað eftir mati sérstaks prófdómara. Þá skal kveða til óvilhallan prófdómara sem metur prófurlausnir. Úrskurður hans er endanlegur og verður ekki skotið til æðra dómsvalds.*

Í áfangalýsingum og kennsluáætlunum sem eru aðgengilegar á heimasíðu skólans, eru skilgreind hæfnimarkmið um þekkingu, leikni og hæfni sbr. nýja aðalnámskrá en ekki alls staðar gerð grein fyrir námsmati. Að sögn stjórnenda og kennara hefur skólinn ekki útfært til hlítar stefnu skólans um námsmat. Einkunnir eru gefnar í heilum tölum frá 1-10 og skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar um merkingu þeirra:

- 10 u.þ.b. 95 - 100 % markmiða náð
- 9 u.þ.b. 85 - 94 % markmiða náð
- 8 u.þ.b. 75 - 84 % markmiða náð
- 7 u.þ.b. 65 - 74 % markmiða náð
- 6 u.þ.b. 55 - 64 % markmiða náð
- 5 u.þ.b. 45 - 54 % markmiða náð
- 4 u.þ.b. 35 - 44 % markmiða náð
- 3 u.þ.b. 25 - 34 % markmiða náð
- 1 u.þ.b. 0 - 14 % markmiða náð
- 0 ef nemandi lýkur ekki áfanganum eða mætir ekki í lokapróf

Til að flytjast á milli námsára verður nemandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- *Aðaleinkunn, sem er vegið meðaltal lokaeinkunna allra áfanga skólaársins, þarf að vera að lágmarki 5,0.*
- *Lokaeinkunn hvers áfanga má ekki vera lægri en 5.*
- *Ljúka verður a.m.k. 50 einingum á skólaári.*
- *Ljúka verður öllum áföngum sem kjarnaáfangar næsta skólaárs byggja á.*

Stjórnendur segja fjölbreyttar aðferðir nýttar við námsmat sem sé mismunandi eftir brautum og greinum. Deildir/faghópar stýri og tryggi samræmt mat fyrir hvern áfanga en ekki endilega milli áfanga, enda njóta kennarar faglegs sjálfstæðis eins mikið og unnt er innan ramma námskrár. Unnið sé skv. brautarlýsingum samþykktum af ráðuneyti. Símat aukist

eftir því sem líði á námið. Nemendur geti þannig fallið á áfanga þrátt fyrir að ná lokaprófi áfangans. Stefnan sé að auka vægi símats í vinnu nemenda og meiri endurgjöf verði yfir veturinn. Einingin sé mælikvarði á vinnu nemenda. Reikna megi með að að baki hverri einingu nemenda liggi 18-24 klst vinna. 30% náms sé á þriðja þrepi (17% í aðalnámskrá) og þar sé farið dýpra í námsefni sem sé liður í að búa nemendur undir háskólanám. Skylt er að skrifa lokaritgerð sem uppfyllir öll form háskólaritgerðar.

Kennarar segja námsmat fjölbreytt og að það fari eftir fögum og áföngum. Símat sé að verða algengara og próf séu frekar yfirlitspróf, en formleg „gamaldags próf“ hafi mikið vægi í sumum greinum. Hver deild ákveði fyrirkomulag og hlutfall lokaprófa og það sé ekki samræmt á milli áfanga. Unnið sé út frá þekkingu, leikni og hæfni í tengslum við þrepin. Í hópi fagstjóra sem og stjórnenda kom fram að stefna skólans sé að taka persónulega á hverjum nemenda og því séu ekki staðlaðar aðferðir eða ferlar. Mikill munur á milli þrepa og skýrari kröfur og námið eigi að meta meira sem stöðuga vinnu. Kennarar segjast hafa reynt á kerfisbundinn hátt að samræma og fara yfir hve margra vinnustunda er krafist af nemendum skv. líkani frá Kennarasambandi Íslands. Nemendur sem rætt var við sögðu námsmat í skólanum fjölbreytt, bæði próf og símat á vinnu. Yfirleitt væri námsmati lýst í áfangalýsingum og kennsluáætlunum. Breytingu á námsmati vegna innleiðingar laga um framhaldsskóla frá árinu 2008 má sjá nánar í viðauka III.

### 3.3.1. Árangur og einkunnir

Meðaleinkunn útskrifaðra nemenda Kvennaskólans hefur almennt verið í kringum 7,5, sjá nánar töflu 14. Hópurinn sem útskrifaðist í maí 2012 var blandaður hópur nemenda sem höfðu stundað nám skv. nýrri námskrá og eldri námskrá.<sup>55</sup>

Tafla 14. Meðaleinkunn nemenda á stúdentsprófi

Útskrift	Meðaleinkunn útskrifaðra
Maí 2011	7,41
Maí 2012	7,54
Des. 2012	7,22
Maí 2013	7,54
Des 2013	6,8

<sup>55</sup> Gögn frá skólameistara

### 3.4. Mat úttektaraðila

- Skólinn hefur lokið endurskoðun skólanámskrár. Hann hefur átt athyglisvert frumkvæði að endurskoðuninni út frá nýjum lögum og aðalnámskrá og ekki látið óleystan ágreining mennta- og menningarmálaráðuneytis og Kennarasambands Íslands um greiðslur hafa þar áhrif, heldur samdi sérstaklega og sótti um þróunarstyrki sem nýttir hafa verið til að greiða starfsfólki fyrir vinnuna og til fræðslu um viðfangsefnið, og gert sérstakan samning þar að lútandi. Skólinn hóf kennslu skv. nýrri aðalnámskrá haustið 2010 fyrir nemendur fædda 1994 og var annar tveggja fyrstu framhaldskóla sem það gerðu.
- Margir hafa komið að endurskoðuninni en að mati úttektaraðila hefði mátt virkja skólanefnd og aðra starfsmenn skólans betur í námskrárvinnunni, sbr. lög um framhaldsskóla og aðalnámskrá.
- Hugað hefur verið að grunnþáttum menntunar í áfangalýsingum en eftir er að útfæra þá enn frekar í kennsluháttum og námsmati.
- Samstarf skólans við grunnskóla virðist lítið og að mestu leyti falið í kynningum á starfsemi skólans í grunnskólum sem kann að eiga sér þá skýringu að nemendur koma víða að.
- Samstarf skólans við aðra framhaldsskóla hefur verið þó nokkurt í tengslum við námskrárvinnu og við Myndlistarskólann í Reykjavík um samþættingu náms, sérstaklega á brautabré. Einnig hefur verið samstarf við háskóla sem mætti auka enn frekar. Þetta samstarf verður æ mikilvægara að teknu tilliti til hæfniprepa í nýrri aðalnámskrá. Í matsáætlun skólans er gert ráð fyrir að skólinn kanni reglulega afdrif nemenda sinna í framhaldsnámi.
- Námsmat skólans er fjölbreytt og ákvarða einstakir kennarar fyrirkomulag þess. Eins og fram kemur hér að ofan liggur ekki fyrir endanleg útfærsla stefnu um námsmat og er mikilvægt að unnið verði að henni. Í skólanámskrá eru í áfangalýsingum og kennsluáætlunum skilgreind hæfnimarkmið um þekkingu, leikni og hæfni sbr. nýja aðalnámskrá en ekki er alls staðar gerð grein fyrir námsmati.

## 4. STJÓRNUN OG REKSTUR

Rekstur skólans er á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í yfirstjórn skólans eru skólameistari og aðstoðarskólameistari. Skólameistari er yfirmaður allra starfsmanna skólans og er ábyrgur fyrir innra starfi hans.<sup>56</sup> Aðstoðarskólameistari er staðgengill skólameistara. Núverandi skólameistari hefur stjórnað skólanum frá árinu 1998 en hefur starfað við skólann frá 1973. Skólameistari var í leyfi frá skólanum skólaárið 2006-2007 en hún stýrði þá Menntaskólanum á Ísafirði. Aðstoðarskólameistari hefur starfað við skólann frá 1981, þar af tæp 17 ár við stjórnun, þ.m.t. eitt ár þar sem aðstoðarskólameistari starfaði sem verkefnastjóri í menntamálaráðuneytinu. Auk þeirra starfa við stjórnun fjármála- og skrifstofustjóri, námsstjóri og faktor, þ.e tvær konur og einn karlmaður. Í yfirstjórn skólans eru aðeins konur en í allri stjórnun skólans er hlutfall kynja í stjórnun 20% karlar og 80% konur.<sup>57</sup>

Í drögum að skólanámskrá kemur fram að *stjórnendur skólans bera ábyrgð á að upplýsingaflæði sé gott og bodleiðir skýrar. Þeir aðstoða við lausn ágreiningsmála en skulu þó gæta sanngirni gagnvart báðum aðilum. Stjórnendur bera ábyrgð á að vinnuaðstada starfsfólks og tækjakostur séu eins góð og kostur er á hverju sinni. Stjórnendur bera ábyrgð á að langtíamarkmiðum skólans sé náð.*<sup>58</sup> Niðurstöður úr könnuninni *Stofnun ársins* 2012 og 2013 gefa innsýn í viðhorf starfsmanna til stjórnunar skólans en árið 2012 mældist þátturinn trúverðugleiki stjórnenda með meðaltal upp á 3,98 sem er á starfshæfu bili (3,7 til 4,2) og árið 2013 4,22 sem er á styrkleikabili (>4,2 af 5,0). Meðaltal allra stofnana var árið 2012 3,74 og árið 2013 3,83.<sup>59</sup>

Stjórnendur skólans segja að stjórnun hafi gengið vel og benda á niðurstöður könnunarinnar *Stofnun ársins*. Þeir taka þó fram að ólga hafi verið innan starfsmannahópsins við upphaf þróunarferlisins en þegar á leið hafi ánægja aukist og endurspeglist það í bættum trúverðugleika stjórnenda en að auki hafi skólinn tekið í notkun nýtt húsnæði að Fríkirkjuvegi 1 sem einnig bæti starfsanda og samvinnu. Að sögn þeirra er stjórnin dreifstýrðari og lýðræðislegri eftir að vinna hófst við þróunarverkefnið, þeir leiti í auknum mæli til starfsmanna eftir tillögum og virku samráði þó svo að endanleg ákvörðun sé tekin af stjórnendum. Þetta eigi m.a. við gerð skólanámskrár. Einnig benda þeir á að starfmannahópurinn sé faglegur og jákvæður að taka þátt í þróunarverkefnum. Þessu eru kennarar í rýnihópum og fagstjórar sammála. Þó kom fram það viðhorf meðal kennara í rýnihópi að sumar ákvarðanir ætti að taka með lýðræðislegri hætti að undangenginni

<sup>56</sup> Reglugerð um starfslíð og skipulag framhaldsskóla nr. 1100/2007

<sup>57</sup> Gögn frá skólameistara

<sup>58</sup> Drög að skólanámskrá

<sup>59</sup> Stofnun ársins 2012 og 2013

gagnmerkri umræðu. Fram kom meðal annarra starfsmanna að stjórnunarstíll skólameistara og aðstoðarskólameistara væri breytilegur, þörf væri á að stjórnendur væru í auknum mæli hreyfanlegir milli húsa.

Á heimasíðu skólans eru aðgengilegar ársskýrslur skólans frá árinu 2009 til ársins 2012. Í ársskýrslu skólans frá 2012 er fjallað um hlutverk skólans, skipulag og markmið, nemendafjölda, skiptingu á brautir, innritun, þróunarverkefni, sjálfsmat og eftirfylgni, rekstur, húsnæði, starfsmannamál o.fl. Þar kemur m.a. fram að allir kennarar skólans hafi kennsluréttindi í framhaldsskólum, nýnemar í fyrsta bekk við skólann hafi verið 215 og að flestir nemendur skólans (48%) stunda nám á náttúrufræði-/náttúruvísindabraut. Ennfremur kemur fram að fjárheimild skv. fjárlögum hafi verið 414,3 m.kr en þar af sértekjur upp á 28,5 m.kr. Rekstrarútgjöld ársins voru 522,4 m.kr., tekjur voru 71,2 m.kr. og framlag ríkissjóðs 430,3 m.kr. Rekstrarhalli var 20,9 m.kr. Höfuðstóll er neikvæður um ca 21 m.kr. og skuld við ríkissjóð 40,5 m.kr.<sup>60</sup> Að sögn stjórnenda hafa verið erfiðleikar vegna uppsafnaðs halla. Framlög til framhaldsskóla hafi lækkað um 12 milljarða eða um 13%. Skólinn hafi átt fyrningar sem hann hafi nýtt í rekstur frá 2009-2012. Þeir benda einnig á að verð á hvern nemenda sé of lágt.

#### 4.1. Stjórnskipulag og skipurit

Skipurit skólans er aðgengilegt á heimasíðu hans og í drögum að skólanámskrá er ábyrgðarskipting sýnd myndrænt. Ítarlegri ábyrgðarskipting er tilgreind í starfslýsingum.<sup>61</sup> Í rýnihópum kennara og í rýnihópi annarra starfsmanna kom fram að ábyrgð stjórnenda og verkaskipting þeirra á milli væri ekki alltaf nægilega skýr en þrátt fyrir það væru stjórnendur alltaf aðgengilegir og beindu málum í réttan farveg. Stjórnendur, fagstjórar og fyrrverandi brautarstjórar sögðu að ábyrgðarskipting stjórnenda væri skýr. Viðmælendur virtust almennt ekki leggja mat á hvort stjórnskipulag skólans hentaði stærð hans og verkefnum. Skipulagsbreytingar hafi orðið haustið 2013 sem enn sé ekki komin reynsla á. Þá voru stöður brautarstjóra lagðar niður en staða námsstjóra kom í þess stað. Þá var stöðugildi á skrifstofu minnkað. Skipulagsbreytingar á störfum brautarstjóra voru að sögn stjórnenda að frumkvæði eins brautarstjórans en stöðugildi hvers brautarstjóra var þá 8,56% en hafði verið 11,42% fyrir efnahagshrun. Þá fengu þeir einnig 3 launaþrep. Fyrrverandi brautarstjórar lýstu áhyggjum sínum af því að þegar störf brautarstjóra voru lögð niður hafi bil milli stjórnenda og kennara aukist, sem geti dregið úr upplýsingamiðlun. Fram kom meðal fulltrúa í skólanefnd að eins og skipurit skólans sé nú sett upp geti stjórnendur einangrast og að þeir telji kost ef stjórnunarteymi skipi a.m.k. þrír ef ágreiningur komi upp.

<sup>60</sup> Ársskýrsla Kvennaskólans í Reykjavík 2012

<sup>61</sup> Drög að skólanámskrá

Fram kom það viðhorf í rýnihópi kennara að þörf væri á móttöku í húsnæði hans að Fríkirkjuvegi 1. Ennfremur að auka megi stöðugildi náms- og starfsráðgjafa eða bæta við stöðu sálfræðings eða sérkennara þar sem þá þekkingu skorti. Æskilegt væri að þá væri ráðinn karl til að jafna mikinn kynjahalla og auka aðgengi drengja að sérþjónustu. Stjórnendur segja að verkefni hafi hlaðist á þá, námsstjóra, fjármálastjóra, ritara/móttöku og fleiri þegar stöðugildum var fækkað og þau færð til samkvæmt nýju skipuriti. Þá vanti aðstoð við ráðningar, starfsmannaviðtöl og annað tengt starfsmannamálum, en skólameistari og aðstoðarskólameistari eru þeir einu sem hafa mannaforráð. Ennfremur séu verkefni sem ráðuneytið hafi áður sinnt nú á höndum skólans, s.s. námskrá, laun, reikningar o.fl. Kennarar í rýnihópum sögðu að verkferlar væru ekki alltaf skýrir og ætti það einna helst við um agamál. Einnig kom fram að mikið væri um óskrifaðar reglur, s.s. er varðar öryggiskerfi skólans. Stjórnendur segja suma verkferla vera skýra t.d. varðandi hvernig eigi að taka á aga- og fjarvistamálum m.a. fyrir umsjónarkennara.

#### 4.1.1. Skólaráð

Skólaráð er við skólann og er það skipað á hverju hausti í byrjun skólaársins. Ráðið skipa skólameistari, aðstoðarskólameistari og faktor. Ennfremur eiga þar sæti tveir fulltrúar kennara sem kosnir eru leynilegri kosningu á kennarafundi og tveir nemendur; formaður nemendafélagsins og annar fulltrúi nemenda. Fulltrúar nemenda eru tilnefndir af nemendafélagi. Kennarar í rýnihópum segja sátta ríkja um val á fulltrúum kennara í ráðinu.<sup>62</sup>

Hlutverk skólaráðs er að vera skólameistara til aðstoðar og ráðgjafar um stjórn skólans, fjalla um starfsáætlun skólans og framkvæmd hennar, fjalla um skólareglur, umgengnishætti í skólanum, vinnu- og félagsaðstöðu nemenda, veita umsögn um erindi frá skólanefnd, almennum kennarafundi, nemendaráði, einstaklingum, skólameistara og menntamálaráðuneytinu sé þess óskað og fjalla um mál sem varða einstaka nemendur og er farið með þau sem trúnaðarmál.<sup>63</sup>

Fundargerðir ráðsins eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans en skv. þeim hefur ráðið komið saman fjórum sinnum á skólaárinu 2012-2013. Á þeim fundum var m.a. rætt um hlutverk og störf ráðsins, aðstöðu nemenda í skólanum, skóladagatal, einelti, fjölgun nemenda, félagslíf nemenda o.fl. Að sögn stjórnenda fundar ráðið almennt mánaðarlega og fjallar að mestu um félagslíf nemenda, málefni einstakra nemenda, húsnæði og próftöflu.<sup>64</sup>

#### 4.1.2. Skólanefnd

Skólanefnd er við skólann og er skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra til fjögurra ára í senn. Nefndina skipa fimm fulltrúar. Þrír fulltrúar sem búsettir eru í sveitarfélaginu og

<sup>62</sup> Gögn frá skólameistara

<sup>63</sup> Reglugerð um skólaráð við framhaldsskóla nr. 140/1997: 2.gr.

<sup>64</sup> Fundargerðir skólaráðs



valdir án tilnefningar. Tveir fulltrúar eru tilnefndir af sveitarstjórn. Varamenn skólanefndar eru valdir með sama hætti. Einnig sitja tveir fulltrúar í nefndinni sem áheyrnarfulltrúar til eins árs í senn, fulltrúi kennara tilnefndur af kennurum og fulltrúi nemenda tilnefndur af nemendafélagi skólans. Nefndin velur sér formann til eins árs í senn og stýrir skólameistari kjöri hans á fyrsta fundi hvers árs.<sup>65</sup> Núverandi skólanefnd var skipuð í apríl 2013 og hefur formaður setið í nefndinni í u.þ.b. fimm ár.<sup>66</sup>

Hlutverk skólanefndar er að *marka áherslur í starfi skólans og stuðla að sem bestri þjónustu við íbúa á starfssvæði skólans og tengslum hans við atvinnu-, félags- og menningarlíf, vera skólameistara til samráðs um námsframboð skóla, staðfesta skólanámskrá að fenginni umsögn almenns skólafundar og fylgjast með framkvæmd hennar, veita skólameistara umsögn um árlega starfs- og fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgjast með framkvæmd hennar, vera skólameistara til samráðs um fjárhæð þeirra gjalda sem skólameistari ákveður skv. 45. gr., vera skólameistara til samráðs um samninga sem viðkomandi skóli gerir, vera skólameistara til samráðs um starfsmannamál, veita ráðherra umsögn um umsækjendur um stöðu skólameistara.*<sup>67</sup> Fundargerðir skólanefndar eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Skv. þeim kom nefndin tvisvar sinnum saman skólaárið 2012-2013 og þrisvar árið áður. Nefndin hefur m.a. fjallað um ráðningar, fjárlög og rekstrarvanda skólans, ákvörðun skólagjalda, rekstraráætlun og samstarfssamninga.<sup>68</sup> Að sögn fulltrúa ráðsins er það markmið nefndarinnar að funda mánaðarlega en því markmiði hafi ekki verið náð og fundi nefndin að jafnaði tvisvar á önn.<sup>69</sup>

Á fundi með stjórnendum kom fram að skólameistari upplýsi skólanefnd um ráðningar, nefndin taki fyrir og ákveði skólagjöld ásamt því að fara yfir fjárhagsstöðu, rekstraráætlun og ársreikninga skólans. Ennfremur hafi nefndin tekið þátt í bréfaskrifum til Alþingis vegna fjárhagsstöðu framhaldsskóla. Formaður skólanefndar hefur þó átt í mun meira samstarfi við stjórnendur og verið þeim innan handar m.a. við að útvega skólanum viðbótarhúsnæði að Fríkirkjuvegi 1. Hún hafi ekki komið að mótun stefnu eða áherslna skólans eða þróun námskrár, en stefnt sé að því að leggja fullkláraða námskrá fyrir nefndina. Þessu eru fulltrúar skólanefndar sammála og segja hlutverk þeirra hafa verið fyrst og fremst að vera skólameistara til samráðs um starfsemi og stefnu skólans, nefndin sé meira í eftirlitshlutverki en stefnumótun. Fram kom á fundi með fulltrúum nefndarinnar að starf hennar í dag snúi fyrst og fremst að fjárlögum og fjármálum skólans. Fram kom að ekki væri tekið tillit til þeirrar sérstöðu skólans að vera í þremur byggingum og þar af tveimur

<sup>65</sup> Reglugerð um skólanefndir framhaldsskóla nr. 132/1997

<sup>66</sup> Gögn frá skólameistara

<sup>67</sup> Lög nr. 90/2008 um framhaldsskóla

<sup>68</sup> Gögn frá skólameistara

<sup>69</sup> Heimasíða skólans

eldri byggingum, við úthlutun fjármagns. Skólinn þurfi sjálfur að standa straum af auknum rekstrarkostnaði húsa og er hann hlutfallslega hærri vegna aldurs húsnæðis. Ennfremur hafi skólinn á fyrri árum getað leitað í styrktarsjóði o.fl. sem nú séu tómir.

## 4.2. Ákvarðanataka

Starfsmenn, nemendur og foreldrar hafa formlega aðkomu að stjórnun skólans í gegnum skólanefnd og skólaráð. Einnig hafa nemendur aðkomu að ákvarðanatöku í gegnum kannanir s.s. um mótuneyti, kennslu o.fl ásamt setu í ýmsum ráðum, s.s. heilsueflandi framhaldsskóli, jafnréttisnefnd, forvarnanefnd o.fl. Fram kom í rýnihópum þeirra að almennt væri góður aðgangur að stjórnendum. Yfirleitt væri tekið vel í tillögur og ábendingar en ákvarðanatakan misjafnlega skilvirk. Aðrir starfsmenn sem rætt var við sögðu að ákvarðanataka stjórnenda væri skilvirk en hvort mál fengi samþykki eða ekki byggðist að mestu leyti á hvort fjármagn væri til staðar. Það væri almennt hlustað á röksemdir þótt ákvarðanir liggi hjá stjórnendum. Fram kom það viðhorf meðal starfsmanna á fundum og í rýnihópum að stundum væri þörf á meiri staðfestu meðal stjórnenda og að ákvörðunum varðandi nemendur, sérstaklega í málum kunna að varða brottvísun, og skilyrðum sem sett hafi verið, sé framfylgt. Ennfremur að ekki hafi verið tekið nægilega vel á erfiðum starfsmannamálum.

## 4.3. Nemendafélag

Við skólann er starfrækt nemendafélag, Keðjan, stofnað árið 1919. Nemendafélag framhaldsskóla skal m.a. vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda.<sup>70</sup> Fulltrúar félagsins eru valdir með kosningu en stjórn þess skipa formenn nemendafélagsins, skemmtinefndar, ritnefndar, listanefndar, Fúríu og gjaldkeri, 33% karlar og 67% konur.<sup>71</sup> Stjórn Keðjunnar er jafnframt nemendaráð skólans. Starf félagsins felur m.a. í sér að skipuleggja félagsstarf nemenda (sjá nánar í kafla 6.3). Fram kom meðal nemenda í rýnihópi að nemendafélagið væri virkt en þátttaka nemenda í viðburðum væri dræm, þá sérstaklega nemenda á öðru og þriðja ári. Aðspurðir hvers vegna sögðu þeir helstu ástæðuna vera álag í námi. Mikið álag væri á nemendum skólans vegna styttingar námslengdar úr fjórum árum í þrjú. Þetta aukna álag gæfi litla möguleika á félagslífi og íþróttaiðkun. Nemendur þyrftu að skipuleggja sig einkar vel vildu þeir sinna öðrum áhugamálum samhliða skóla. Ennfremur bentu þeir á að skóladagur margra nemenda væri stundum langur. Þetta viðhorf kom einnig fram meðal kennara í rýnihópi, meðal fulltrúa foreldraráðs, á fundi með fagstjórum og á fundi með fulltrúum skólanefndar.

<sup>70</sup> Lög nr. 92/2008, 39. gr.

<sup>71</sup> Heimasiða Keðjunnar

#### 4.4. Mat úttektaraðila

- Í niðurstöðum úr könnuninni *Stofnun ársins* kom fram að trúverðugleiki stjórnenda var á svonefndu styrkleikabili ( $\geq 4,2$ ) árið 2013 og á starfshæfu bili (3,7-4,2) árið 2012. Þessi þáttur mælist umtalsvert hærri en hjá öðrum stofnunum í könnuninni. Það veur athygli að þessi þáttur hækkar á milli ára sem bendir til að stjórnendum hafi tekist vel að leiða breytingar.
- Ársskýrslur skólans frá árinu 2009-2013 eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Í ársskýrslu ársins 2012 kemur fram að höfuðstóll sé neikvæður um ca. 21 m.kr. og skuld við ríkissjóð 40,5 m.kr. Fram kom meðal fulltrúa í skólanefnd að ekki væri tekið tillit til húsnæðismála skólans við úthlutun fjár.
- Skipurit skólans er aðgengilegt á heimasíðu skólans og í drögum að skólanámskrá. Almennt vildu viðmælendur ekki meta hvort að skipuritið hentaði vel stærð skólans og verkefnum hans þar sem ekki væri enn komin nægileg reynsla á breytingar sem gerðar voru haustið 2013. Þegar reynsla verður komin á skipulagið eru stjórnendur hvattir til þess að meta hvernig til hefur tekist. Að mati úttektaraðila væri ákjósanlegt að fleiri en tveir stjórnendur hefðu mannaforráð, t.a.m. í tengslum við framkvæmd starfsmannasamtala og eftirfylgni innra mats.
- Starfslýsingar og ábyrgðarskipting stjórnenda liggja fyrir. Fram kom meðal hluta starfsmanna að ábyrgðarskipting stjórnenda væri ekki nægilega skýr. Mikilvægt er að upplýsa starfsmenn betur um ábyrgðarskiptingu milli skólameistara, aðstoðarskólameistara og námsstjóra. Almennt viðhorf starfsmanna var að gott aðgengi væri að stjórnendum.
- Í yfirstjórn skólans eru tvær konur en í allri stjórnun skólans er hlutfall kynja 20% karlar og 80% konur sem endurspeglar nokkuð vel hlutfall karla og kvenna við skólann. Áfram ætti að hvetja fleiri karla til starfa í skólanum með vísan í lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla en í grein 18 segir: „Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Sérstök áhersla skal lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.”
- Skólanefnd heldur reglulega fundi, er m.a. samráðsaðili skólameistara, fylgist með starfi skólans og hefur aðkomu að ýmsum málum. Mismunandi er á hverjum tíma hversu virk nefndin er. Formaður nefndar var í miklu samstarfi við stjórnendur í tengslum við að skólinn fengi til afnota húsnæðið að Fríkirkjuvegi 1. Að mati úttektaraðila ætti nefndin að koma enn frekar að stefnumótun hans, sbr. lög um framhaldsskóla.

## Úttekt á starfsemi Kvennaskólans í Reykjavík 2014

- Skólaráð fundar reglulega og kemur að ýmsum málum. Fundargerðir ráðsins eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans.
- Verkferlar virðast ekki alltaf nægilega skýrir. Mikilvægt er að kynna þá betur fyrir starfsmönnum, sérstaklega ferla um agamál.
- Nemendafélag skólans heldur úti fjölbreyttri starfsemi. Stjórn þess er kosin til eins árs í senn og fulltrúar þess eru virkir í skólaráði og skólanefnd.

## 5. NÁM OG KENNSLA

### 5.1. Fjölbreytni

*Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluáferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni.<sup>72</sup>*

Fram kemur í drögum að skólanámskrá Kvennaskólans að nám og kennsluhættir skólans eigi að *studla að alhliða þroska nemenda og einkennast af virðingu fyrir einstaklingnum og þörfum hans. Einnig að skólastarfið miðar að því að gera nemendur virka og sjálfstæða í námi sínu og færa um að afla sér þekkingar á eigin spýtur ásamt því að æfa þá í að tjá skodanir sínar og útskýra verklag. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluáferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu áferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Kennsluhættir eru miðaðir við að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki.*

Námsframboð skólans er að sögn stjórnenda og kennara í samræmi við löginn frá 2008 og aðalnámskrá 2011, stefnumótun skólans og skólanámskrá. Allir nýnemar hófu nám samkvæmt nýju námsframboði haustið 2009 og voríð 2012 útskrifuðust síðustu nemendurnir sem stunduðu nám samkvæmt eldra skipulagi. Fjöldi áfanga í boði haustið 2013 var 238. Vorið 2014 eru 225 áfangar í boði. Áfangalýsingar í nýju kerfi eru settar fram á stöðluðu formi frá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Þar kemur fram áfanganúmer, heiti áfangans, undanfari ef einhver er, námslýsing og lokamarkmið áfangans; þ.e. þekkingar-, leikni- og hæfnimarkmið.<sup>73</sup> Ekki er í öllum áfangalýsingum gerð grein fyrir námsmati.

Það viðhorf kom fram í rýnihópum nemenda og kennara að fjölbreytni í námsframboði, þá sérstaklega vali, mætti vera meiri, en stærð skólans og niðurskurður síðustu ára settu þar skorður. Eins og fram kemur í kafla 2.1.1 dreifast nemendur víða eftir búsetu en nefnt var að einsleitir nemendahópur út frá einkunnum í grunnskóla gæti haft þau áhrif að nemendur gerðu sér ekki nægilega grein fyrir fjölbreytni mannlífs, m.a. í atvinnulífi.

### 5.2. Kennsluhættir

Sérstaða skólans er skv. stefnu hans að sameina kosti bekkja- og áfangakerfis. Kennslustundir við skólann eru 60 mínútna langar. Í stefnunni segir að *tíminn nýtist því*

<sup>72</sup> Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011:29

<sup>73</sup> Áfangalýsingar af heimasíðu Kvennaskólans

*betur en ef um styttri kennslustundir væri að ræða og nemendur eru í færri námsgreinum á hverjum degi. Áhersla er lögð á að námið sé samfellt, markvisst og hæfilega sérhæft.*

Kennsluáætlanir liggja fyrir í öllum greinum en ekki er gert ráð fyrir að kennarar skili skýrslum í lok skólaárs um hvernig til hefur tekist með kennsluna. Á vinnudögum í lok skólaársins funda deildirnar, fara yfir nýliðið skólaár og endurskoða áfangalýsingar og kennsluhætti fyrir næsta skólaár í ljósi reynslunnar. Kennslukannanir hafa ekki verið lagðar reglulega fyrir nemendur. Nýjasta kennslukönnunin er síðan í mars 2012. Allir fá niðurstöðu sína og heildarniðurstöðu allra til samanburðar. Í kjölfar kennslukannana hefur skólameistari átt samtali við valda kennara (stundum alla) um niðurstöðuna.

Yfirleitt eru ekki gerðar einstaklingsáætlanir nema um sé að ræða sérstök tilfelli, s.s. ef hópur er misjafn að getu eða ef um er að ræða nemendur á fjórða ári sem hafa geymt námsgreinar þar til á lokaönn náms síns. Stefna skólans um heimanám er að sögn kennara að það sé í lágmarki enda skóladagur langur. Að sögn skólameistara er það stefna skólans að nemendur vinni 18-24 klst í námi sínu fyrir hverja einingu. Nemendur séu hvattir til að vinna vel í kennslustundum til að spara tíma í heimanámi. Sumar námsgreinar eins og stærðfræði krefðust þó oft meiri heimavinnu til að ná færni í greininni. Nemendur sem rætt var við sögðu heimavinnuna fara eftir ákvörðun kennara hverju sinni.

Kennarar í rýnihópum sögðu kennsluhætti nú fjölbreyttari en áður og að þeir hafi mikið frjálsræði til að prófa mismunandi kennsluáferðir. Margir kennarar hafi fært sig frá töflukennslu og fyrirlestraformi yfir í aðra kennsluhætti. Þeir nefndu hópavinnu, sjálfsnám, upplýsingaleit á neti, notkun kvikmynda, að nemendur læri að nýta námsgögn betur, séu virkari, fleiri verkefni þar sem nemendur fá þjálfun í að beita þekkingu sinni, að meiri umræða væri en áður og einnig meiri tengsl við stofnanir utan skólans. Nefnt var að í efnafræði væru t.d. notaðar bandarískar kennslubækur sem byggja á sjálfsnámi með aðstoð kennara, auk fjölda verklegra æfinga og hópverkefna. Í sumum greinum, t.d. stærðfræði, væri þó hefðbundnari kennsla, sjá nánar viðauka III. Fram kom í rýnihópi kennara að skilgreina mætti betur útfærslur á kennslunni út frá markmiðum í kennsluáætlunum og að meira mætti vera um innanhússmiðlun um kennsluhætti, endurmenntun (sjá kafla 2.2.3) og samstarf við aðra skóla.

Í rýnihópi nemenda kom fram að fjölbreytni í kennslu færi mikið eftir kennurum og námsgreinum. Íslenskan væri almennt fjölbreytt en stærðfræðin ekki og að sumir kennarar noti of oft glærur og fyrirlestra. Það viðhorf var ríkjandi í rýnihópnum að misjafnt væri hvaða aðferðir hentudu hverjum nemanda og þær þyrftu því að vera fjölbreyttar.

Að sögn stjórnenda og kennara hefur skólinn reynt að nýta sér upplýsingatækni í auknum mæli og hefur nýlega endurnýjað tölvur kennara en í tölvuveri eru tölvur komnar til ára sinna. Skólinn verði t.d. með öðrum skólum í nýju kennslu- og námsmatsumhverfi tengt

INNU. Misjafnt er hvort nemendur skólans eru með eigin fartölvur í skólanum. Kennarar og nemendur kvörtuðu yfir slæmu netsambandi á mörgum stöðum í skólanum. Nemendur sögðu kennara stundum gera kröfu um að nota tölvu og þá tölvu frá skólanum. Stundum notuðu þeir síma sína til þess að leita að efni og sumir til að nota rafræna kennslubók. Í rýnihópi kennara kom það viðhorf fram að upplýsingatæknin byði upp á marga möguleika, t.d. gætu rafrætur sparað nemendum bókakaup. Forsenda þess að tæknin nýttist væri betri aðbúnaður.

### 5.2.1. Jafnréttiskennsla

*Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla segir að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál.<sup>70</sup>*

Í skýrslu jafnréttisfulltrúa, Jafnrétti í Kvennaskólanum í Reykjavík, kemur fram að í jafnréttisáætlun skólans 2013-2014 er stefnt að því að tryggja jafnréttisfræðslu í kennslu, jafnréttisfræðslu fyrir kennara og að jafnréttismál séu á dagskrá nemendafélagsins. Í skýrslunni kemur fram að jafnréttiskennsla sé á mörgum stöðum í skólanum. Nemendur skólans fá t.d. fræðslu um jafnrétti kynjanna sem samtvinnuð sé venjubundnu námi en einnig sé efnið sérstaklega og markvisst tekið fyrir í skylduáfangum í félagsvísindum sem allir nemendur taka á fyrsta ári. Einnig kemur fram í skýrslunni að nemendur í áfanganum *Lifandi bókasafn* skipulögðu atburð um kynjafræði fyrir samnemendur sína, nemendur hafi fengið fræðslu um jafnréttismál tengd kynhneigð, kynvitund, menningu, þjóðerni, tungumálum, trúarbrögðum, lífsskoðunum, fötlun, aldri, stétt og búsetu. Þá horfðu allir nemendur skólans á fræðslumyndina *Fáðu já*. Jafnréttisfulltrúi skólans hefur fengið styrk frá Sprotasjóði til að þróa kennsluefni tengt jafnrétti kynjanna í nánnum samböndum og á afrakstur þess verkefnis á að liggja fyrir á vordögum 2014.<sup>74</sup> Kynjafræði er kennd sem valfag í skólanum og að sögn kennara koma jafnréttismál einnig inn í önnur fög, sérstaklega á félagsvísindabraut.

### 5.3. Lýðræði

*Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans...Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði.<sup>75</sup>*

Í drögum að skólanámskrá kemur fram að *stjórnunarhættir í Kvennaskólanum í Reykjavík eiga að vera lýðræðislegir og sanngjarnir þar sem unnið er að hugmyndafræði og markmiðum í samráði við starfsfólk*. Einnig að *stjórnendur komast að niðurstöðu um álitamál með lýðræðislegum hætti og bera ábyrgð á að ágreiningsmál fari í réttan farveg*.

<sup>74</sup> Jafnrétti í Kvennaskólanum í Reykjavík: Skýrsla jafnréttisfulltrúa og jafnréttisáætlun 2013 - 2014

<sup>75</sup> Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011:14

Lýðræðisleg aðkoma nemenda og starfsmanna að skólafundum er formleg í gegnum setu þeirra í skólanefnd og skólaráði. Á hverju skólaári eru haldnir skólafundir þar sem nemendur eru upplýstir um skólafundir og þeim gefst kostur á að spyrja skólastjórnendur og forystufólk nemendafélagsins spurninga. Í umræðu við starfsmenn og nemendur kom víðast fram að þeir teldu lýðræði vera virkt við skólann. Nemendur sögðu það mætti vera meira og sögðust lítið vera inni í breytingum vegna nýrrar námskrár.

## 5.4. Þróunarverkefni

Í kafla 2.3.1. er gerð ítarleg grein fyrir skýrslu um þróunarstarf skólans 2011-2012<sup>76</sup>. Þar kemur fram að enn séu mörg verkefni í vinnslu, m.a. skoðun kennsluhátta og námsmats. Kvennaskólinn í Reykjavík hefur starfrækt almenna braut sem nefnist brautabréf í tilraunaskyni frá því haustið 2011. Námsbrautin er þróunarverkefni og því skipulögð í eitt ár í senn. Brautin er *hugsuð fyrir nemendur sem vilja halda áfram framhaldsskólanámi en hafa ekki staðist inntökuskilyrði á bóknámsbrautir í einni eða tveimur greinum*. Áherslur skólans varðandi brautina eru m.a. kennsla kjarnagreina og grunnþættir sjónlistar í samvinnu við Myndlistaskólann í Reykjavík. Á brautinni er gert ráð fyrir einstaklingsmiðuðu námi og er staða hvers nemanda metin við lok hvers skólaárs. Námsbrautin er hugsuð fyrst og fremst fyrir nemendur úr nágrenni skólans og eru teknir inn 15-18 nemendur í eina bekkjardeild.<sup>77</sup> Eins og fram hefur komið (kafla 3) er endurskoðun skólanámskrár vel á veg komin, en að sögn stjórnenda og kennara þarf að útfæra kennsluhætti enn frekar. Þá kom fram að alls ekki allir nemendur brautarinnar hefðu áhuga á sjónlistum svo leita þyrfti fjölbreyttari leiða.

## 5.5. Mat úttektaraðila

- Námsframboð eftir nýrri námskrá er að mati úttektaraðila fjölbreytt og virðist koma að mestu leyti til móts við þarfir nemendahópsins. Meta þarf þennan þátt enn frekar, t.d. með öflugra innra mati (sjá kafla 8).
- Í skólanum eru í auknum mæli notaðar fjölbreyttar kennsluáðferðir. Ekki hefur verið útfærð stefna um kennsluhætti út frá nýrri aðalnámskrá. Brýnt er að ljúka henni en samtímis er mikilvægt að viðhalda faglegu sjálfstæði kennara.
- Samræmdar áfangalýsingar skv. viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytis eru til fyrir alla áfanga og aðgengilegar á vef skólans. Upplýsingar um námsmat og kennsluhætti er ekki að finna í öllum lýsingum. Eftirlit með því hvort kennsla er í samræmi við áfangalýsingar og kennsluáætlanir má auka, t.d. með reglulegum kennslukönnunum og eftirliti stjórnenda sem hluta af innra mati. Æskilegt er að

<sup>76</sup> Skýrsla um þróunarstarf Kvennaskólans veturinn 2011 - 2012

<sup>77</sup> Heimasiða Kvennaskólans í Reykjavík



nemendur hafi meiri aðkomu að gerð skólanámskrár og fyrirkomulagi kennslu, sbr. aðalnámskrá 2011.

- Sú stefna skólans að nemendur ljúki sem mestu af námi sínu í skólanum og vinni að meðaltali 18-24 klst fyrir hverja einingu kann að valda því að nemendur upplifi skóladaginn mjög langan.
- Skólinn leitast við að nýta upplýsingatækni í starfi sínu og í auknum mæli nýja miðla, en nemendur og kennarar telja að auka mætti þennan þátt enn meira. Tekið er undir það sjónarmið, enda er læsi á upplýsingar og það að geta nýtt sér margvíslega tækni við þekkingarleit grunnþættir og lykilhæfni í aðalnámskrá. Svo virðist sem skortur á fjármagni hafi reynst hér ákveðin hindrun.
- Einstaklingsbundnar námsáætlanir eru einungis nýttar þegar talin er þörf á.
- Skólinn hefur síðustu ár sótt um þróunarstyrk til ýmissa verkefna. Flest hafa þau tengst breytingum á skipulagi námsins og námskrá og hefur miðað vel. Þá hefur skólinn tekið þátt í ýmsum samstarfsverkefnum, oft alþjóðlegum með aðkomu nemenda, sem virðast hafa skilað sér í skólastarfinu. Vegna smæðar skólans og fárra kennara í hverju fagi er mikill ávinningur fyrir skólann að taka þátt í slíkum verkefnum.

## 6. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI

Í drögum að skólanámskrá segir: *Skólabragur Kvennaskólans einkennist af heimilislegu andrúmslofti, jákvæðni, góðri umgengni, góðum samskiptum nemenda og starfsfólks og gagnkvæmri virðingu þeirra á milli. Leitast er við að stuðla að vellíðan allra í skólanum og koma til móts við ólíkar þarfir eftir því sem frekast er unnt. Lögð er áhersla á vinnusemi nemenda og að góður vinnufriður ríki í kennslustundum. Aðstoð við nemendur með námsörðugleika eða önnur sértæk vandamál er veitt eftir því sem kostur er og þar kemur öflug námsráðgjöf skólans oft við sögu. Reynt er að grípa í taumana og sporna gegn brottfalli áður en í óefni er komið hjá einstaka nemendum án þess þó að slá af námskröfum skólans. Á þennan hátt vonast starfsmenn skólans til að hlúð sé að alhliða þroska, sjálfstrausti, umburðarlyndi og vísýni hvers og eins. Í viðtölum við alla hópa greindu viðmælendur frá að skólabragur Kvennaskólans í Reykjavík væri einstakur og einkenndist m.a. af jákvæðni, umhyggju, persónulegum samskiptum, trausti og að unnið sé af hjarta. Að sögn stjórnenda umgangast kennarar nemendur af tillitssemi og virðingu og gildi það sama um nemendur. Ennfremur taka þeir fram að skólabragur skólans endurspeglar í gildum hans sem eru menntun, þekking og þroski.*

### 6.1. Líðan og velferð nemenda

Í drögum að skólanámskrá segir að velferð nemenda felist meðal annars í því að lögð er áhersla á að stuðla að líkamlegu, andlegu og félagslegu heilbrigði nemenda. Til þess að stuðla að góðri líðan og velferð meðal nemenda tekur skólinn þátt í verkefnum *Heilsueflandi skóli*, sjá nánar kafla 2.3.4.<sup>78</sup> Nemendur í rýnihópi töluðu m.a. um að þeir ættu náið samband við kennara sína, skólinn væri heimilislegur, persónulegur og haldi utan um alla nemendur sína. Fram kom í rýnihópi starfsmanna að nemendur hafi leitað til þeirra og rætt við þá um eigin líðan.

Í niðurstöðum könnunarinnar Framhaldsskólupúlsinn<sup>79</sup> sem lagður var fyrir nemendur í nóvember 2013 kemur fram að nemendum skólans líður almennt betur, hafa hærra sjálfsálit og telja sig hafa meiri stjórn á lífi sínu en viðmiðunarhópur. Þó kemur fram að hlutfallslega fleiri (12,3%) greina frá þunglyndi samanborið við viðmið (10%) og svefnleysi (38,2%) samanborið við viðmið (35,6%), sjá nánar Viðauka II. Nemendur voru spurðir hvað þeim þyki gott við skólann. Í svörum kom m.a. fram allt, skemmtilegt félagslíf og samskipti við kennara, góður skólaandi, félagslíf, góðir kennarar, góður, huggulegur, heimilislegur og gamall skóli. Þegar nemendur voru spurðir hvað þeim þyki slæmt við skólann kom m.a.

<sup>78</sup> Drög að skólanámskrá

<sup>79</sup> Framhaldsskólupúlsinn nóvember 2013

fram í svörum nemenda að húsnæði skólans væri í þremur byggingum, námslengd (3. ár), álag á nemendur, langur skóladagur, samskipti einstaka kennara við nemendur, lítil samvinna milli kennara um skil á verkefnum, skortur á upplýsingaflæði til nemenda, s.s. er varðar forföll kennara, tölvubúnað þurfi að endurnýja ásamt öðrum aðbúnaði s.s. stólar í kennslustofum, matur í mötuneyti sé of dýr og kennsluaðferðir séu ekki nægilega fjölbreyttar. Fram kom í svörum ábending um að ákveðnir fordómar væru meðal nemenda skólans til nemenda á brautabré og nemenda á fjórða ári. Nemendur í rýnihópi staðfestu að eitthvað væri um fordóma gagnvart nemendum á brautabré.

Í könnuninni *Betri líðan*<sup>80</sup> sem gerð var árið 2011 meðal 16-17 ára framhaldsskólanemenda kom fram að um 87,3% þátttakenda í Kvennaskólanum í Reykjavík<sup>81</sup> töldu að það eigi mjög eða nokkuð vel við sig að þeir séu hamingjusamir samanborið við 86,6% meðal nemenda allra framhaldsskóla. Sömuleiðis töldu 88,4% (86,7% allir) það eiga vel við sig að þeir séu ánægðir með lífið en 75,7% (73,9% allir) töldu það eiga vel við sig að vera sterkir og hraustir. Í niðurstöðum kom fram að kynjamunur var á mati nemenda. Yfirlit yfir helstu þætti sem tengdir eru líðan nemanda má sjá í töflu 15. Þar kemur fram munur á afstöðu kynja til námsins. 31,8% (27,3% allir) stráka leiðist námið en 17,4% (16% allir) stelpna og 4,7% (10,2% allir) stráka finnst námið of létt en 2% (4,4% allir) stelpna. Hins vegar finnst 30,2% (19,5% allir) stráka námið of þungt en 29,2% (24,2% allir) stelpna.

Tafla 15. Niðurstöður rannsóknar Rannsóknar og greiningar á líðan 16-17 ára nemenda við Kvennaskólann í Reykjavík 2011.

Páttur	Strákar Kvennó	Strákar allir	Stelpur Kvennó	Stelpur allir
Tilhneiging til þunglyndis				
Niðurdregin eða döpur	3,5%	5,2%	14,8%	11,9%
Framtíðin vonlaus	5,9%	4,7%	7,4%	5,8%
Tilhneiging til sjálfsskaða				
Hugleitt að skaða sjálfa(n) sig:				
1-2 sinnum	11,8%	15,6%	22,9%	20,2%
3 sinnum og oftár	16,5%	15,5%	16,6%	19,1%
Skaðað sjálfa(n) sig:				
1-2 sinnum	4,9%	7,9%	4,6%	8,0%
3 sinnum og oftár	2,4%	6,4%	2,9%	6,5%
Viðhorf og vandi í námi				
Námið tilgangslaust	11,6%	9,0%	2,8%	3,4%
Legg ekki nægilega rækt við námið	33,7%	30,7%	20,8%	22,7%
Leiðist námið	31,8%	27,3%	17,4%	16,0%
Líður illa í skólanum	3,5%	6,3%	2,8%	4,5%
Námið of létt	4,7%	10,2%	2,2%	4,4%
Námið of þungt	30,2%	19,5%	29,2%	24,2%

80 Betri líðan 2011

81 Um er að ræða árganga 1993-1994 sem á þessum tíma voru 16-17 ára

## 6.2. Einelti og agamál

Skólinn hefur sett sér stefnu og viðbragðsáætlun í eineltismálum, sjá nánar kafla 2.3.1. Einnig eru skólareglur aðgengilegar í drögum að skólanámskrá og á heimasíðu skólans. Í yfirgripsmikilli könnun *Rannsóknar og greiningar á næringu, líðan og einelti 16-17 ára* er yfirlit yfir eineltistengda þætti í Kvennaskólans í Reykjavík, sjá í töflu 16. Fram kom meðal kennara í rýnihópum að þeir yrðu ekki varir við einelti innan skólans en bentu einnig á að það færi oft leynt. Misjöfn viðhorf komu fram meðal nemenda hvort einelti væri í nemendahópnum. Flestir þeirra voru þó sammála um að bekkjarkerfið dragi úr líkum á einelti því þar myndist ákveðinn kjarni sem m.a. hittist og sæki viðburði saman. Þessu voru kennarar í rýnihópum sammála. Verkferill hafi nýlega verið gerður fyrir einelti og kynferðislega áreitni og sé stefnt að kynningu fyrir kennara á skólaárinu 2013-2014.

Í skýrslu náms- og starfsráðgjafa fyrir skólaárið 2012-2013 kemur fram að umfang vegna eineltismála hefur aukist og ráðgjafar hafa varið meiri tíma í aðstoð við kennara vegna eineltismála innan bekkja. Leitað var aðstoðar vegna erfiðra eineltismála í tveimur bekkjum. Einnig kemur fram að unnið hafi verið í samræmi við verkferla í eineltisáætlun skólans og í báðum tilvikum hafi náðst viðunandi niðurstaða fyrir þolendur. Þó er tekið fram að nauðsynlegt sé að huga meira að gerendum. Hluti málanna átti ekki upphaf í skólanum heldur hafi nemendur komið úr grunnskóla og öðrum framhaldsskólum með óleyst mál og flutningur milli skóla ekki verið nægileg lausn.<sup>82</sup> Í niðurstöðum Framhaldsskólaláupsins<sup>83</sup> sem lagður var fyrir nemendur í nóvember 2013 kemur fram að hlutfallslega færri nemendur telja sig hafa orðið fyrir einelti (6,0% borið saman við viðmiðið 8,4%) og áreitni og ofbeldi (19,0% borið saman við viðmiðið 20,6%), sjá nánar viðauka II.

**Tafla 16. Yfirlit yfir hlutfall 16-17 ára nemenda í Kvennaskólanum í Reykjavík og upplifun þeirra af einelti árið 2011.**

Páttur	Strákar Kvennó	Strákar allir	Stelpur Kvennó	Stelpur allir
Hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi sl. 12 mánuði				
1 sinni	3,8%	5,4%	2,8%	4,0%
2-5 sinnum	0,0%	4,0%	1,7%	2,2%
6 sinnum og oftar	1,3%	3,5%	1,7%	1,5%
Hafa beitt aðra líkamlegu ofbeldi sl. 12 mánuðum				
1 sinni	9,9%	7,0%	2,3%	2,7%
2-5 sinnum	3,7%	5,3%	0,6%	1,4%
6 sinnum og oftar	1,2%	4,8%	1,1%	1,2%
Hafa verið með hópi að stríða einstaklingi sl.12 mánuði.				

<sup>82</sup> Skýrsla náms- og starfsráðgjafa fyrir skólaárið 2012 – 2013

<sup>83</sup> Framhaldsskólaláupsinn nóvember 2013

## Úttekt á starfsemi Kvennaskólans í Reykjavík 2014

1 sinni	7,2%	9,9%	2,9%	4,3%
2-5 sinnum	6,0%	3,7%	0,0%	1,2%
6 sinnum og oftár	6,0%	6,9%	0,0%	1,4%
Hafa verið með hópi að meiða einstakling sl.12 mánuði.				
1 sinni	3,6%	3,9%	0,0%	1,1%
2-5 sinnum	1,2%	2,4%	0,0%	0,6%
6 sinnum og oftár	2,4%	3,1%	0,0%	0,7%
Hafa verið með hópi sem átti upptökin að því að ráðast á annan hóp sl.12 mánuði.				
1 sinni	2,4%	4,2%	0,0%	1,3%
2-5 sinnum	1,2%	2,5%	0,0%	0,6%
6 sinnum og oftár	3,6%	3,2%	0,0%	0,8%
Hafa verið strítt af hópi þegar þau voru ein, sl.12 mánuði.				
1 sinni	4,9%	4,0%	3,4%	2,8%
2-5 sinnum	4,9%	1,9%	0,0%	1,2%
6 sinnum og oftár	0,0%	3,2%	1,7%	1,8%
Segja hóp hafa ráðist á sig þegar þau voru ein og meitt sig, sl.12 mánuði.				
1 sinni	2,4%	2,6%	0,0%	0,8%
2-5 sinnum	0,0%	1,3%	0,0%	0,4%
6 sinnum og oftár	1,2%	1,9%	0,6%	0,6%
Segja hóp hafa ráðist á hóp sem hún/hann var með, sl.12 mánuði.				
1 sinni	2,4%	3,5%	0,0%	0,7%
2-5 sinnum	2,4%	2,5%	0,0%	0,5%
6 sinnum og oftár	0,0%	2,3%	0,6%	0,6%

Í drögum að skólanámskrá segir um almenn agabrot:

*Ferlið sem fer í gang þegar um brot á almennum reglum skólans er að ræða hefst á því að nemandi er boðaður í viðtal við skólameistara. Við ítrekuð brot kemur til skriflegrar áminningar til nemandans og forráðamanns hans ef um ólögráða nemanda er að ræða. Nemandinn eða forráðamenn hans hafa andmælarétt telji þeir á sér brotið. Láti nemandi sér ekki segjast og haldi uppteknum hætti varðandi brot á reglum skólans getur komið til brottvikningar hans ef skólaráð tekur þá ákvörðun eftir umfjöllun um málið.*

Stjórnendur segja það skýrt til hverra nemendur eigi að leita ef upp komi vandamál. Þeir leiti fyrst til umsjónarkennara, þá náms- og starfsráðgjafa og/eða skólastjórnenda. Þessu voru nemendur sammála. Sögðu þeir að nemendur gætu leitað til náms- og starfsráðgjafa með hvaða vandamál sem er og að stjórnendur skólans væru mjög aðgengilegir. Að sögn stjórnenda er tekið á agavandamálum með kerfisbundnum hætti. Nýlega hafi verið gert skriflegt ferli en einnig sé oft gott að ræða við nemendur. Skólareglur eru aðgengilegar í drögum að skólanámskrá. Að sögn stjórnenda ríkir sátt um skólareglur og framkvæmd þeirra. Þó benda þeir á að hluti starfsmanna telji stjórnendur stundum sýna nemendum linkind í tengslum við fjarvistir en oft liggi gildar ástæður þar að baki sem ekki sé hægt að gera opinberar. Skólinn sé uppeldisstofnun og því sé best að reyna að taka á málum á

faglegum grundvelli. Fram kom það viðhorf meðal kennara í rýnihópum að stundum væri þörf á meiri staðfestu meðal stjórnenda og að þeim ákvörðunum og skilyrðum sem sett hafi verið sé framfylgt.

Skólinn hefur sett sér siðareglur í tengslum við samskipti innan skólans, við forsjárforeldra/forráðamenn nemenda undir lögræðisaldri og við aðra skóla hérlendis og erlendis, við aðila á vinnumarkaði og nærsamfélag. Þær eru aðgengilegar í drögum að skólanámskrá.

Fram kemur í skýrslu náms- og starfsráðgjafa fyrir skólaárið 2012-2013 að áfram hafi töluvert borið á vandamálum sem tengjast samskiptum nemenda og kennara og hafi kennarar, nemendur og foreldrar leitað til náms- og starfsráðgjafa vegna þessa. Þar er enn fremur áréttað að nauðsynlegt sé að aðrir aðilar skólans komi að slíkum málum þar sem náms- og starfsráðgjafar séu málsvarar nemenda. Benda þeir á að þörf sé á að skoða samskipti í skólanum í heild sinni.

### 6.3. Félags- og tómstundastarf

Félags- og tómstundastarf skólans felst m.a. í nýnemakvöldi, nýnemaferð, peysufatadegi, epladegi, Tjarnardegi, góðgerðardegi, kór, Rymju, leikfélaginu Fúríu, Viðarstokknum, listaviku, dimmisjon o.fl.<sup>84</sup> Að sögn skólameistara fer það fram í samstarfi við nemendafélag skólans. Þó megi líta svo á að skólinn standi fyrir ýmsum ferðum, s.s. nýnemaferð, Njáluferð og námsferðum erlendis, hann stendur kostnað af launagreiðslum til kórstjóra skólakórsins og leikstjóra leikfélags skólans ásamt því að greiða ýmsan annan kostnað, s.s. í tengslum við peysufatadaginn. Nemendafélag skólans standi fyrir starfsemi klúbba, nefnda, haldi dansleiki, árshátíðir, skemmtikvöld o.fl.

### 6.4. Jafnrétti meðal nemenda

Skólinn hefur sett sér jafnréttisstefnu og framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum, sjá nánar kafla 2.3.2. Val nemenda á námi virðist nokkuð kynbundið. Konur eru í miklum meirihluta m.a. á hugvísindabraut, sjá töflu 3.<sup>85</sup> Skólinn hefur ekki sérstök markmið til að hafa áhrif á val nemenda, að sögn stjórnenda. Til þess að jafnréttis sé gætt meðal nemenda í skólastarfi býður skólinn m.a. upp á kynjafræðiáfanga. Skólinn hefur ekki móttökuáætlun fyrir nemendur með annað tungumál en þeir fá aðstoð kennara allt að tvisvar sinnum í viku. Komið sé til móts við þarfir nemenda með sérþarfir, en lögð sé áhersla á einstaklingsúrræði.

<sup>84</sup> Drög að skólanámskrá

<sup>85</sup> Gögn frá skólameistara

## 6.5. Náms- og starfsráðgjöf

Við skólann starfa tveir náms- og starfsráðgjafar með fullgild réttindi til starfsins í samtals 110% starfshlutfalli.<sup>86</sup> Markmið náms- og starfsráðgjafa skólans er að skapa hverjum nemanda sem bestar aðstæður í námi. Stuðningur þeirra felst m.a. í:<sup>87</sup>

- Ráðgjöf um vinnubrögð í námi
- Ráðgjöf vegna persónulegra mála um heimanám, prófkvíða, þunglyndi, samskiptavandamál, námsleiða o.fl.
- Ráðgjöf og úrræði vegna fötlunar eða hömlunar
- Ráðgjöf um námsval, brautaskipti og fallhættu
- Áhugasviðskönnunum
- Upplýsingamiðlun

Á haustönn 2013 voru 58 nemendur á skrá sem höfðu lagt fram greiningu um námsörðugleika, þar af 46 með dyslexiu. 29 nemendur höfðu tilkynnt um slíka örðugleika en greiningu vantar, þar af 15 varðandi dyslexiu.<sup>88</sup> Í skýrslu náms- og starfsráðgjafa fyrir skólaárið 2012-2013 kemur fram að frá fyrra ári hafi fjölgað nemendum með greinda sértæka námsörðugleika, hegðunarvandkvæði og kvíða. Á skólaárinu 2012-2013 voru 83 nemendur með greiningu um sértæka námsörðugleika en þeir voru 70 talsins skólaárið 2011-2012. 37 nemendur til viðbótar hafi þurft á sérstakri aðstoð að halda vegna kvíða eða annars, en 29 nemendur árið áður. Þessi aukning milli skólaáranna 2011-2012 og 2012-2013 er um 3,5 %, eða úr 15% nemenda í 18,5%.<sup>89</sup>

Í skýrslunni kemur einnig fram að náms- og starfsráðgjafar hafi á skólaárinu 2012-2013 haldið tvö námskeið í stjórnun prófkvíða sem alls 17 nemendur sóttu, en nemendum sem telja sig þurfa lengri próftíma vegna prófkvíða er skylt að sækja námskeiðið. Þar segir að hætt sé að halda námskeið í námstækni vegna of lítills starfshlutfalls náms- og starfsráðgjafa. Jafnframt komu þar fram áhyggjur þeirra um að annað verði undan að láta ef ekkert verði að gert. Einnig er þar greint frá störfum náms- og starfsráðgjafa við kynningar á skólum, kennslu áfanganna nýnemafræðslu og náms- og starfsval o.fl.<sup>90</sup> Ítrekað kom fram meðal viðmælenda að hækka beri starfshlutfall þeirra er sinna stuðningi við nemendur, s.s. náms- og starfsráðgjafa. Þá væri rétt að fá karl í teymið, jafnvel sálfræðing eða sérkennara.

Náms- og starfsráðgjafar segja að þeir fundi vikulega með námsstjóra og stjórnendum. Til að mynda hafi á slíkum fundi verið farið yfir gengi nemenda í jólaprófum, en tilgangur þess hafi verið að veita þeim nemendum sem á þurfa að halda aðstoð til að

<sup>86</sup> Gögn frá skólameistara

<sup>87</sup> Drög að skólanámskrá

<sup>88</sup> Gögn frá skólameistara

<sup>89</sup> Skýrsla náms- og starfsráðgjafa fyrir skólaárið 2012 – 2013

<sup>90</sup> Skýrsla náms- og starfsráðgjafa fyrir skólaárið 2012 – 2013

tryggja betra gengi í vorprófum. Þeir benda einnig á að auka þurfi stöðugildi náms- og starfsráðgjafa við skólann eða annarra sérfræðinga, s.s. sérkennara. Starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa hafi ekki aukist með mikilli fjölgun nemenda og upptöku brautabráar. Með núverandi fyrirkomulagi sé að mestu aðeins hægt að sinna tilfallandi málum en mun minna af fyrirbyggjandi fræðslu og ráðgjöf líkt og fræðigreinin byggir þó á. Einnig hafi þeir lítið getað sinnt brautabrunni. Ennfremur telja náms- og starfsráðgjafar að auka megi stöðugildi þeirra eða bæta við stöðu sálfræðings eða sérkennara þar sem þá þekkingu skorti. Það viðhorf kom fram meðal viðmælenda að æskilegt væri þá að ráðinn yrði karl til að jafna kynjahalla og auka aðgengi drengja að sérþjónustu.

## 6.6. Forvarnateymi og áfallaráð

Við skólann er starfrækt forvarnateymi. Helstu verkefni forvarnateymis eru að *endurskoða forvarnastefnu skólans, hafa eftirlit með að forvarnastefnu skólans sé fylgt, vera til ráðgjafar við gerð aðgerðaáætlana og um hvernig beri að studla að heilbrigðari lífsstíl og forvörnum, fylgjast með umræðu um forvarnir og vera í sambandi við aðra aðila sem vinna að sama markmiði, standa að fræðslu um forvarnir og heilbrigðan lífsstíl fyrir starfsfólk, nemendur og forráðamenn nemenda, miðla upplýsingum til foreldraráðs skólans, halda uppi umræðum og fræðslu um forvarnir og heilbrigða lífshætti og koma á framfæri hugmyndum til að efla þann þátt skólastarfsins*. Forvarnateymi skipa forvarnafulltrúi, námsráðgjafi, félagsmálafulltrúi, skólameistari, fjórir nemendur og eitt foreldri. Í ráðinu eru rædd ýmis mál, s.s. *Heilsueflandi framhaldsskóli*, vímuefni, busavígslur, dansleikir og líðan nemenda og ráðið hefur komið að fræðslu til nemenda.

Skólinn hefur áfallaáætlun og er hún aðgengileg í drögum að skólanámskrá. Áfallateymi skipa skólameistari, aðstoðarskólameistari, námsráðgjafi og kennari/sálfræðingur. Hlutverk áfallaráðs er að taka stjórnina og bregðast við í kjölfar áfalls. Áfallaráð setur sér verklagsreglur. Ráðið kemur saman eftir þörfum.<sup>91 92</sup>

## 6.7. Mat úttektaraðila

- Starfsandi og samskipti skólans einkennast m.a. af jákvæðni, umhyggju, persónulegum samskiptum og heimilislegu andrúmslofti.
- Fram kemur í skýrslu náms- og starfsráðgjafa fyrir skólaárið 2012-2013 að áfram hafi töluvert borið á vandamálum sem tengjast samskiptum nemenda og kennara og hafi kennarar, nemendur og foreldrar leitað til náms- og starfsráðgjafa vegna þessa.

91 Gögn frá skólameistara

92 Drög að skólanámskrá



Mikilvægt er að stjórnendur í samráði við hlutaðeigandi aðila skoði hvað liggur þar að baki og bregðist við með viðeigandi aðgerðum.

- Niðurstöður Framhaldsskólalapsins sem lagður var fyrir í nóvember 2013 gefur til kynna að nemendum skólans líði almennt betur, hafi hærra sjálfsálit og telji sig hafa meiri stjórn á lífi sínu en viðmiðunarhópur. Þó kemur fram að hærra hlutfall nemenda skólans greinir frá þunglyndi og svefnleysi en viðmiðunarhópurinn. Mikilvægt er að ástæður þess verði kannaðar frekar.
- Skólareglur eru aðgengilegar í drögum að skólanámskrá og á heimasíðu skólans.
- Skólinn hefur stefnu og viðbragðsáætlun í eineltismálum og hefur tekið þátt í könnun á einelti á meðal nemenda, Framhaldsskólalapsinn. Þar kemur fram að einelti sé undir viðmiðum (-2,4%). Ekki hefur verið gerð sambærileg könnun meðal starfsmanna. Kennarar í rýnihópum sögðu sig ekki verða vara við einelti í skólanum en bentu þó á að það færi oft leynt. Misjafnar skoðanir komu fram meðal nemenda í rýnihópi um hvort einelti væri í skólanum. Í skýrslu náms- og starfsráðgjafar fyrir skólaárið 2012-2013 segir að umfang ráðgjafar vegna eineltismála hafi aukist. Mikilvægt er að skólinn rýni niðurstöður kannana er lúta að einelti og agamálum og setji sér aðgerðaráætlun í kjölfarið. Mikilvægt er að starfsmönnum og nemendum verði kynnt betur nýlegt verklag um hvernig tekið er á einelti og áreitni.
- Í könnuninni Betri líðan meðal 16-17 ára frá árinu 2011 kemur fram að hærra hlutfall nemenda skólans en meðaltal allra svarenda hafi m.a. beitt aðra líkamlegu ofbeldi, orðið fyrir ofbeldi, verið strítt o.fl. Mikilvægt er að ástæður þess verði kannaðar frekar.
- Mismunandi er hvort tekið er á agamálum með kerfisbundnum hætti skv. ákveðnu verklagi. Mikilvægt er að kynna verklag betur fyrir starfsmönnum og samræma vinnubrögð.
- Náms- og starfsráðgjöf við skólann er vel sinnt. Tveir náms- og starfsráðgjafar með fullgild réttindi starfa við skólann í samtals 110% starfshlutfalli. Starfshlutfall þeirra hefur ekki aukist samhliða fjölgun nemenda og segja þeir það helst hafa áhrif á forvarnarstarf. Mikilvægt er að stjórnendur skoði hvaða áhrif fjölgun nemenda hefur haft á þá stoðþjónustu sem náms- og starfsráðgjöfum ber að veita. Einnig hvort nauðsyn sé á að í skólanum starfi sérkennari. Æskilegt væri að íhuga að fá karlkyns ráðgjafa til starfa svo koma megi betur til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda.
- Við skólann er starfrækt forvarnarteymi sem hefur m.a. komið að fræðslu til nemenda. Áfallaráð er við skólann og er áfallaáætlun aðgengileg í drögum að skólanámskrá. Mikilvægt er að hún sé einnig á heimasíðu skólans.

## 7. INNRA MAT

---

*Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. laga nr. 92/2008 með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur<sup>93</sup>.*

Samkvæmt lögum nr. 98/2008 um framhaldsskóla er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum eftirfarandi:

- a) veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluþingvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,*
- b) tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,*
- c) auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,*
- d) tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.<sup>19</sup>*

### 7.1. Fyrirkomulag og framkvæmd

Kvennaskólinn í Reykjavík hefur framkvæmt kerfisbundið mat á skólastarfinu frá árinu 2005. Stjórnendur sjá um skipulag og framkvæmd matsins. Fram til haustsins 2010 sá sérstakur verkefnastjóri um matið en það starf var lagt niður vegna niðurskurðar. Markmið innra mats skólans er að leiða í ljós styrkleika og veikleika skólastarfsins og vera grundvöllur umbótastarfs. Á heimasíðu skólans eru aðgengilegar sjálfsmatsskýrslur skólans frá skólaárinu 2005-2006 og til skólaársins 2012-2013. Einnig eru þar aðgengilegar matsáætlanir fyrir árin 2006-2016. Í sjálfsmatsskýrslu skólans fyrir skólaárið 2012-2013 segir að sjálfsmat skólans sé byggt á eftirfarandi:

- 1. Greiningu á ýmsum gögnum úr upplýsingakerfi skólans (Innu), úr bókhaldskerfinu (ORACLE) og úr umsóknum um skólann.*
- 2. Könnun fjármálaráðuneytisins um Stofnun ársins sem unnin er í samvinnu við SFR og fleiri. Könnunin var gerð í mars 2013. Og útarleg greining frá Capacent gallup fyrir skólann.*
- 3. Viðhorfskönnun á bókasafni og mötuneyti gerð í apríl 2013.*
- 4. Skýrsla jafnréttisfulltrúa veturinn 2012-2013.*
- 5. Skýrsla um vímuefnanotkun framhaldsskólanema á Íslandi. Úrvinnsla fyrir KFSK í júní 2013 frá Rannsóknun og greiningu.*

Til er áætlun um framkvæmd innra mats fyrir skólaárin 2012-2016. Þar er greint frá markmiðum og viðfangsefnum innra mats hvers skólaárs og hvernig því skuli háttað, s.s. með könnun, skoðun gagna o.fl. Hvorki kemur þar fram hver er ábyrgður fyrir hverjum matsþætti né hverjir eru mælikvarðar á árangur. Í sjálfsmatsskýrslunni er greint frá

---

<sup>93</sup> Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla, gr. 40

umbótaáætlun sem byggð er á niðurstöðum sjálfsmats. Að sögn stjórnenda hefur skólinn mótað sér sínar eigin matsaðferðir og reynt að nýta það sem hentar úr ýmsum áttum.

## 7.2. Þátttaka starfsmanna, nemenda og foreldra í innra mati

Ekki er starfandi sjálfsmatshópur við skólann en framkvæmd innra mats hefur verið í höndum stjórnenda. Kennarar og starfsfólk hafa aðkomu að innra mati, t.a.m. í könnuninni *Stofnun ársins* og kennarar í samtali við skólameistara í kjölfar kennslukannana, auk vinnu í nefndum og ráðum að eflingu skólustarfsins. Að sögn kennara hafa þeir tekið þátt í endurskoðun kennslukannana og komið með ábendingar sem tekið hefur verið tekið tillit til. Í rýnihópum kennara kom fram það viðhorf að æskilegt væri að kennslukönnun væri gerð a.m.k. annað hvert ár.

Aðkoma nemenda að innra mati felur m.a. í sér þátttöku í könnunum um ákveðna þjónustuþætti skólans, s.s. mótuneyti og bókasafn, og kennslukönnunum sem gerðar hafa verið á nokkurra ára fresti. Foreldrar og aðrir starfsmenn hafa ekki tekið formlega þátt í innra mati skólans en átt aðkomu gegnum skólarád og skólanefnd. Fram kom í viðtölum og rýnihópum að matið væri ekki kynnt nægilega formlega eða jafnvel alls ekki kynnt fyrir öðrum hópum en kennurum á kennarafundi, en sett á vef skólans þar sem hægt væri að nálgast það. Einnig kom fram að eftirfylgni matsins mætti vera betri. Það viðhorf var algengt í rýnihópum kennara að matið mætti kynna kennurum betur enda væri þar um ákveðna sjálfsskoðun að ræða.

## 7.3. Mat á frammistöðu kennara

Í innra mati er frammistaða kennara metin m.a. með kennslukönnun sem lögð er fyrir nemendum og samtölum stjórnenda við kennara í kjölfar hennar ef eitthvað má betur fara. Kennslukönnun hefur ekki verið framkvæmd reglulega og eins og áður hefur komið fram (kafla 2.2.1) hafa formleg starfsmannasamtöl ekki átt sér stað síðan árið 2007. Í rýnihópum kennara var það viðhorf algengt að formleg og regluleg starfsmannasamtöl væru mikilvæg.

## 7.4. Umbætur og eftirfylgni á grundvelli sjálfsmats

Áætlun um umbætur í kjölfar innra mats liggur fyrir í sjálfsmatsskýrslu svo og árangur umbóta. Þar kemur ekki fram hver er ábyrgur fyrir umbótum og eftirfylgni innra mats.<sup>94</sup> Sjálfsmatsskýrslur og áætlanir um framkvæmd þess liggja fyrir á heimasíðu skólans. Niðurstöður matsins hafa ekki verið kynntar formlega fyrir skólanefnd og skólaráði.

---

94 Sjálfsmatsskýrsla skólans 2012 - 2013

## 7.5. Mat úttektaraðila

- Innra mat skólans uppfyllir að hluta viðmið laga og aðalnámskrár. Flestir þættir skólasamfélagsins eru metnir og skipulag og framkvæmd matsins er í höndum stjórnenda. Æskilegt væri að við skólann væri starfandi sjálfsmatshópur svo tryggja megi virkari þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra í matinu, sbr. lög um framhaldsskóla.
- Í sjálfsmatsáætlun þarf að koma fram hver er ábyrgur fyrir hverjum matsþætti og hverjir eru mælikvarðar á árangur.
- Kynningu og eftirfylgni mats má bæta.
- Matið þarf að endurskoða þegar skólinn hefur útfært frekar kennsluhætti og námsmat í samræmi við markmið og áherslur í aðalnámskrá framhaldsskóla.

## 8. FORELDRASAMSTARF OG YTRI TENGLI

Í drögum að skólanámskrá kemur fram að *Kvennaskólinn leitist við að hafa gott samstarf við foreldra nemenda, sérstaklega foreldra ólögráða nemenda*. Skólinn heldur kynningarfundir fyrir foreldra nýnema þar sem aðstaða og þjónusta skólans er kynnt og einnig funda umsjónarkennarar með foreldrum. Ennfremur er foreldrum ólögráða nemenda gert viðvart ef í óefni stefnir í tengslum við skólasókn og námsárangur. Jafnframt eru kennarar með vikulegan viðtalstíma sem foreldrar eru hvattir til að nýta.<sup>95</sup> Þessu voru fulltrúar foreldraráðs sammála. Að þeirra sögn hefur samstarf við skólann verið gott í alla staði og skólameistari ávallt tilbúin að ræða áhyggjuefni nefndarinnar, s.s. er varðar vímuefna- og áfengisneyslu nemenda. Skólameistari hafi til að mynda mætt á skemmtanir nemenda og „tekið til hendinni“. Skólinn tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi, t.d. með nemendaskiptum, heimsóknnum erlendra nemenda og kennara, þátttöku í erlendum samstarfsverkefnum o.fl.

### 8.1. Foreldraráð

*Við hvern framhaldsskóla skal starfa foreldraráð. Skólameistari boðar til stofnfundar þess. Hlutverk foreldraráðs er að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og í samstarfi við skólann efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann. Félagsmenn geta verið foreldrar nemenda við skólann.<sup>96</sup>*

Foreldraráð er við skólann. Meginverkefni ráðsins tengjast ýmsu er varðar félagslíf nemenda, forvarnir, samskipti heimilis og skóla o.fl. Kosið er í ráðið með því að óska eftir framboðum á aðalfundi foreldraráðs. Fulltrúi ráðsins situr í forvarnarteymi skólans. Fundargerðir þess eru aðgengilegar á heimasíðu skólans en skv. þeim kom ráðið tvisvar sinnum saman á skólaárinu 2012-2013 og einnig tvisvar skólaárið 2011-2012. Formaður ráðsins hefur ekki boðað til fundar á yfirstandandi skólaári, 2013-2014. Ráðið hefur fjallað um hlutverk ráðsins, félagslíf nemenda, samskipti skóla og foreldra, forvarnarmál, aðstoð við nemendur með námserfiðleika o.fl. Einnig hefur ráðið komið á fót sameiginlegum umræðuvettvangi fyrir foreldra á Fésbók (e. Facebook). Foreldraráð hefur ekki áhrif á stefnumótun skólans, að sögn fulltrúa ráðsins og stjórnenda. Ráðið hafi haft samband við skólann um samráð vegna fíkniefnaneyslu nemenda en skólinn ekki haft nægilegt fjármagn til forvarna í þeim efnum. Að sögn fulltrúa ráðsins hefur það ekki verið mjög virkt á skólaárinu 2013-2014. Aðalfundur ráðsins var haldinn á haustönn 2013 og var mæting foreldra mjög dræm. Fulltrúar ráðsins sögðu einnig að mikið hefði legið á foreldrum hversu mikið álag sé á nemendum. Þeir séu í skólanum fram eftir degi og hafi í einhverjum tilfellum þurft að draga úr félags- og tómstundastarfi vegna skólans.

<sup>95</sup> Drög að skólanámskrá

<sup>96</sup> Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla, 50. gr

## 8.2. Samstarf við grenndarsamfélag

Virkt samstarf er milli skólans og grenndarsamfélagsins bæði er varðar stjórnendur og kennslu, að sögn stjórnenda. Stjórnendur/skólinn eru þátttakendur í Félagi íslenskra framhaldsskóla, Skólameistarafélagi Íslands og Félagi forstöðumanna. Stjórnendur segja að skólinn hafi oft átt stjórnarmenn í þessum félögum. Skólinn hefur átt í samstarfi við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ um innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla, Myndlistaskólann í Reykjavík um vottun bóklega hluta sjónlistabrautar og námskeið í sjónlistum fyrir nemendur á brautabru, kennari við skólann kennir íslensku í Myndlistaskólanum og skólinn hefur verið í samstarfi við Tjarnarskóla um afnot af íþróttasal skólans. Nemendur skólans hafa verið með góðgerðardag á Tjarnardögum en þá fær hver bekkur úthlutað góðgerðarsamtökum sem hann setur sig í samband við og vinnur fyrir. Það sem snýr að kennslu og nemendum er einnig fjölbreytt, sjá nánar Viðauka I. Einnig er skólinn í samstarfi við Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða. Tómsfundafulltrúi þar heldur utan um sameiginlega fundi skólanna í hverfinu. Einnig býðst skólanum að nota áfengismæli þjónustumiðstöðvarinnar. Forvarnarfulltrúi skólans situr í forvarnarteymi Vesturbæjar.<sup>97</sup>

Síðastliðin tíu ár hefur verið kenndur við skólann áfanginn/mentorverkefnið Vinátta en Björk Þorgeirsdóttir hafði frumkvæði að skipulagi og stjórn verkefnisins í samstarfi við Velferðarsjóð barna. Kvennaskólinn í Reykjavík var fyrstur framhaldsskóla til að taka upp verkefnið og bjóða sem námsáfangi við skólann. Jafnframt hefur Björk Þorgeirsdóttir leiðbeint öðrum framhaldsskólum um verkefnið. Áfanginn felur í sér að nemendur taka að sér að vera mentorar fyrir grunnskólabörn. Í desember 2013 veitti Velferðarsjóður barna skólanum heiðursverðlaun fyrir verkefnið.<sup>98</sup>

## 8.3. Lýðræði og þátttaka

Kynningarfundur er haldinn fyrir foreldra nýnema á hverju hausti og er hann vel sóttur að sögn stjórnenda og fulltrúa í foreldraráði. Foreldrar sem rætt var við sögðust eiga auðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við skólann, upplifa mikinn vilja til samstarfs hjá skólameistara og að aðgengi að stjórnendum sé gott. Stjórnendur segja samskipti við foreldra vera almennt góð. Að sögn fulltrúa í foreldraráði koma þeir ekki að ákvörðunum um skólastarfið.

## 8.4. Upplýsingaflæði

Foreldrar geta nálgast ýmsar upplýsingar á heimasíðu skólans, en þar er m.a. að finna upplýsingar um skólann, s.s. sögu, starfsfólk, skipurit, stjórnun o.fl., ýmsar skýrslur, s.s.

<sup>97</sup> Umsagnir kennara um samstarf vegna kennslu

<sup>98</sup> Gögn frá skólameistara

ársskýrslur, ársreikninga, skýrslur náms- og starfsráðgjafa o.fl., sjálfsmat skólans, foreldraráð, skólanefnd o.fl.<sup>99</sup> Að sögn fulltrúa í foreldraráði er mikið af upplýsingum um skólastarfið á heimasíðu hans en einnig sé auðvelt að sækja upplýsingar til skólans. Að þeirra sögn fá foreldrar upplýsingar um stoðþjónustu skólans á kynningarfundum að hausti. Skólinn upplýsi svo frekar þá foreldra og/eða nemendur sem þess þurfa. Jafnframt séu upplýsingar um stoðþjónustu skólans á heimasíðu hans.

## 8.5. Mat úttektaraðila

- Gott samstarf virðist vera milli foreldra og stjórnenda skólans og foreldrar hafa mikinn aðgang að upplýsingum um skólastarfið, m.a. á heimasíðu og hjá skólanum sjálfum, leiti þeir eftir því. Einnig heldur skólinn kynningarfund fyrir foreldra að hausti sem er vel sóttur. Foreldrar virðast eiga auðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Foreldraráð skólans virðist ekki mjög virkt og hefur fundað um það bil tvisvar sinnum á hverju skólaári. Núverandi ráð hefur ekki fundað frá kosningu þess á aðalfundi félagsins um mánaðarmótin september/október 2013. Efla mætti starfsemi foreldraráðs, sbr. lög um framhaldsskóla.
- Foreldrar eiga áheyrnarfulltrúa í skólaráði en hafa ekki aðra formlega aðkomu að ákvörðunum og/eða stefnumótun um skólastarfið.
- Samstarf skólans og grenndarsamfélagsins er afar fjölbreytt.

---

<sup>99</sup> Heimasíða skólans

## 9. NEMENDUR MEÐ SÉRÞARFIR

*Nemendur, sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með heilsutengdar sérþarfir og nemendur með fötlun, eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir. Nemendur með fötlun skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.<sup>100</sup>*

### 9.1. Almenn stoðþjónusta

Í drögum að skólanámskrá segir: *Mikilvægt er að veita nemendum með sérþarfir kennslu og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og tök eru á að veita, samanber gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir.* Að sögn náms- og starfsráðgjafa hefur skólinn ekki sett sér stefnu um útfærslu á þjónustu við nemendur með sérþarfir. Við skólann eru sérstök úrræði í boði fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika, s.s. lengri prófatími, litadar arkir og aðgangur að hljóðbókum frá blindrabókasafninu. Stoðþjónusta skólans felst fyrst og fremst í náms- og starfsráðgjöf. Að sögn náms- og starfsráðgjafa eru úrræði fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika einstaklingsmiðuð en þörf sé á að þau verði samræmd og jafnræðis gætt meðal nemenda sem þurfa á þjónustunni að halda. Ekki er skimað sérstaklega fyrir lesörðugleikum. Að sögn náms- og starfsráðgjafa er það ekki gert vegna skorts á fjármagni til kaupa á greiningartækjum en þeir leiðbeina nemendum um hvert megi leita til að fá greiningar og eru í sambandi við sérfræðinga þegar það á við. Náms- og starfsráðgjafar segja að áætlun um framvindu náms langveikra nemenda sé gerð á samráðsvettvangi náms- og starfsráðgjafa, námsstjóra og stjórnenda.

Náms- og starfsráðgjafar, í samstarfi við íslenskukennara 1. árs, kanna við upphaf skólaárs hvort einhverja nýnema við skólann vanti undirstöðu í íslensku. Sé svo geta þeir nemendur fengið aðstoð íslenskukennara. Einnig geta nemendur leitað eftir slíkri aðstoð til stjórnenda eða kennara sem hafa þá samband við íslenskukennara.<sup>101</sup> Skólinn hefur ekki aðstoðu til að taka á móti líkamlega fötluðum nemendum. Fram kom meðal nemenda í rýnihópi að nemandi skólans sem slasaðist og var bundinn við hjólastól hafi þurft að hætta námi við skólann vegna þess að ekki væri aðgengi fyrir fatlaða. Nemendum sem nota táknmál er gefinn kostur á námi í skólanum, að sögn náms- og starfsráðgjafa. Bækur séu lesnar inn af Blindrabókasafninu. Stuðningstímar eru kostaðir af ríkinu og veittir nemendum með Asperger-heilkenni og til nemenda sem greindir eru á einhverfurófi. Ekki er starfsbraut við skólann.

<sup>100</sup> Aðalnámskrá framhaldskóla: 2011:60

<sup>101</sup> Gógn frá skólameistara



### 9.3. Mat úttektaraðila

- Kvennaskólinn í Reykjavík hefur byggt upp úrræði fyrir nemendur með sérþarfir og virðist sinna þörfum þeirra ágætlega. Úttektaraðilar telja að stoðþjónusta við nemendur sé í samræmi við aðalnámskrá og að komið sé til móts við þarfir nemendahóps skólans eftir því sem við á.
- Starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa hefur ekki aukist með fjölgun nemenda og getur haft áhrif á þá stoðþjónustu sem þeir veita nemendum.
- Húsakostur skólans gefur ekki möguleika á að hreyfihamlaðir nemendur stundi þar nám.
- Starfsbraut er ekki við skólann.

## 10. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA

Hér að neðan er greint frá styrkleikum og veikleikum Kvennaskólans í Reykjavík. Greiningin byggir á viðtölum við stjórnendur, námsstjóra, fjármálastjóra, fyrrverandi brautarstjóra, fagstjóra, kennara, náms- og starfsráðgjafa, húsvörð, kokk, aðra starfsmenn, nemendur, foreldraráð, skólanefnd og skólaráð og mati úttektaraðila.

### 10.1. Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar	Veikleikar
Jákvæður skólabragur og umhyggja.	Dreift húsnæði og viðhaldsfrekt.
Vel menntaðir og faglega sterkir kennarar.	Skortur á fjármagni sem kemur m.a. niður á aðbúnaði og viðhaldi á húsnæði og skorti á fagstofum auk þess að skerða möguleika á valgreinum.
Sterkir nemendur.	Langur skóladagur viðist geta skapað álag hjá sumum nemendum og dregið úr virkni í félagsstarfi skólans.
Námsfyrirkomulag sameinar kosti bekkjakerfis og áfangakerfis.	Endurmenntun kennara ekki nægilega markviss.
Fagleg vinnubrögð við útfærslu aðalnámskrár.	Ekki hafa allir aðilar skólasamfélagsins komið að endurskoðun skólanámskrár.
Ánægja með og traust til stjórnenda.	Kynjahlutfall starfsmanna og nemenda óhagstætt m.t.t. karlkyns.
Stolt nemenda, starfsmanna og stjórnenda með skólann.	

### 10.3. Tillögur að aðgerðum til úrbóta

Til þess að uppfylla þær kröfur sem úttekt þessi leggur áherslu á þurfa skólinn, skólanefnd og mennta- og menningarmálaráðuneytið að mati úttektaraðila að gera eftirfarandi ráðstafanir:

#### 10.3.1. Skólinn

1. Unnið verði áfram að útfærslu kennsluhátta og námsmats með aðkomu allra aðila skólasamfélagsins og faglegri forystu skólameistara.
2. Hugað verði að markvissri endurmenntun starfsfólks og gerð sí- og endurmenntunaráætlun fyrir alla starfsmenn. Horft verði enn frekar til nýrra miðla í því skyni þar sem aðgangur kennara að endurmenntun getur verið erfiður á skólatíma.
3. Gera þarf formlegri áætlun um móttöku nýrra starfsmanna.
4. Allir starfsmenn fari í starfsmannasamtöl og þeim verði skipt niður á stjórnendur skólans.
5. Leitast verði við að jafna hlut kynja í starfsmannahópi eftir því sem hægt er sbr. jafnréttislög.

6. Þegar reynsla er komin á nýtt stjórnskipulag eru stjórnendur hvattir til þess að meta hvernig það hentar stærð og verkefnum skólans.
7. Upplýsa þarf starfsmenn betur um ábyrgðarskiptingu milli skólameistara, aðstoðarskólameistara og námsstjóra. Einnig bæta upplýsingamiðlun m.a. til almennra starfsmanna.
8. Endurskoða þarf verkferla um agamál og kynna verkferla almennt betur fyrir starfsmönnum.
9. Gera þarf betri grein fyrir námsmati í áfangalýsingum og kennsluáætlunum.
10. Nýta ætti í auknum mæli nýja miðla í náminu enda er upplýsingalæsi og það að geta nýtt sér margvíslega tækni í þekkingarleit grunnþættir og lykilhæfni í aðalnámskrá.
11. Eftirlit með því hvort kennsla er í samræmi við áfangalýsingar og kennsluáætlanir þarf að auka. Það má gera t.d. með reglulegum kennslukönnunum og eftirliti stjórnenda sem hluta af innra mati.
12. Innra mat þarf að efla enn frekar með þátttöku allra aðila skólasamfélagsins og bæta kynningu á niðurstöðum og eftirfylgni.
13. Í störfum náms- og starfsráðgjafa hefur borið á vandamálum sem tengjast samskiptum nemenda og kennara. Mikilvægt er að stjórnendur í samráði við hlutaðeigandi aðila skoði hvað liggja þar að baki og bregðist við með viðeigandi aðgerðum.
14. Rýna þarf betur niðurstöður í Framhaldsskólaláttun og Betri líðan 2011 og nýta í aðgerðaráætlun um það sem betur má fara.
15. Skoða þarf hvaða áhrif fjölgun nemenda hefur á þá stoðþjónustu sem náms- og starfsráðgjöfum ber að veita og hvort nauðsyn sé á að í skólanum starfi sérkennari þar sem nokkuð er um nemendur með greiningar. Einnig hvort bæta eigi við karlkyns ráðgjafa.
16. Efla mætti starfsemi foreldraráðs sbr. lög um framhaldsskóla.

### 10.3.2. Skólanefnd

1. Skólanefndin ætti að koma enn frekar að stefnumótun skólans sbr. lög um framhaldsskóla.

### 10.3.3. Mennta- og menningarmálaráðuneytið

1. Hagræðingaradgerðir í kjölfar efnahagshruns hafa að mestu komið niður á viðhaldi á húsnæði, aðbúnaði og tækjakosti skólans. Hallarekstur skólans er alvarlegur og grípa verður til viðeigandi ráðstafana til að draga úr honum. Án þess getur skólinn ekki að fullu framfylgt aðalnámskrá framhaldsskóla.
2. Fram kom meðal fulltrúa í skólanefnd að ekki væri tekið tillit til húsnæðismála skólans í fjárheimildum. Þar má nefna mikinn húshitunarkostnað og viðhald vegna

aldurs skólabygginga. Ráðuneytið er hvatt til þess að skoða hvort svo sé og leita leiða eins og kostur er til að rétta hlut skólans í þeim efnum.

3. Úttektaraðilar beina því til ráðuneytisins að endurskoða hlutverk foreldraráðs í framhaldsskólum þar sem víða virðist erfitt að uppfylla þær skyldur skv. lögum sbr. þessa úttekt og fyrri útektir í öðrum framhaldsskólum.

## HEIMILDIR

---

- Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti 2011. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011.
- Ársskýrsla Kvennaskólans í Reykjavík 2012. Sótt af <http://www.kvenno.is/pages/394>
- Betri líðan. 2011. Reykjavík: Rannsókn og greining. Gögn send Attentus – mannauður og ráðgjöf af skólameistara.
- Drög að skólanámskrá. Gögn send Attentus – mannauður og ráðgjöf af skólameistara.
- Framhaldsskólalámskrá. Nóvember 2013. Gögn send Attentus – mannauður og ráðgjöf af skólameistara.
- Gagnalisti. Gögn send Attentus – mannauður og ráðgjöf af skólameistara.
- Gögn frá skólameistara. Gögn send Attentus – mannauður og ráðgjöf af skólameistara.
- Hagtíðindi. 2004, ágúst. Reykjavík: Hagstofa Íslands. Sótt af heimasíðu Hagstofu Íslands.
- Heilsuefandi framhaldsskóli. Reykjavík: Embætti landlæknis. Sótt af <http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item15390/Um%20HEF%20-%202012.pdf>
- Heimasíða nemendafélagsins Keðjunnar. Sótt af <http://www.keðjan.is/>
- Heimasíða skólans. Sótt af <http://www.kvenno.is/>
- Jafnrétti í Kvennaskólanum í Reykjavík: Skýrsla jafnréttisfulltrúa og jafnréttisáætlun 2013-2014. Sótt af <http://www.kvenno.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=10692>
- Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun 2013-2014. Sótt af <http://www.kvenno.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=10416>
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.
- Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.
- Reglugerð um skólanefndir við framhaldsskóla nr. 132/1997.
- Reglugerð um skólaráð við framhaldsskóla nr. 140/1997.
- Reglugerð um starfslíð og skipulag framhaldsskóla nr. 1100/2007.
- Sjálfsmatsskýrsla Kvennaskólans fyrir skólaárið 2008-2009. Sótt af <http://www.kvenno.is/pages/146>
- Sjálfsmatsskýrsla Kvennaskólans fyrir skólaárið 2009-2010. Sótt af <http://www.kvenno.is/pages/146>
- Sjálfsmatsskýrsla Kvennaskólans fyrir skólaárið 2010-2011. Sótt af <http://www.kvenno.is/pages/146>
- Sjálfsmatsskýrsla Kvennaskólans fyrir skólaárið 2011-2012. Sótt af <http://www.kvenno.is/pages/146>
- Sjálfsmatsskýrsla Kvennaskólans fyrir skólaárið 2012-2013. Sótt af <http://www.kvenno.is/pages/146>
- Skýrsla náms- og starfsráðgjafa fyrir skólaárið 2012-2013. Sótt af <http://www.kvenno.is/pages/318>
- Skýrsla um þróunarstarf Kvennaskólans veturinn 2010-2011. Sótt af <http://www.kvenno.is/pages/300>
- Skýrsla um þróunarstarf Kvennaskólans veturinn 2011-2012. Sótt af <http://www.kvenno.is/pages/300>
- Skýrslur eftirlitsaðila. Gögn send Attentus – mannauður og ráðgjöf af skólameistara.
- Stefna og starfsáætlun skóla og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2013. Sótt af [http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_svida/Starfs\\_tlun\\_SFS\\_2013\\_LOKA\\_SKJAL.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_svida/Starfs_tlun_SFS_2013_LOKA_SKJAL.pdf)
- Stofnanasamningur Kvennaskólans í Reykjavík og Kennarasambands Íslands. 2013, júní. Sótt af <https://www.kvenno.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=10409>
- Stofnun ársins. 2012. Ítarleg greining fyrir Kvennaskólann í Reykjavík. Gögn send Attentus – mannauður og ráðgjöf af skólameistara.

Stofnun ársins. 2013. Ítarleg greining fyrir Kvennaskólann í Reykjavík. Gögn send Attentus – mannaúður og ráðgjöf af skólameistara.

Umsagnir kennara um samstarf vegna kennslu. Gögn send Attentus – mannaúður og ráðgjöf af skólameistara.

Upplýsingar fyrir nýja kennara. Gögn send Attentus – mannaúður og ráðgjöf af skólameistara.

Úttekt á starfsemi Fjölbrautaskólans í Garðabæ. 2013. Unnin af Attentus – mannaúði og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Úttekt á starfsemi Menntaskólans að Laugarvatni. 2013. Unnin af Attentus – mannaúði og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Úttekt á starfsemi Menntaskólans við Hamrahlíð. 2011. Unnin af Attentus – mannaúði og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Úttekt á þróunarverkefni Kvennaskólans í Reykjavík 2008-2010. Reykjavík: Hitt og þetta ehf. Gögn send Attentus – mannaúður og ráðgjöf af skólameistara.

## VIÐAUKAR

## Viðauki I – Umsagnir kennara um samstarf vegna kennslu

Námsgrein/áfangar	Samstarf
Náms- og starfsval	Samstarf við alla háskóla á Íslandi, Rannís, Lín, umboðsskrifstofur um störf og nám erlendis, ýmsa vinnustaði s.s. LSH o.fl.
Erlent samstarf	Í tengslum við erlend samskipti hafa kennarar farið í heimsóknir víða og nemendur stundum með, t.d. Össur, fyrirlestra í HÍ, Gvendarbrunna, Hellsheiðarvirkjun, Mjólkursamsöluna o.fl.
Hagfræði	Fengið heimsóknir frá Samtökum ungra bænda og farið með nemendur í heimsóknir í Seðlabanka Íslands, Landsbankann, Íslandsbanka, Kauphöll Íslands, Hagstofu Íslands og HF verðbréf. Í valáfanganum fjármálalæsi er lögð mikil áhersla á samstarf í formi heimsókna nemenda í stofnanir og fyrirtæki ásamt því að fá fyrirlesara í tíma, t.a.m. hafi þingmaður og fulltrúi frá Landssambandi lífeyrissjóða komið og rætt við nemendur.
Uppeldisfræði	Samstarf við leik- og grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu vegna vettvangskynninga og verkefna nemenda. Einnig samstarf við Borgarbókasafnið, Barnaverndarstofu, félagsmiðstöðvar, barnameningarhátíð, íþróttafélög o.fl.
Tómstundafræði	Samstarf við félagsmiðstöðvarnar Selið á Seltjarnarnesi og Frostaskjól í Vesturbæ vegna vettvangsnáms nemenda.
Íþróttaupplýsingafræði	Samstarf við Íþróttafélagið Gróttu og knattspyrnudeild KR vegna vettvangsnáms nemenda. Auk þess er í öllum áföngunum farið í vettvangsheimsóknir eða fengnar kynningar t.d. hjá Foreldrahúsi, Íþrótt- og Ólympíusambandinu, Jafnréttisstofu, Umboðsmanni barna o.fl.
Enska	Samskipti við sendiráð Bandaríkjanna og Bretlands. Nemendur hafa sótt leiksýningar, s.s. Shakespeare, Macbeth, Rómeó og Júlíu. Nemendur í kvikmyndasálfræði hafa sótt námstengdar bíósýningar. Einnig fóru nemendur í vettvangsferð á mótmæli á Austurvelli í byrjun árs 2009 í tengslum við umfjöllun námskeiðs um mótmæli bandarískra stúdenta gegn stíði í Vietnam. Einnig hafa nemendur verið í samstarfi við Upplýsingamiðstöð ferðamanna um verkefnið Reykjavík Walkabout en þar sjá nemendur um að kynna helstu kennileiti miðbæjar fyrir erlendum ferðamönnum.
Franska	Samstarf við Alliance française um kynningu á starfsemi þeirra. Einnig hafa nemendur sótt frönsku kvikmyndahátíðina.
Íslenska	Í tengslum við kennslu í málsögu hafa nemendur sótt fyrirlestur um sérsöfn á Þjóðarþóklöðunni. Samstarf er við leikskóla vegna athugana á máltöku barna. Einnig velja kennarar í íslenskudeild árlega leikhússýningu nemenda. Jafnframt hafa nemendur í barnabókmenntahópi sótt barnaleiksýningar.
Þýska	Frásagnir einstaklinga um hvernig þýskunám nýttist í háskólanámi. Einnig hafa kennarar leitað til Sendiráðs Þýskalands um ýmis mál.
Danska	Nemendur hafa heimsótt Norræna húsið.
Afbrotufræði	Heimsótt Hæstarétt Íslands, Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og fá heimsóknir frá Kvennaathvarfinu og Fangelsismálastofnun.
Kynjafræði	Nemendur sækja fyrirlestur í Háskóla Íslands og fá heimsókn frá UN Women ásamt öðrum viðburðum, s.s. hjá Feministafélagi Íslands, Bíó Paradís o.fl.
Mannfræði	Heimsótt Listasafn Íslands, sóttur fyrirlestur hjá Mannfræðifélagi Íslands og/eða Háskóla Íslands. Einnig hafa nemendur valið sér stað til þess að gera þátttökuathugun.
Fötlun og samfélag	Heimsókn til Össurar, Sólheima, í Grímsnes og í Ásgarð. Einnig fengu nemendur heimsókn frá Vinnumálastofnun.

Úttekt á starfsemi Kvennaskólans í Reykjavík 2014

<b>Rokksaga</b>	Nemendur hafa sótt tónleika.
<b>Nýnemafræðsla</b>	Þátttaka í verkefnum tengdum Háskóla Íslands. Fá heimsókn frá Ástráði, félagi unglækna, og Skildi sem er sjálfstýrkingaverkefni hjá geðhjúkrunarnemum.
<b>Fjölmíðlafræði</b>	Heimsóknir í fjölmíðlafyrirtæki s.s. RÚV og 365, á blaðaljósmyndasýningar og hafa fengið heimsókn frá auglýsingastofu.
<b>Hjálparstarf á heimsvísu</b>	Fengið heimsókn frá Rauða krossi Íslands, UN Women, Unicef, Þróunarsamvinnustofnun Íslands, Amnesty. Einnig tóku nokkrir nemendur þátt í leik Rauða kross Íslands, Á flóttu. Þá hafa nemendur farið í heimsóknir til stofnana og samtaka til að kynna sér ólík verkefni á sviði þróunarsamvinnu.
<b>Lifandi bókasafn</b>	Heimsóknir frá fulltrúum samtaka, stofnana og fyrirtækja.
<b>Sálfræði</b>	Sótt málstofur og/eða fyrirlestra í Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Einnig hafa verið heimsótt listasöfn, Héraðsdómur, fangelsi og Geðhjálp. Samstarf mótast mikið af því hvaða áfangar eru í kennslu hverju sinni en í grunninn er reynt að nýta umhverfið og nærliggjandi stofnanir eins og hægt er.
<b>Umhverfisfræði</b>	Heimsóknir t.d. í Landsvirkjun, Landgræðsluna, Umhverfisstofnun og umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Einnig hafa verið fengnir gestir til að fjalla um tiltekin viðfangsefni.
<b>Ferðalandafræði</b>	Heimsókn til Háskóla Íslands, Ferðamálastofu, Ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar og Þingvallahjódgarðs. Einnig hafa nemendur fengið heimsókn frá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum og fyrirlestur um tölvukortagerð. Þegar hefur verið til fjármagn til að fara með jarðfræðinema þá hafa Nesjavallavirkjun, Hellisheiðarvirkjun og Sogsvirkjanir verið heimsóttar á síðustu árum.
<b>Lögfræði</b>	Heimsókn á Alþingi og fylgst með þingfundi.
<b>Íþróttir</b>	Í heilsuræktarviku á skólaárinu 2012-2013 var Hreyfing og Sporthúsið heimsótt.



## Viðauki II – Niðurstöður Framhaldsskólapúlsins 2013

Matsþættir	Niðurstaða	Viðmiðun
Líðan og heilsa		
• Velliðan	5,3	5,0
• Sjálfsálit	5,1	5,0
• Stjórn á eigin lífi	5,2	5,0
• Þunglyndi	12,3%	10,0%
• Kvíði	11,0%	13,6%
• Athyglisbrestur	5,0%	9,1%
• Líkamsmynd	4,9	5,0
• Megrunarþráhyggja	6,0%	5,8%
• Megrun	35,8	29,1%
• Lotugræðgi	4,4%	4,0%
• Steranotkun	2,9%	2,0%
• Svefnleysi	38,2%	35,6%
Skólabragur		
• Viðhorf og hollusta gagvart skólanum	67,9%	58,9%
• Samsömun við nemendahópinn	5,3	5,0
• Stuðningur kennara	4,9	5,0
• Virk þátttaka nemenda í tímum	5,0	4,9
• Einelti	6,0%	8,4%
• Áreitni og ofbeldi	19,0%	20,6%
• Fjarvera: Seinkomur í tíma	54,4%	69,1%
• Fjarvera: Skróp í tíma	45,2%	56,6%
• Fjarvera án leyfis heilan dag	17,0%	28,6%

### Viðauki III - Svör kennara um hvort og hvernig námsmatsaðferðir hafi breyst við innleiðingu á lögum um framhaldsskóla frá árinu 2008

Fag	Breyting á námsmati
Danska	<ul style="list-style-type: none"> <li>Námsmat er í formi símats í áfanganum sem nær yfir heilt skólaár.</li> <li>Vægi prófs í lok skólaárs hefur minnkað og er nú 20%.</li> </ul>
Handmennt	<ul style="list-style-type: none"> <li>Engin, áfram símat.</li> </ul>
Efna- og eðlisfræði	<ul style="list-style-type: none"> <li>Vægi lokaprófa minna en áður. Vægi þeirra er þó breytilegt eftir brautum, frá um 25% og upp í 65%. Meira vægi á náttúruvísindabraut.</li> <li>Meiri áhersla er á hópavinnu, verkefnavinnu og verklegar æfingar.</li> <li>Minni áhersla er á fyrirlestra og nálgun á verklegar æfingar er fjölbreyttari en áður.</li> <li>Auk lokaprófs byggir námsmat mikið á þátttöku nemenda, svo sem vinnu í tímum, skilum á ýmsum verkefnum, skilum á könnunum og verklegum æfingum. Oft án þess að beinar einkunnir fylgi, frekar er horft á það hvort nemandinn er virkur.</li> </ul>
Enska	<ul style="list-style-type: none"> <li>Engin breyting.</li> <li>Námsmat alltaf verið fjölbreytt, s.s. símat, skrifleg próf og kannanir, skrifleg og munnleg verkefni af ýmsu tagi ásamt margvíslegri annarri verkefnavinnu.</li> </ul>
Félagsfræði, hagfræði, náms- og starfsval og nýnemafræðsla	<ul style="list-style-type: none"> <li>Vægi lokaprófa minnkað, nú mest 40% af lokaekunn.</li> <li>Hefðbundin skrifleg próf mest í áföngum á 1. og 2. þrepi.</li> <li>Mikil verkefnavinna sem skiptist í einstaklings-, para- og hópavinnu.</li> <li>Stígandi í náminu meiri. Munur á áföngum eftir þrepi.</li> <li>Í 3. þreps áföngum er lögð áhersla á að nemendur nýti þekkingu og leikni í krefjandi rannsóknarverkefnum.</li> </ul>
Franska	<ul style="list-style-type: none"> <li>Samskiptahæfni gert hærra undir höfði.</li> <li>Dregið úr mati á málfræðikunnáttu einni og sér.</li> <li>Munnlegi þáttur námsins fengið aukið vægi.</li> <li>Aukið vægi símats í fyrstu fjórum áföngum í frönsku. Þar gildir lokapróf ekki meira en 50% en var áður 60-70% af námsmati.</li> <li>Í efri áföngum er mest unnið með ýmis konar þemu og fjölbreytt munnleg og skrifleg verkefni unnin. Þar er allt námsmat símat líkt og fyrir</li> </ul>

Úttekt á starfsemi Kvennaskólans í Reykjavík 2014

	breytingu.
Íslenska	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vægi símats á önn jókst en dregið úr vægi lokaprófs.</li> <li>• Áhersla lögð á að auka enn frekar virkni nemenda með alls kyns verkefnum.</li> </ul>
Líkams- og heilsurækt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Dregið úr áherslu á líkamlega getu nemenda. Námsmat byggir á þátttöku og framkvæmd mælinga en ekki niðurstöðum þeirra.</li> <li>• Kennsla byggð á fræðilegri þekkingu, verklegri hæfni og breytingum á viðhorfi til hreyfingar og heilsuefningar.</li> <li>• Einstaklingsmiðað nám í meira mæli.</li> </ul>
Náttúrufræðigreinar	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hlutfall símats hefur aukist mjög og hlutfall lokaprófa minnkað á móti.</li> <li>• Símat byggir á verkefnavinnu í tímum, stærri skilaverkefnum, niðurstöðum úr könnunum á önn, skilum á skýrslum úr verklegum æfingum, þó í mismunandi hlutföllum eftir greinum.</li> <li>• Einnig hefur vinna kennara aukist, t.a.m. við að útbúa verkefni, ganga eftir skilum nemenda og útreikning á lokaeinkunn.</li> </ul>
Saga	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Enn megináhersla á kannanir og lokapróf á prófatíma.</li> <li>• Í val- og þriðja þreps áföngum er aukið vægi vinnu, verkefna og ástundunar, en þó er yfirleitt einnig próf í flestum áföngum á prófatíma.</li> </ul>
Sálfræði	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Verkefni aðlöguð að nýju kerfi með hliðsjón af því á hvaða þrepi áfanginn er.</li> <li>• Stígandi í kröfum er skýrari og kerfið nýtt til þess að skapa eðlilega þróun á kröfum milli þrepa.</li> <li>• Aukin áhersla á að nemendur vinni verkefnavinnu í skólanum og að þau meti bæði eigin vinnu og annarra.</li> </ul>
Uppeldisfræði	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Reynt að finna jafnvægi milli vinnu nemenda í skólanum og heima og verkefni miðuð við það.</li> <li>• Vinna og framsetning á verkefnum hefur breyst.</li> <li>• Vinna nemenda í verkefnum fer meira fram innan skólans undir leiðsögn kennara sem veitir endurgjöf.</li> <li>• Aukin áhersla á að tengja vettvang við fræði í einstökum áföngum.</li> <li>• Breyting á kennsluháttum.</li> </ul>
Stærðfræði	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hefur breyst hægt og sígandi á þann veg að vægi símats hefur aukist og vægi lokaprófa minnkað.</li> <li>• Þá er reynt að auka fjölbreytni viðfangsefna, bæði efnislega og hvað varðar vinnubrögð.</li> </ul>
Þýska	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Námsmat ekki breytt í framhaldi af innleiðingu.</li> <li>• Námsmat er í stöðugri skoðun m.t.t. þess að jafna vægi hinna ólíku færniþátta í skilningi Evrópska tungumálarammans.</li> </ul>

## Viðauki IV – Tillaga að uppröðun í skólanámskrá Kvennaskólans

### Skólinn

- Ágrip af sögu skólans
- Menntun og áherslur á grunnþætti
- Framtíðarsýn Kvennaskólans og áherslur í starfi
- Húsnæði
- Skólabragur
- Yfirstjórn skólans
- Skipurit Kvennaskólans í Reykjavík
- Starfsfólk
- Foreldrasamstarf
- Foreldraráð
- Skólanefnd
- Skólaráð
- Kennarafundir
- Skólafundir
- Skólasamningur
- Innra mat
- Réttindi og skyldur
  - Velferð nemenda
  - Réttur nemenda til náms
  - Þjónusta við nemendur
  - Nemendur með sérþarfir
  - Nemendur sem vantar undirstöðu í íslensku
  - Gjaldtaka opinberra framhaldsskóla
  - Meðferð gagna
- Skólareglur
  - Skólasóknarreglur
  - Hegðun og umgengni
  - Prófareglur
  - Siðareglur
  - Meðferð ágreiningsmála og ferill þeirra mála sem upp kunna að koma
- Félagslíf nemenda
  - Keðjan
  - Helstu félög og viðburðir í félagslífi nemenda
- Erlend samskipti
  - Alþjóðlegt samstarf
  - Utanlandsferðir nemenda á vegum skólans

### Þjónusta

- Skrifstofa
- Viðtalstímar starfsfólks
- Umsjónarkennarar
- Bókasafn, gagnasafn og lesaðstaða
- Náms- og starfsráðgjöf
- Mötuneyti
- Tölvubúnaður og tölvunotkun

- Gjaldskrá, skólagjöld o.fl.

#### Námið

- Innritun
  - Innritun í framhaldsskóla
  - Inntökuskilyrði
  - Skólakynningar og opið hús
  - Skólagjöld
- Nám og kennsluhættir
  - Lokamarkmið náms við skólann
  - Lokamarkmið brauta skólans
  - Framhaldsskólaeining
  - Námstími
  - Nám og kennsluhættir
  - Námsbrautir og námsbrautalýsingar
  - Grunnþættir og lykilhæfni
  - Stúdentspróf
  - Sýnishorn af stúdentsprófsskírteini
  - Áfangalýsingar
  - Námsgreinar - eldri heiti
- Námsmat og námsframvinda
  - Námsmat
  - Einkunnagjöf
  - Reglur um námsframvindu
  - Frávik frá einkunnareglum
  - Reglur um endurtökupróf
  - Fall á bekk
  - Nemendur með greiningar
  - Prófareglur
  - Ágreiningur og ferill mála vegna brota á prófareglum
  - Mat á námi frá öðrum skólum
  - Mat á starfs- og listnámi
  - Mat á íþróttum
- Undanþágur frá aðalnámskrá
  - Námsgreinar og námsáfangar
  - Nemendur með annað móðurmál en íslensku
  - Afreksfólk í íþróttum

#### Áfangar

#### Stefnur og áætlanir

- Stefnur
  - Jafnréttisstefna
  - Umhverfisstefna
  - Heilsustefna
  - Forvarnarstefna
  - Starfsmannastefna
  - Stefna um öryggismál